


**HJÖRDÍS GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR**
*Indverskur pottréttur á við á öllum stundum*
• matur • helgin
**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**

**MAGNÚS SCHEVING**
*Bæjarstjóri Latabæjar vill hreyfa við heiminum*
**FÖSTUDAGUR FYLGIR**




**PÁLMI GESTSSON**
*Hörkupúl að vera hafnarvörður*
Leysir bróður sinn af í höfninni á Bolungarvík
**FÓLK 30**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. júlí 2008 — 180. tölublað — 8. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Skorar hátt



Auglýsingar Jóns Gnarr fyrir Símann fá frábæra einkunn í sérstökum mælingum.
**FÓLK 38**

### Íslenskar myndir á DVD



Áform eru uppi um að allar íslenskar myndir verði gefnar út á DVD. Friðrik Þór ríður á vaðið.
**FÓLK 38**

### Fær næringuna úr sokki

Benedikt Hjartarson ætlar að synda yfir Ermarsund á 14-16 tímum.
**TILVERAN 12**

### Keflavík sló FH út



Keflvíkingar slógu bikarmeistara FH út í VISA-bikar karla í gær á meðan Valsarar lutu í gras gegn Blikum. Þá unnu KR-ingar Fram.
**ÍÞRÓTTIR 34**

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART VESTAN TIL** Í dag verður hæg austlæg átt. Dálítil væta á landinu austanverðu en lengst af bjartviðri vestan til. Hiti 14-23 stig, hlýjast til landsins vestan til.
**VEÐUR 4**

# Baugur Group fer úr landi

**FL Group verður eignarhaldsfélagið Stoðir. Kaupa kjölfestuhlut í Baugi Group, sem flytur höfuðstöðvar sínar úr landi og hefur selt Bónus og Hagkaup til Gaums. Fons kaupir Northern Travel Holding.**

**VIÐSKIPTI** Baugur Group lauk í gærkvöldi við sölu allra eigna á Íslandi og mun eftirleiðis leggja áherslu á fjárfestingar í smásöluverslun í Bretlandi, Norðurlöndunum og Bandaríkjunum.

Nafni fjárfestingarfélagsins FL Group hefur verið breytt í Stoðir, eignarhaldsfélag. Stoðir festu í gærkvöldi kaup á kjölfestuhlut í Baugi Group af Styrk Invest. Eftir viðskiptin munu Stoðir fara með tæplega fjórutíu prósenta eignarhlut í Baugi.

„Með þessum aðgerðum er eiginfjárgrunnur Stoða styrktur myndarlega og fjórðu stoðinni rennt undir félagið. Um leið höfum viðnáð að tryggja endurfjármögnun Baugs. Það er mikill léttir og viðurkenning fyrir okkur í því árferði sem er á alþjóðlegum lánamörkuðum. Þá getum við loksins aftur farið að spila sóknarbolta í stað þess að hanga endalaust í vörn," segir Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs.

Fjárfestingarfélagið Gaumur, sem Jón Ásgeir á ásamt eiginkonu sinni Ingibjörgu Pálmadóttur, Kristínu systur sinni og foreldrum sínum, Jóhannesi Jónssyni og Ásu K. Ásgeirsdóttur, hefur keypt Haga, sem rekur meðal annars Bónus og Hagkaup.

Stoðir hafa jafnframt selt allan 34,8 prósent eignarhlut sinn í Northern Travel Holding, sem er móðurfélag Iceland Express, Sterling og fleiri fyrirtækja í ferðaiðnaði. Það er Fons ehf. sem kaupir og greiðir fyrir með hlutabréfum í Stoðum.

Eftir breytinguna verður meginhluti starfsemi Baugs í London og verður ákvörðun um flutning höfuðstöðva félagsins tekin á aðalfundi þann 18. júlí næstkomandi, að sögn Gunnars Sigurðssonar forstjóra.

Hann segir að með þessari ákvörðun sé mikilvægt skref tekið þar sem þessi, auk annarra breytinga á eignasafni félagsins á undanförnum mánuðum, muni greiða fyrir aðgangi félagsins að alþjóðafjármagnsmörkuðum sem er lykilforsenda fyrir þeim framtíðaráformum sem stjórnendur og hluthafar félagsins hafa.

Heimild hefur fengist hjá Ríkisskattstjóra til að gera upp bókhald Baugs í pundum, en uppgjörsmynt Baugs hefur hingað til verið íslenska krónan.

Alls vinna um 50 þúsund starfsmenn hjá félögum í eigu Baugs í 3.900 verslunum víða um heim.

Stoðir hf. á eftir breytinguna ráðandi hluti í Glitni, Tryggingamiðstöðinni, Landic Property og nú Baugi Group, auk annarra fjárfestinga hér á landi og erlendis. Eigið fé Stoða eykst við þessi viðskipti um ríflega tuttugu milljarða króna.
**- bih /** **sjá síðu 4**



**Á FUNDI MEÐ FORSÆTISRÁÐHERRA** Geir Haarde forsætisráðherra tók ásamt fjórum öðrum ráðherrum og þingforseta þátt í glæsilegri hópreið á setningarathöfn Landsmóts hestamanna á Gaddstaðaflötum í gær. Þá átti Geir einnig orð við þetta myndarlega hross.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landsmót hestamanna sett á Hellu í blíðskaparveðri:

# Þá riðu ráðherrar um héruð

**HESTAR** Landsmót hestamanna var sett með glæsibrag í gærkvöldi á Gaddstaðaflötum við Hellu. Um 500 hross tóku þátt í glæsilegri hópreið á setningarathöfninni og tók þar þátt Geir H. Haarde forsætisráðherra ásamt fjórum öðrum ráðherrum, sem og forseta Alþingis. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, mennta- og íþróttamálaráðherra, fékk þann heiður að setja mótið.

Garðar Cortes tók lagið á milli ræðuhalda og brekkan tók svo vel undir í lok athafnarinnar þegar íslenski þjóðsöngurinn var sunginn um leið og fáni lýðveldisins var dreginn að húni.

Um sex þúsund manns voru mættir að Rangárbökkum í gær og mótshaldarar eru bjartsýnir á að allt að fimmtán þúsund manns munu mæta í blíðuna um helgina.
**- hbg**

Baráttan við verðbólguna:

# Bankastjórnin alltaf sammála

**EFNAHAGSMÁL „Brýnasta verkefnið er enn sem fyrr að ná tökum á verðbólgu," sagði Davíð Oddsson Seðlabankastjóri þegar hann tilkynnti um óbreytta stýrivexti Seðlabankans í gær. Þeir eru 15,5 prósent. „Frá því að ég kom í bankann hefur aldrei verið ágreiningur innan bankastjórnarinnar," sagði Davíð Oddsson þegar hann færði rök fyrir stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans í gær.**

**Þegar Davíð var spurður nánar út í samstöðu bankastjórnarinnar staðfesti hann að þar væri átt við stýrivaxtaákvarðanir.**

**Forstjóri Glitnis segir að bankinn virðist vera að bregðast við aðstæðum sem séu ekki á hans valdi. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir óbreytta vexti sýna að róðurinn verði áfram þungur. Formaður Vinstri grænna segir að ríkisstjórnin skuli vara sig í haust, sýni hún ekki árangur. Formaður Framsóknarflokksins segir að vaxtalækkun hefði vakið von.**
**- ikh /** **sjá síður 8 og 16**










## SPURNING DAGSINS



*Sigmar, geturðu ekki betur?*

„Ég held ég verði að segja pass.“

Sigmar Guðmundsson er nýhættur sem spyrill í spurningaþættinum Gettu betur eftir nokkurra ára starf.

Ögmundur Jónasson vill kröftuga Evrópuumræðu og undrast viðbrögð við grein:

# Fleiri kostir en EES og ESB

**STJÓRNMÁL** „Það er eins og maður hafi stigið á eitthvert ægilegt líkþorn,“ segir Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, sem í greinum í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu á miðvikudag sagði EES-samninginn skaðlegan og velti fyrir sér hvort úrsögn væri æskileg.

Uppskar hann kröftug viðbrögð úr röðum Evrópusinna, til dæmis formanns Evrópusamtakanna, sem sagðist stundum velta fyrir sér á hvaða öld Ögmundur lifði.

„Ég vil að Evrópuumræðan sé kröftug en hún hefur verið of þröng og það er einblínt á hvort við eigum að ganga í Evrópusambandið eða ekki,“ segir Ögmundur og telur fleiri kosti í stöðunni. Nefnir hann tvíhliðasamninga um tollalækkanir og aðrar ívilnanir.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Segir Brussel-valdið setja Íslendingum skorður sem stangist á við væntingar í lýðræðisríki.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Mér finnst Brussel-valdið vera að færa sig meira og meira upp á skaftið og setja okkur skorður sem ég tel stangast á við væntingar okkar í lýðræðislegu samfélagi,“ segir Ögmundur og á þar meðal annars við nýlegan úrskurð um Íbúðalánasjóð.

Ögmundur kveðst skilja sjónarmið þeirra sem vilja ganga í ESB en telur sjálfur að því fylgi fleiri ókostir en kostir. „Ákvarðanir eru teknar með ógagnsæjum og miðstýrðum hætti og fáir koma að þeim,“ segir hann. Nefnir hann Gatt-samningana sérstaklega sem hann segir framkvæmdastjórn ESB hafa gert í umboði ríkisstjórna aðildarríkja en án umræðu í þjóðþingum þeirra. **- bþs**

Svíi stal bát í Danmörku:

# Sofnaði við heimróðurinn

**DANMÖRK Drukkinn 78 ára gamall Svíi stal árabát eftir viðburðaríka nótt í Helsingjaeyri í Danmörku. Þegar hann reyndi að flýja til Svíþjóðar á bátnum sofnaði hann á leiðinni.**

**Maðurinn hugðist ferju frá Helsingjaeyri til Helsingborgar í Svíþjóð þegar hann uppgötvaði að hann átti ekki fyrir farinu. Þá brá hann á það ráð að taka árabát traustataki og róa sjálfur þessa fimm kílómetra yfir Eyrarsund. Hann sofnaði hins vegar á leiðinni og danska lögreglan náði honum stuttu síðar.**

**Eigandi bátsins hyggst ekki kæra manninn.** **- vsp**



**LEITAÐ AUSTUR** Tannlæknaþjónusta er meðal þess sem vinsælt er að kaupa í öðru landi á innri markaði Evrópu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þjónustufrelsi í ESB:

# Frelsi aukið til læknisþjónustu

**BRUSSEL, AP** Borgarar Evrópusambandsríkjanna munu geta sótt sér heilbrigðisþjónustu hvert sem er á innri markaði sambandsins án þess að þurfa fyrst að fá samþykki heilbrigðistryggingar sinnar í heimalandinu. Þetta kveður frumvarp að nýjum Evrópureglum á um, sem framkvæmdastjórn ESB birti í vikunni.

Þjónustufrelsið á innri markaðnum gerir nú þegar þegnum eins ESB-lands kleift að leita sér læknisþjónustu í öðru, en þeir þurfa þá almennt séð fyrst að fá heimild heimatryggingar sinnar.

Þessar reglur eiga líka við um ríkisborgara EFTA-ríkjanna á Evrópska efnahagssvæðinu, það er Íslendinga, Norðmenn og Liechtensteinbúa. **- aa**



**VIKURSÚLUVÍGSLA** Súlan við ráðhúsið sýnir að hæð vikursins var 165 sentimetrar eftir gosið.

Súlur settar upp í Eyjum:

# Tákna hæð vikursins eftir gos

**VESTMANNAEYJAR „Þetta á að sýna hæðina á vikrinum á hinum ýmsu stöðum bæjarins,“ segir Marinó Sigursteinsson en hann var sá sem setti upp þessar vikursúlur.**

**Goslokahátíðin í Eyjum hófst í gær en þá er lokum Heimaeyjargoss minnst. Vikursúlur voru settar upp til að sýna hæð vikursins eftir eldgosið. Við súlurnar er skráð í hversu mikla hæð vikurinn náði en þykkast náði vikurinn í sjö metra.**

**„Þetta sýnir aðallega hversu mikið afrek það var að hreinsa bæinn á sínum tíma,“ segir Marinó.** **- vsp**

## DANMÖRK

### Mogens Glistrup látinn

Danski stjórnmálamaðurinn Mogens Glistrup er látinn. Hann var 82 ára að aldri. Glistrup stofnaði Framfaraflokkinn danska árið 1972, en lengi vel var meginmálstaður hans sá að létta á skattbyrði Dana. Síðar vó andstaða við innflytjendur þyngra.

# Alræmdar aðstæður á Ítalíu

**Paul Ramses, flóttamaðurinn sem var rekinn úr landi í gær, lendir aftast á lista þúsunda flóttamanna og gæti verið í 18 mánuði í alræmdum ítölskum flóttamannabúðum. Kona hans og barn fara á aðrar slóðir.**

**FLÓTTAMENN** „Á Ítalíu má halda flóttamönnum í allt að átján mánuði í hálfgerðum búðum, þar sem ferðafrelsi er takmarkað og öryggi lítið. Íslensk yfirvöld eru að senda Ramses í mjög slæmar aðstæður,“ segir Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, formaður Íslandsdeildar mannréttindasamtakanna Amnesty International.

Keníumaðurinn Paul Ramses Oduor var sendur til Ítalíu í gærdag, eftir að hafa sótt um hæli hér á landi sem pólitískur flóttamaður. Kona hans og barn verða send til Svíþjóðar eða Kenía.

„Þúsundir flóttamanna bíða úrlausnar á Ítalíu og hann lendir aftast í þeirri röð. Þessi fjölskylda mun því ekki sameinast fyrr en eftir dúk og disk,“ segir Jóhanna.

Réttast væri að Ramses kæmi aftur hingað og yfirvöld „öxluðu þá ábyrgð“ sem þau beri samkvæmt mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. En það sé rauður þráður í flóttamannastefnu Íslendinga að stjórnvöld geri allt sem þau geti til að koma flóttamönnum til annarra ríkja.

Ítalskir blaðamenn greindu árið 2005 frá aðstæðum í búðum ítalska ríkisins fyrir flóttamenn og ólöglega innflytjendur.



**JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR**

Þeir lýstu barsmíðum og niðurlægingu. Lögreglan hefði stolið af flóttamönnum.

Ítölsk stjórnvöld neituðu þessu en nokkrir ítalskir þingmenn heimsóttu sama ár búðir nálægt Sikiley og sögðu þær hrörlegar; þar hefði skort vatn og hreinlætisaðstöðu. Þess hefði ekki verið gætt að fólkið hefði aðgang að þjónustu lækna og lögmanna.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur einnig gagnrýnt aðstæður í búðum Ítala. Útlendingastofnun tók beiðni Ramses ekki til formlegrar umfjöllunar, heldur vísaði til Dyflinnarsamkomulagsins, sem segir að flóttamann megi senda til þess lands sem veitti honum fyrst vegabréfaáritun. Í fyrra var þetta gert 24 sinnum á Íslandi.

Ramses stoppaði á Ítalíu á leið sinni hingað í janúar. Hann var sóttur af lögreglu í fyrradag og gisti nauðugur hjá útlendingadeild lögreglunnar um nóttina. Svo var honum vísað burt.

**klemens@frettabladid.is**



**KÚRDAR Í FLÓTTAMANNABÚÐUM ÍTALA** Ítalir hafa á síðustu árum verið sakaðir um að flytja flóttamenn úr landi án þess að kanna lagalegan rétt þeirra. Ómannúðlegar aðstæður eru sagðar einkenna sumar flóttamannabúðirnar. Dómsmálaráðherra svarar því ekki, hvort aðstæður á Ítalíu hafi verið kannaðar.
NORDICPHOTOS/AFP

## BJÖRN SVARAR EKKI

Dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, svaraði ekki spurningum um málið í gær.

Hann var spurður hvort stjórnvöld gerðust ekki sek um að slíta fjölskyldu í sundur með því að senda foreldrana í sitt hvort landið.



**BJÖRN BJARNASON**

Hvort mögulegt hefði verið að líta málið öðrum augum.

Hvað hann segði um þá fullyrðingu að rauði þráðurinn í flóttamannastefnu Íslands væri að koma sem flestum þeirra á herðar annarra ríkja.

Hvort aðstæður í flóttamannabúðunum á Ítalíu hefðu verið kannaðar.

Svona var svar dómsmálaráðherra, sem barst um kvöldmatarleytið: „Unnt er að kæra málið, sem er tilefni spurninga þinna til ráðuneytisins, og segi ég því ekkert um það mál. Almenn afstaða mín til þessara mála hefur birst í þeim frumvörpum til útlendingamála, sem ég hef flutt og alþingi samþykkt.“

Amnesty International sendi Birni einnig bréf í gær. Í því var mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna rifjuð upp og beiting Dyflinnar-samkomulagsins gagnrýnd.

Stjórnvöld voru þá hvött til að endurskoða ákvörðunina, í ljósi þess að stjórnvöld hefðu „gengið á rétt nýfædds sonar hans til að njóta umönnunar beggja foreldra“.

## KOM STARFI ABC Á LAGGIRNAR

„Ramses var að vinna hjá okkur frá því seint 2006 og til 2007,“ segir Þórunn Helgadóttir, hjá ABC-barnahjálp.



**ÞÓRUNN FYRIR MIÐJU**

„Hann hjálpaði okkur að koma starfi ABC á laggirnar úti í Kenía. En hann hætti þegar hann sneri sér að stjórnmálum og fór að vinna að framboði.

Það er ekki hægt að vera bæði hjá ABC og í stjórnmálum og hans hugur var í pólítíkinni. En hann var góður vinur okkar allra áfram.“

## TVEIR MÓTMÆLTU

Tveir menn fóru inn á afrein flugbrautar á Keflavíkurflugvelli til að mótmæla brottvísun Pauls Ramses í gærmorgun.

Upphaflega munu mennirnir hafa ætlað að loka Reykjanesbraut fyrir umferð og koma þannig í veg fyrir að Ramses yrði settur um borð í vélinni.

Eyjólfur Kristjánsson hjá lögreglunni á Suðurnesjum segir að litið sé á málið „grafalvarlegum“ augum og brotið varði allt að sex ára fangelsi.

Bíræfnir dekkjaþjófar náðust eftir ábendingar frá starfsmanni dekkjaverkstæðis:

# Borgaraleg skylda kom sér vel

**LÖGREGLUMÁL** „Þarna lét borgaralega skyldan til sín taka. Þetta sýnir að lögreglan getur unnið bæði hratt og vel þegar hún fær smá upplýsingar,“ segir Páll Stefánsson ljósmyndari. Eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudag var dekkjum og felgum af Volkswagen GTI bifreið Páls stolið á einkar ósvífinn hátt við Dalbraut. Málið hlaut farsælan endi í gær þegar Páll fékk dekkin sín aftur og lögreglan handtók þjófinn.

Það var athugull starfsmaður dekkjaverslunarinnar Pitstop í Dugguvogi sem þekkti felgurnar aftur eftir að hafa lesið umfjöllun Fréttablaðsins. Þjófurinn hafði þá komið með þær á verkstæðið og beðið um affelgun, því hann hafði í hyggju að mála felgurnar. Starfsmaðurinn hafði samband við Pál, sem kom upplýsingunum áfram til lögreglu. Maðurinn var svo handtekinn í gær. Páll fékk felgurnar í hendurnar tandurhreinar og óskemmdar.

„Þetta fór á besta veg,“ segir Páll, þakklátur að vonum. „Fólki sem ég hef heyrt í síðustu daga var mikið í mun að láta þjófana ekki komast upp með þetta, heldur vildi það ná þessum helvítis öpum,“ segir hann, alsæll yfir að þeim hafi orðið að ósk sinni í gær.

Lögregla rannsakar nú hvort umræddur dekkjaþjófur tengist þremur sambærilegum málum sem upp hafa komið á síðustu vikum. **- kg**



**ÞAKKLÁTUR** Páll Stefánsson ljósmyndari fékk felgurnar sínar hreinar og óskemmdar til baka.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Læknafélagið:

# Lítill árangur á samningafundi

**VINNUMARKAÐUR** Samningafundur lækna og samninganefndar ríkisins var árangurslítill í gær. Gunnar Ármannsson, formaður samninganefndar lækna, segir að læknar hafi lagt fram tillögu sem samninganefnd ríkisins hafi tekið sér tvo tíma til að skoða. Hún hafi svo komið til baka með sama krónutölutilboðið og áður, þó með smávægilegri útfærslu.

„Niðurstaðan er sú að það ber enn mikið í milli,“ segir Gunnar. „Við viljum semja fram í október 2009 og gera breytingar á vinnutíma- og hvíldartímaákvæðum. Þessi atriði skipta lækna og vinnuveitendur miklu máli. Við vildum samtvinna þetta í einn pakka en ríkisvaldið vildi ekki skoða það.“

Samningafundur hefur verið boðaður í næstu viku. **- ghs**



ENNEMM / SÍA / NM34571

## GENGIÐ 03.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 78,36 | 78,74 |
| Sterlingspund | 155,62 | 156,38 |
| Evra | 124,4 | 125,1 |
| Dönsk króna | 16,681 | 16,779 |
| Norsk króna | 15,476 | 15,568 |
| Sænsk króna | 13,164 | 13,242 |
| Japanskt jen | 0,7363 | 0,7407 |
| SDR | 128,09 | 128,85 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
159,2223

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hjúkrunarfræðingar undirbúa yfirvinnubann á fimmtudaginn kemur:

# LSH vonast eftir samningi

**VINNUMARKAÐUR** Forysta hjúkrunarfræðinga hefur fundað undanfarið með hjúkrunarfræðingum um allt land til að fara yfir það hvernig boðað yfirvinnubann virkar ef til þess kemur, hvaða reglur gilda og fara yfir stöðuna í kjaramálunum, nú síðast á félagsfundi í Neskaupstað í gærkvöld. Boðað yfirvinnubann hefst á fimmtudaginn kemur klukkan fjögur ef ekki verður búið að semja fyrir þann tíma.

Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarforstjóri Landspítala, LSH, segir að erfitt sé að segja til um það hvaða áhrif yfirvinnubann hafi á starfsemi spítalans. „Við erum frekar að horfa til þess að það náist samkomulag áður en til þess kemur og það er að mínu mati mjög mikilvægt að það verði," segir hún.



**HEF VÆNTINGAR** „Ég hef miklar væntingar til fundarins," segir Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarforstjóri á LSH. Þessi mynd er úr safni og tengist efni fréttarinnar ekki beint.

Unnið er samkvæmt sumaráætlun á LSH og er starfsemin í samræmi við það. Anna telur að yfirvinnubannið geti til dæmis komið niður á lyflækningasviði. Hún er þó ekki tilbúin til að greina frá því nú hvernig brugðist verður við.

„Við munum þurfa að grípa til ráðstafana ef til þessa yfirvinnubanns kemur en það er erfitt að segja til um það núna hverjar þær verða, það fer eftir aðstæðum þegar yfirvinnubannið skellur á ef það skellur á."

Samningafundur hefur verið boðaður á mánudag. Anna segir að enn sé tími til stefnu. „Við horfum til þessa samningafundar á mánudaginn. Ég hef miklar væntingar til fundarins," segir hún. **- ghs**

Matvælasérfræðingar álykta:

# Iðnríkin endurskoði stefnuna

**BRUSSEL, AP Stjórnvöld í Evrópu og Bandaríkjunum verða að endurskoða stefnu sína varðandi lífrænt eldsneyti með tilliti til hækkandi matvælaverðs í heiminum. Þetta fullyrtu talsmenn hjálparsamtaka og sérfræðingar í matvælamálum á fjölþjóðlegri ráðstefnu í Brussel.**

**Í máli frummælenda á ráðstefnunni kom enn fremur fram sú skoðun að hömlur sem mörg ríki hafa sett við útlutningi á búvörum gerðu miklum fjölda þurfandi fólks erfiðara að nálgast mat. Kallað var eftir stórauknum fjárfestingum í að auka landbúnaðarframleiðslu í þróunarlöndum, ekki síst í Afríku.** **- aa**

Stjórnmál í Malasíu:

# Anwar snýr vörn í sókn

**MALASÍA, AP** Anwar Ibrahim, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Malasíu, hefur heitið því að ná völdum innan skamms.



**ANWAR IBRAHIM**

Anwar var nýlega sakaður um samkynhneigð af fyrrverandi aðstoðarmanni. Samkynhneigð er glæpur í Malasíu sem getur varðað allt að tuttugu ára fangelsi. Anwar heldur því fram að ásakanirnar séu runnar undan rifjum ríkisstjórnarinnar, sem rói nú lífróður til að halda völdum.

Eitt helsta baráttumál Anwars er að lækka eldsneytisverð. Ríkisstjórn Malasíu hækkaði í síðasta mánuði bensínverð um 41 prósent og verð á disilolíu um 63 prósent. **- gh**

# Baugur Group selur allar eignir á Íslandi

**Fjárfestingarfélagið FL Group verður eignarhaldsfélagið Stoðir. Kaupir kjölfestuhlut í Baugi Group, sem selur allar eignir sínar hér á landi, þar með talið Hagkaup og Bónus, og flytur til London. Endurfjármögnun Baugs er í höfn.**

**VIÐSKIPTI** „Þetta eru mikil tímamót, því Baugur verður ekki lengur með neinar eignir á Íslandi og mun nú undirbúa flutning höfuðstöðva sinna til London og sinna eignasafni sem byggt hefur verið upp og við teljum afskaplega verðmætt til framtíðar," segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs. Fyrirtækið lauk í gærkvöldi við sölu allra eigna á Íslandi og mun eftirleiðis leggja áherslu á fjárfestingar í smásöluverslun í Bretlandi, Norðurlöndunum og Bandaríkjunum. Þar með hefur fyrirtækið Hagar, sem rekur Bónus og Hagkaup, verið selt fjárfestingarfélaginu Gaumi, en það er í eigu Jóhannesar Jónssonar, Ásu K. Ásgeirsdóttur og barna þeirra, Jóns Ásgeirs og Kristínar, auk félags í eigu Ingibjargar Pálmadóttur og Bague eignarhaldsfélags.

Nafni fjárfestingarfélagsins FL Group hefur verið breytt í Stoðir, eignarhaldsfélag. Stoðir hafa keypt kjölfestuhlut í Baugi Group af Styrki Invest. Viðskiptin eru gerð með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og samþykki hluthafafunda Stoða. Eftir viðskiptin munu Stoðir fara með tæplega fjörutíu prósenta eignarhlut í Baugi. Aðrir hluthafar í Baugi eru Kevin Stanford, Don McCarthy og Bague SA auk starfsmanna félagsins.

Stoðir hafa jafnframt selt allan 34,8 prósenta eignarhlut sinn í Northern Travel Holding, sem er móðurfélag Iceland Express, Sterling og fleiri fyrirtækja í ferðaiðnaði. Það er Fons ehf. sem kaupir og greiðir fyrir með hlutabréfum í Stoðum.

Fjármögnun Baugs til almenns reksturs og mögulegrar útvíkkunar á starfsemi erlendis hefur jafnframt verið tryggð, að minnsta kosti til næstu tveggja ára. „Það er mikill áfangi í því árferði sem er á alþjóðlegum lánamörkuðum. Við höfum lagt mikið á okkur til þess að klára þau mál og það er auðvitað mikill léttir að fjármögnun liggi nú fyrir," segir Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs.



**HÖFUÐSTÖÐVAR BAUGS GROUP VIÐ TÚNGÖTU Í REYKJAVÍK** Innan skamms verða þær væntanlega fluttar til Lundúna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftir breytinguna verður meginhluti starfsemi Baugs í London, en meðal stærstu fjárfestinga Baugs má nefna Iceland, House of Fraser, Mosaic Fashions og Hamleys, All Saints, Goldsmiths og Mappin and Web í Bretlandi, Magasin du Nord og Illum í Danmörku og Saks í Bandaríkjunum.

Gunnar Sigurðsson bendir á að kjölfestueignir Baugs í Bretlandi standi mjög sterkt, söluvöxtur sé upp á fjögur prósent á þessu ári og rekstrarhagnaður hafi aukist um fjórðung milli ára, sem tali sínu máli í því erfiða árferði sem nú ríki á breskum smásölumarkaði.

Alls vinna um sjötíu þúsund starfsmenn hjá félögum í eigu Baugs í 4.300 verslunum víða um heim.

Stoðir hf. á eftir breytinguna 32 prósenta hlut í Glitni, 99 prósenta hlut í Tryggingamiðstöðinni, 39 prósenta hlut í Landic Property og 39 prósenta hlut í Baugi Group, auk annarra fjárfestinga hér á landi og erlendis.

Helstu eigendur Stoða eru Gaumur og Ingibjörg Pálmadóttir. Þá er einnig stór hluti í eigu Þorsteins Más Baldvinssonar í Samherja, Pálma Haraldssonar í Fons og Magnúsar Ármann og Þorsteins M. Jónssonar. **bjorn.ingi@markadurinn.is**

## STOÐIR

**23% eignahlutur**

Glitnir er íslensk-norsk bankasamstæða með starfsemi í fimm löndum.

**99% eignahlutur**

Tryggingamiðstöðin á Íslandi. Dótturfélag TM í Noregi er Nemi Forsikring.

**39% eignahlutur**

Landic Property er eitt þriggja stærstu fasteignafélaga á Norðurlöndum. Félagið á um 600 fasteignir í Svíþjóð, Danmörku, Íslandi og Finnlandi.

**39% eignahlutur**

Baugur á eignahlut í fjölmörgum smásölufyrirtækjum í Bretlandi, Norðurlöndum og Bandaríkjunum.

Meðal annarra eigna: 49% hlutir í Refresco (49%), 26% hlutir í Royal Unibrew og helmingshlutur í Bayrock Group í Bandaríkjunum.

### BANDARÍKIN

**Engin lausn á olíuverði**

Engar augljósar skammtímalausnir eru til við hinu snarhækkaða olíuverði. Þetta sagði Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, eftir fund með ráðamönnum í Berlín. Hann telur þó að fjárfesting í vistvænni orkutækni og árangur í næstu lotu Doha-viðræðna Alþjóða viðskiptamálastofnunarinnar geti hjálpað til að hafa hemil á verðbólgu og hækkandi heimsmarkaðsverði á matvælum.

### ÁRÉTTING

Með fréttaskýringu í Fréttablaðinu á miðvikudag um umferðaröryggi fylgdi mynd af vélhjóli sem lent hafði í slysi. Tekið skal fram að ökumaður þess hjóls ók ekki á ólöglegum hraða, þótt umfjöllunin fjalli meðal annars um hraðakstur kappakstursthjóla eins og þeirra sem sjást á myndinni.

NÝ NORDSJÖ VERSLUN



Hugtök Maí 08

Nordsjö inni- og útimálningin þekur og endist betur.
Nordsjö gæðamálning sparar tíma og vinnu.

SérEfni
Nordsjö • International

Virka daga 08-18 , Laugardaga 10-14 • Lágmúli 7, bakhús • S: 517 0404

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**EIN STÆRSTA FERÐAHELGIN**
Vel horfir með veður þessa miklu ferðahelgi. Í dag verður bjartast á vestanverðu landinu með hita allt að 22 stigum. Á morgun verður bjartast á Norður- og Austurlandi með hita allt að 24 stigum. Á sunnudag verður víðast bjart með hita allt að 20 stigum, til landsins.



**Á MORGUN**
Hægviðri eða hafgola.
Síðdegisskúrir syðra.

**SUNNUDAGUR**
Hægviðri eða hafgola.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Billund | 24° |
| Ósló | 28° |
| Stokkhólmur | 23° |
| Gautaborg | 21° |
| Helsinki | 25° |
| Eindhofen | 23° |
| Amsterdam | 20° |
| London | 21° |
| Berlín | 22° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 26° |
| París | 24° |
| Basel | 24° |
| Barcelona | 26° |
| Alicante | 29° |
| Algarve | 27° |
| Tenerife | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Hafðu það gott um helgina!

OPIÐ til 20 alla daga




**Lambalæri** úr kjötborði
**1.096 kr/kg**
Verð áður 1.565.-




389 kr/kg
Merkt verð 599.-

**Partývængir**
- marineraðir




506 kr/kg
Merkt verð 779.-

**Kjúklingaleggir**
- í Texas marineringu




1.416 kr/kg
Merkt verð 1.888.-

**Folaldavöðvar**
- marineraðir í Cajp´s




2.449 kr/kg
Verð áður 3.498.-

**Lambainnralæri**
- með myntu, sítrónu og hvítlauk



## Spennandi nýjungar tilbúnar beint á grillið!



**Grillbrauð**
- frábær með grilluðum mat




**Prins kex**
- súkkulaði vöfflur og heilhveitikex




**Malta, Hrís, Kókósbitar og rúsínur**

Gildir til 6. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að að skipulögð og harðsvíruð glæpagengi séu að ná styrkri fótfestu hér á landi?*

| | |
|---|---|
| Já | 85,8% |
| Nei | 14,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að íslensk lögregla fái heimild til forvirkra rannsóknaraðgerða?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Enn hefur ekki verið ráðið í stöðu mannréttindastjóra Reykjavíkur:

# Reyndir ekki boðaðir í viðtal

**MANNRÉTTINDI** „Ég hef ekki verið boðaður í viðtal þó að ég hafi áratuga reynslu af mannréttindamálum,“ segir Arnþór Helgason blaðamaður.

Umsóknarfrestur um stöðu mannréttindastjóra Reykjavíkur rann út 26. maí síðastliðinn. Enn er ekki búið að ráða í stöðuna. Í auglýsingunni stóð að ráða ætti í stöðuna sem fyrst.

Arnþór Helgason var formaður Öryrkjabandalagsins frá 1986-1993 og framkvæmdastjóri þess frá 2000-2005 og hefur verið ötull innan félagsmálaráðs Seltjarnarnes. „Ég sótti um af því ég taldi að ég ætti talsvert erindi í þetta.“



**ARNÞÓR HELGASON** Segist hafa áratuga reynslu af mannréttindamálum en var ekki boðið í viðtal. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Marta Guðjónsdóttir, formaður Mannréttindaráðs, segir að verið sé að ganga frá málinu. „Þeir sem uppfylltu skilyrði auglýsingar voru boðaðir í viðtal,“ segir Marta en samkvæmt Mörtu þurfti umsækjandi að hafa þekkingu á mannréttindamálum og reynslu af opinberri stjórnsýslu.

Einn umsækjanda um starfið sem er með meistarapróf á sviði mannréttinda og hefur reynslu af hjálparstarfi var heldur ekki boðaður í viðtal.

„Ég ætla að fara fram á rökstuðning fyrir því af hverju þetta er svona. Embættiskerfið í Reykjavíkurborg er augljóslega mjög þunglamalegt og þessi vinnubrögð eru forkastanleg og ófagleg.“ **- vsp**

Stjórnmálaátök á Tyrklandi:

# Hershöfðingjar handteknir

**TYRKLAND, AP** Tyrkneska lögreglan handtók í vikunni 24 menn, þar á meðal tvo fyrrverandi hershöfðingja, sem grunaðir eru um samsæri um valdarán.

Handtökurnar eru hluti af deilu hins íslamska stjórnarflokks og veraldlegra þjóðernissinna í stjórnarandstöðu sem óttast að ríkisstjórnin vilji koma á íslömskum lögum í Tyrklandi.

Yfirsaksóknari landsins hefur höfðað mál fyrir stjórnlagadómstóli ríkisins til að fá stjórnarflokkinn, Réttlætis- og þróunarflokkinn, leystan upp fyrir að grafa undan veraldlegum gildum stjórnarskrárinnar. **- gh**

Norskur gísl í Kólumbíu:

# Keyptur laus úr gíslingu FARC

**NOREGUR, AP Norska utanríkisráðuneytið upplýsti í gær að kólumbíska uppreisnarhreyfingin FARC hefði látið Norðmanninn Alf Onshuus Nino lausan úr gíslingu í gærmorgun. Ættingi sagði lausnarfé hafa verið greitt.**

**Tæpt hálft ár er síðan Nino og fimm Kólumbíumönnum, þar á meðal kærustu hans, var rænt.**

**Talsmaður ráðuneytisins í Ósló lagði áherslu á að frelsun Nino tengdist ekkert frelsun Ingrid Betancourt og fjórtán annarra gísla úr haldi FARC í fyrradag.**

**Frændi Ninos, Björn Omdal Onshuus, sagði í útvarpsviðtali að lengra væri síðan kærastan, Ana Aldana Serrano, hefði verið látin laus til að hún gæti hjálpað til við að útvega lausnarféð. - aa**

Dráttarvélarslys í Þýskalandi:

# Dýrkeypt tóbak

**ÞÝSKALAND, AP** Þýskur bóndi lærði af sárri raun um hættur reykinga.

Meðan hann stóð í verslun að kaupa sér sígarettur rann dráttarvél sem hann hafði lagt utan við verslunina af stað niður brekku með 25 tonn af kartöflum í eftirdragi. Traktorinn lenti á kyrrstæðum bíl og kramdi hann upp að vegg. Bíllinn er ónýtur en ekki sést á traktornum að sögn lögreglu. **- gh**

**FLÓAHREPPUR**

### Allt sorp flokkað í Flóa

Íbúar Flóahrepps munu flokka allan úrgang sem kemur frá heimilum þeirra, samkvæmt samningi sem hreppurinn gerði við Íslenska gámafélagið. Gert er ráð fyrir að urðað sorp minnki um allt að áttatíu prósent á næstu árum með þessum aðgerðum.

# Næstum þrítug en fékk ekki að tjalda

**28 ára lyfjafræðingi var um síðastliðna helgi vísað frá tjaldstæðinu í Laugarási í Biskupstungum. Hefðu mátt koma ef börn og tjaldvagn hefðu verið með í för. „Ungt fólk á ekki samleið með fjölskyldufólki,“ segir umsjónarmaður svæðisins.**

**ÚTIVIST** „Við leyfum ekki öllum að tjalda hér. Ungt fólk fær ekki að vera ef það er ekki með börn eða tjaldvagn og annað,“ segir Snæbjörn Magnússon, umsjónarmaður tjaldsvæðisins í Laugarási í Biskupstungum.

Kristínu Laufeyju Steinadóttur lyfjafræðingi var um síðustu helgi vísað frá tjaldstæðinu en hún var þar á ferðalagi ásamt tveimur vinkonum. Tvö pör sem einnig eru vinafólk höfðu slegist í hópinn.

Kristín Laufey er 28 ára gömul og hitt fólkið á svipuðum aldri. Þau ætluðu að eiga góða stund í íslensku sumri, grilla og fara í gönguferðir.

„Við vorum ekki með börn í aftursætinu og þess vegna ekki boðin velkomin,“ segir Kristín Laufey. „Okkur var sagt að ef við værum með börn mættum við koma en ef við ætluðum að búa til börn þyrftum við að fara annað.“

Kristínu Laufeyju fannst hún mæta fordómum. „Ég hef aldrei gerst sek um að vera með læti eða eyðileggja neitt. Þess vegna finnst mér undarlegt að mæta svona viðhorfi að nálgast þrítugt.“

„Við rekum hér fjölskyldutjaldstæði og ungt fólk á ekki samleið með því,“ segir Snæbjörn. „Ungt fólk er fjörugra og skemmtir sér lengur, en hér á tjaldstæðinu á að vera ró frá miðnætti.“

Snæbjörn ætlar þó að bregða út af vananum eina helgi síðsumars og leyfa bara ungu fólki að tjalda í Laugarási.

„Þá má unga fólkið hafa hátt, vera til og skemmta sér,“ segir Snæbjörn. „Þá helgi verður fjölskyldufólkinu bannað að koma til að trufla ekki krakkana.“

helgat@frettabladid.is



**ÚTILEGA** Fjölskyldufólk er ekki talið eiga samleið með ungu fólki á tjaldstæðinu í Laugarási. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Okkur var sagt að ef við værum með börn mættum við koma en ef við ætluðum að búa til börn þyrftum við að fara annað.
>
> **KRISTÍN LAUFEY STEINADÓTTIR**
> LYFJAFRÆÐINGUR






Heimsþekkt vörumerki eins og Sonia Rykiel, Bonpoint, Jamin Puech, Orla Kiely og fleiri...

KISAN
CONCEPT STORE
Laugavegi 7 101 Reykjavík
Sími 561 6262 **www.kisan.is**

Opnunartími:
mán - fim 10:30 - 18:00
fös 10:30 - 19:30
laugardaga 10:30 - 18:00

Gerir maður kostakaup í Fríhöfninni?

# Mikill verðmunur á flestu

***Stefán Jónsson skrifar:** Ég var að skoða linsur fyrir Canon SLR myndavélar og komst að því að Canon EF 50mm f/1,8 II linsa er dýrari í Elko í Fríhöfninni (11.999) en í hinum Elko búðunum (11.495). Hvert fer 24,5% virðisaukaskatturinn?*

Ólafur Ingi Ólafsson, rekstrarstjóri ELKO flughafnarverslunar, svarar: „Veltuhraðinn hjá okkur er meiri en í búðunum í bænum, sem þýðir að bak við verðið hjá okkur liggur alltaf nýjasta kostnaðarverðið. Í þessu dæmi er varan líklega ekki til í raun þótt lægra verð sjáist á netsíðunni, eða er þá hluti af eldri pöntun. Gegnumsneitt er reglan sú að verðin hjá okkur eru tuttugu prósentum lægri en í öðrum Elko-verslunum og við reynum okkar besta til að geta staðið við hana.“

Rúnar Guðlaugsson, innkaupastjóri Fríhafnarinnar, segir almennt um verðlagið: „Við leggjum mikinn metnað í að verð sé í lagi og miðað við margar erlendar flughafnir komum við vel út. Flugstöðin er fríhafnarsvæði og allir söluaðilar eru undanþegnir virðisaukaskatti. Það er mismunandi hversu hár skatturinn er eftir vöruflokkum. Á sælgæti er hann ekki nema sjö prósent, en við reynum samt að hafa sælgæti fimmtán prósentum ódýrara svo fólk finni mun. Tóbak er 50-60 prósentum ódýrara og sterkt áfengi allt að sjötíu prósentum ódýrara. Það er minni munur í léttara áfengi. Léttvín eru um þrjátíu prósentum ódýrari og bjór 55 prósentum ódýrari. Snyrtivörur eru svo að jafnaði um tuttugu prósentum ódýrari í Fríhöfninni en annars staðar á landinu.“



**FRÁ FLUGHÖFNINNI** Í flestum tilfellum hægt að spara, en betra að hafa vaðið fyrir neðan sig.

Og enn um neytendamál í Flughöfninni, **Sigþór Bragason skrifar:** *Keypti evrur í Glitni kl. 15, þá kostaði evran 118 kr. Morguninn eftir keypti sonur minn evrur í Landsbankanum í Leifsstöð og kostaði þá hver evra 123 kr, eða fimm krónum meira. Passið ykkur, látið ekki ræna ykkur nývöknuð og glöð á leið í fríið!*

Landsbankinn í Leifsstöð selur gjaldeyri einu prósenti dýrara en önnur útibú, að sögn vegna þess að opnunartíminn er lengri (opið er í brottfararsal frá kl. 5 til 18 alla daga). Það er álitamál hvort eitt prósent teljist „rán“. Fimm krónu muninn í dæmi Sigþórs má því frekar skrifa á gengisflökt, sem er algengt um þessar mundir.



**DR. GUNNI** Umboðsmaður neytenda

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**

# Njóttu helgarinnar!

netto

900g
ÓTRÚLEGT
VERÐ!



SAFARÍKAR
KJÚKLINGABRINGUR
**869** kr/pk.



30% afsláttur
HAMBORGARAR
2x175g
**398** kr
~~568~~ kr



40% afsláttur
GOÐA
UNGNAUTAHAKK
**899** kr/kg
~~1.498~~ kr



40% afsláttur
GOÐA
BBQ GRÍSARIF
**862** kr/kg
~~1.436~~ kr/kg




30% afsláttur
GOÐA
LAMBALÆRI - VILLIKRYDDAÐ
**1.392** kr/kg
~~1.989~~ kr/kg




50% afsláttur
SYKURPÚÐAR
**99** kr/pk
~~198~~ kr/pk




DVD fylgir með
6X2L KIPPA
PEPSI MAX
**990** kr

TILBOÐIN GILDA 3. - 6. JÚLÍ

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Um hversu mörg stöðugildi var fækkað hjá RÚV ohf. á dögunum?*
2. *Hve hátt er heildaraflamark í þorski á næsta fiskveiðiári?*
3. *Hvaða hljómsveit mun frumflytja nýtt tónverk eftir Benna Hemm Hemm í Háskólabíói á mánudag?*

SJÁ SÍÐU 38

Botnfisksstofnar í lögsögu Færeyja mælast í sögulegri lægð:

# Boða mikinn niðurskurð veiða

**FÆREYJAR** Alþjóðahafrannsóknaráðið, ICES, hefur annað árið í röð lagt til að engar þorskveiðar verði í lögsögu Færeyja á næsta fiskveiðiári. Hrygningarstofninn sé nú orðinn minni en nokkru sinni frá því mælingar hófust árið 1961. Tórbjörn Jakobsen, sem fer með sjávarútvegsmál í færeysku landstjórninni, hefur boðað tillögu um fimmtíu prósentum minni þorskveiði.

Útlitið er reyndar einnig mjög alvarlegt fyrir aðrar botnfiskstegundir við Færeyjar. ICES leggur til að engin ýsa verði veidd á næstu vertíð og að sóknin í ufsa verði minnkuð um fimmtung.

Unnið er að tillögum að sóknarmarki næsta fiskveiðiárs í færeyska sjávarútvegsráðuneytinu. Að því er Andreas Kristiansen, deildarstjóri í ráðuneytinu, upplýsir í samtali við Fréttablaðið verður tillagan lögð fram í Lögþinginu 29. júlí, en í Færeyjum er lokaákvörðunin um sóknar- og aflamark í höndum þingsins, á grundvelli tillögu sjávarútvegsráðherrans.

„Þetta eru erfiðir tímar og enn erfiðari framundan. Það er hrein nauðsyn að minnka sóknina til að stofnarnir geti endurnýjað sig,“ segir Kristiansen.

- aa



**FÆREYJAR** Deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneyti Færeyja segir erfiða tíma fram undan.

G8-iðnveldahópurinn:

# Bandaríkjamenn skussar

**BERLÍN, AP Bandaríkjamenn hafa langminnst aðhafst til að stemma stigu við hlýnun loftslags, í samanburði við hin sjö mestu iðnveldi heims í G8-hópnum svonefnda. Þetta kemur fram í skýrslu sem birt var í gær í tilefni af leiðtogafundi G8, sem fer fram í Japan eftir helgi.**

**Framkvæmdastjóri loftslagsáætlunar alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna WWF í Þýskalandi sagði að ef leiðtogarnir vildu sýna af sér ábyrgð yrðu þeir að skuldbinda lönd sín til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40 prósent fyrir árið 2020 og 80 prósent fyrir árið 2050.**

- aa

Eldflaugavarnir í Póllandi:

# Grunnsamkomulag í höfn

**PÓLLAND, AP** Forsætisráðherra Póllands átti í gær fund með sendiherra Bandaríkjanna í Varsjá, daginn eftir að erindrekar beggja ríkja greindu frá því í Washington að grundvallarsamkomulag hefði náðst um að koma fyrir bandarískum eldflaugavörnum í Póllandi.



**DONALD TUSK**

Donald Tusk forsætisráðherra hefur sagt að samkomulag um að koma upp gagneldflaugaskotstöð fyrir hið hnattræna eldflaugavarnakerfi Bandaríkjamanna myndi gagnast öryggi Póllands. Pólverjar hafa farið fram á aukna hernaðaraðstoð frá Bandaríkjamönnum í tengslum við hýsingu eldflaugavarnastöðvarinnar.

- aa

Útrás 66°Norður í Danmörku

# Tvær verslanir opnaðar í haust

**VIÐSKIPTI Verslunin 66°Norður opnar tvær nýjar búðir í Danmörku í haust.**

**Önnur þeirra verður í Nörreport í Kaupmannahöfn en hin í Magasin du Nord í Árósum.**

**Fyrirtækið hóf nýverið samstarf við danska herinn. Gerður var samningur á milli 66°Norður og hersins varðandi kaup á fatnaði fyrir eina af herdeildum hans.**

**Um er að ræða Sirius-herdeildina en hún starfar að vörnum í óbyggðum nyrsta hluta Grænlands.**

- hþj



**AUSTURVÖLLUR** Veðrið lék við borgarbúa mestallan júní.

Gott veður í höfuðborginni:

# Óvenju sólríkt og þurrt í júní

**VEÐUR** Júnímánuður var óvenju sólríkur og þurr í Reykjavík. Hiti var einnig vel yfir meðallagi, meðalhiti mældist 10,6 stig sem er svipað og undanfarin þrjú ár eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands.

Júní var hins vegar sá kaldasti á Akureyri frá 2001, meðalhiti var 9,1 stig sem þó er í meðallagi.

Norðaustlæg átt var ríkjandi í mánuðinum með hlýindum um sunnan- og vestanvert landið og hita lítillega yfir meðallagi við sjóinn norðan- og austantil á landinu en kaldara var þar inn til landsins.

- ht

# Áfram þungur róður

**Stýrivaxtalækkun hefði vakið nýja von, segir formaður Framsóknarflokksins. Ríkisstjórnin þarf að vara sig í haust, segir formaður Vinstri grænna. Vonbrigði að ekki hafi tekist að slá á verðbólguna, segir þingmaður Sjálfstæðisflokksins.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þessi ákvörðun sendir þau skilaboð að róðurinn verði áfram þungur,“ segir Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um óbreytta stýrivexti Seðlabankans.

Bankastjórn Seðlabankans tilkynnti í gær að vextir yrðu áfram 15,5 prósent. „Brýnasta viðfangsefnið er enn sem fyrr að ná tökum á verðbólgunni,“ sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri.

Ákvörðun bankans kom engum viðmælanda Fréttablaðsins á óvart.

„Ég harma að stýrivaxtalækkun fari ekki að líta dagsins ljós,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. „Það hefði kallað á bjartsýni og nýja von.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segist óttast vont haust og verri vetur. Ríkisstjórnin ætti að gá að sér. „Það er ekki víst að hún kembi hærurnar í haust ef menn hafa ekki fengið það á tilfinninguna að hún nái tökum á ástandinu.“

Gunnar Svavarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir það alltaf slæmt þegar vextirnir séu háir, krónan gefi eftir og verðbólgan sé mikil.

„Atvinnulíf fær ekki fé frá fjármálastofnunum og róðurinn er að þyngjast,“ segir Vilhjálmur Egilsson hjá Samtökum atvinnulífsins. „Ég tel að bankinn hafi haft ærið tilefni til að lækka vexti núna segir Vilhjálmur.“

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka



**BANKASTJÓRN SEÐLABANKANS** Óbreyttir stýrivextir komu engum viðmælenda Fréttablaðsins á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

iðnaðarins, telur hugsanlegt að Seðlabankinn hafi áhyggjur af vinnumarkaðnum og haldi vöxtum háum til að draga úr væntingum um launahækkanir. Hann telur að mikill verðbólguþrýstingur geti komið frá vinnumarkaðnum á komandi mánuðum vegna kaupmáttarskerðingar að undanförnu og launakröfur geti farið úr böndunum.

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambandsins, segir að forsendur kjarasamninga bresti. „Það er forgangsmál að skapa aðstæður svo hægt sé lækka stýrivexti því fyrirtæki og heimili geta ekki búið við þessar aðstæður til lengri tíma.“

bjornthor@markadurinn.is

## EKKI Á VALDI SEÐLABANKANS

„Við hefðum kosið að sjá lækkun. Hagkerfið kólnar nú hratt meðal annars vegna alþjóðlegu lánsfjárkrísunnar, minni hagvaxtar á heimsvísu, loka stóriðjuframkvæmda fyrir austan, minni aflaheimilda og hækkunar á verði hrávöru,“ segir Lárus Welding, forstjóri Glitnis.

Hann segir að svo virðist sem Seðlabankinn sé með ákvörðun sinni að reyna að bregðast við aðstæðum í ytra umhverfi sem séu ekki á hans valdi. „Með því að halda vaxtastigi svo háu tekur hann vissa áhættu með að keyra hagkerfið niður í meiri lægð en þörf er fyrir til að tryggja að verðbólgumarkmiðið náist,“ segir Lárus.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir það vonbrigði að Seðlabankinn ætli að halda vöxtunum háum nokkuð lengi. „Það er að hægja það hratt á efnahagslífinu að það er ekki skynsamlegt að vera með þetta háa vexti,“ segir Sigurjón. Hann segir að svo virðist sem Seðlabankinn sé tregur við að hefja vaxtalækkunarferli af ótta við stöðu krónunnar. „Þegar vegin er saman hættan á því að króna lækki og síðan að halda stýrivöxtum háum og það lengi þá hallast ég að því að það sé meiri áhætta að halda vöxtunum háum heldur en að hefja vaxtalækkunarferlið,“ segir Sigurjón.

„Það er jákvætt að þeir hækkuðu ekki vexti. Við teljum það hins vegar nauðsynlegt að fara að hefja fyrstu skrefin í vaxtalækkunarferli. Þegar það hefst er mikilvægt að það gerist í myndarlegum skrefum,“ segir Ingólfur Helgason. forstjóri Kaupþings. Þrátt fyrir að boðað hafi verið að vaxtalækkunarferlið myndi ekki hefjast fyrr en í byrjun árs 2009 hafi Seðlabankinn ekki útilokað að það hæfist fyrr.

- as



**STRÆTÓ** Frítt verður í strætó fyrir námsmenn í Reykjavík á næsta skólaári. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Strætisvagnar í Reykjavík:

# Nemendur fá áfram ókeypis

**SAMGÖNGUR** Frítt verður í strætó fyrir námsmenn í Reykjavík skólaárið 2008 til 2009. Þetta samþykkti borgarráð á fundi sínum í gærmorgun. Viðbótarkostnaður vegna verkefnisins er samtals 270 milljónir króna.

Á skólaárinu 2007-2008 var frítt fyrir framhalds- og háskólanema en sá samningur gilti einungis til 1. júní. Með þessari nýju samþykkt borgarráðs verður framlenging á verkefninu.

Verkefnið er kallað Frítt í strætó en markmið þess er að efla ímynd almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

- vsp

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Skemmdir unnar á flugskýli

Brotist var inn í flugskýli á flugvellinum á Kópaskeri í fyrrakvöld og skemmdir unnar þar innandyra. Flugskýlið er notað sem geymsla en lögregla taldi ekki verðmætum stolið, aðallega hafi verið um skemmdarverk að ræða. Málið er í rannsókn.

## DÓMSMÁL

### Lét bróðurinn flytja e-töflur

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir fíkniefnalagabrot, en hann keypti 47 e-töflur í Reykjavík í nóvember síðastliðnum og fékk bróður sinn til að flytja töflurnar til Akureyrar undir því yfirskini að um stera væri að ræða.

Ingrid Betancourt og fleirum bjargað úr prísund með hjálp njósnara án þess að skoti væri hleypt af:

# Frelsun gísla mikið áfall fyrir FARC

**KÓLUMBÍA, AP** Ingrid Betancourt, fyrrverandi forsetaframbjóðandi í Kólumbíu og frægasti gísl vinstrisinnuðu uppreisnarhreyfingarinnar FARC, faðmaði börn sín tvö í gær í fyrsta sinn eftir sex ára prísund í frumskóginum. Betancourt og fjórtán öðrum gíslum var bjargað í fyrrakvöld í þaulskipulagðri aðgerð Kólumbíuhers.

„Nirvana, paradís – það hlýtur að vera mjög svipað þeirri tilfinningu sem ég finn á þessari stundu,“ sagði Betancourt og barðist við að halda aftur af táraflaumi er sonur hennar teygði sig til að kyssa hana. „Það var barna minna vegna sem mér tókst að halda í viljann til að komast út úr þessum frumskógi.“

Börn Betancourt, 19 ára sonurinn Lorenzo og 22 ára dóttirin Melanie, hafa búið í Frakklandi frá því að hún hvarf þegar hún var á kosningaferðalagi árið 2002. Þau komu til Bogota með þotu frönsku ríkisstjórnarinnar. Með í för voru einnig fyrrverandi eiginmaður Betancourt, systir hennar og franski utanríkisráðherrann Bernard Kouchner. Hin endursameinaða fjölskylda verður flutt í sömu vél til Frakklands í dag.



**ENDURFUNDIR** Melanie, dóttir Ingrid Betancourt, kyssir móður sína við endurfundi þeirra á flugvellinum í Bogota í gær. Sonurinn Lorenzo stendur hjá. NORDICPHOTOS/AFP

Betancourt er bæði franskur og kólumbískur ríkisborgari og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hafði lýst það forgangsmál að fá hana lausa úr gíslingu.

Betancourt, þrír bandarískir verktakar og ellefu kólumbískir hermenn og lögreglumenn sem höfðu um árabil verið gíslar FARC sluppu úr prísundinni með ævintýralegum hætti í fyrrakvöld. Með hjálp njósnara innan raða stjórnenda FARC tókst að fá verði gíslanna til að trúa því að til stæði að flytja gíslana til fundar við æðstu menn FARC vegna meintra samningaviðræðna um fangaskipti. Þeir hjálpuðu því sjálfir grunlausir til við að koma gíslunum um borð í ómerktar þyrlur sem sendar voru eftir þeim, enda varð ekki betur séð en að þyrlunum stjórnuðu FARC-liðar.

Þegar í loftið var komið kom í ljós að þyrlurnar og áhafnirnar tilheyrðu kólumbíska hernum; FARC-verðir gíslanna voru afvopnaðir og fjötraðir en gíslarnir losaðir úr fjötrum sínum.

„Þyrlan var nærri því að hrapa því við kunnum okkur ekki læti, hoppuðum, öskruðum, grétum og föðmuðum hvert annað,“ sagði Betancourt er hún lýsti flugferð gíslanna á vit frelsisins.

Með lausn gíslanna, einkum og sér í lagi útlendinganna fjögurra, hefur FARC verið svipt mikilvægustu trompunum sem hreyfingin bjó enn yfir og gat beitt í samningaviðræðum við stjórnvöld.

audunn@frettabladid.is


SS safaríka grillkjötið
– sameiningartákn grillara með metnað
Þú vilt bara gott kjöt á grillið, sama hvað það heitir.
Vertu þá viss um að það sé SS grillkjöt – og njóttu!
SS
fremstir fyrir bragðið
www.ss.is
NEW YORKERS
V·S·O·P
LAMBAKJÖT
Lambakjöt lagt í kryddlög með appelsínulíkjör.
Vöðvamikið, sérvalið og prýðisgott.
KONÍAKSLEGIÐ
SVÍNAKJÖT
Grísakjöt í kryddlegi bragðbættum með koníaki.
PÚRTVÍNSLEGIÐ
LAMBAKJÖT
Gómsætur kryddlögur á lambafille.
CAJ P'S GRILLOLÍA
Caj P's grilllöginn færðu bæði á lambakjöti og foldaldakjöti.
LAMBAKJÖT
Þessi tegund kemur ótrúlega skemmtilega á óvart.
Fíton ehf. / SÍA



**GULLNA HLIÐIÐ** Ferðamenn virða fyrir sér gullið hlið við Versalahöll utan við París. Hliðið var tekið niður á dögum frönsku byltingarinnar í lok átjándu aldar en hefur nú verið sett upp á ný eftir tveggja ára endursmíði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líkamsárásir vegna pólitískra skoðana eru daglegt brauð í Georgíu:

# Rændu blaðamanni og börðu

**GEORGÍA** Líkamsárásir vegna pólitískra skoðana eru daglegt brauð í fyrrverandi sovétlýðveldinu Georgíu og það þó að landið telji sig eiga heima í hópi ESB- og NATO-ríkja. Íþróttablaðamaðurinn Mamuka Kvaratskhelia er dæmi um slíkt, eins og sjá má á georgíska fréttavefnum www.humanrights.ge.

Kvaratskhelia var á leið á flugvöllinn í Tíblísí í byrjun júní til að sækja vin sinn, rússneskan blaðamann, þegar svartur jeppi ók í veg fyrir hann. Út úr jeppanum stukku fjórir grímuklæddir menn. Þeir bundu fyrir augun á Kvaratskhelia og bundu á honum hendur og fætur með límbandi, óku með hann inn í skóg og gengu þar í skrokk á honum. Skildu hann svo eftir. Öllum verðmætum var rænt af honum.



**MISÞYRMT** Blaðamaðurinn Mamuka Kvaratskhelia hefur legið á sjúkrahúsi frá því árás var gerð á hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GHS

Kvaratskhelia nýtur virðingar meðal almennings í Georgíu, ekki síst fyrir að liggja aldrei á pólitískum skoðunum sínum og fyrir baráttu sína fyrir mannréttindum og lýðræði í landinu. Árásin á hann hefur vakið mikla athygli, sérstaklega hjá stjórnarandstöðunni.

Tamara Kvaratskhelia, eiginkona Mamuka, segir að kjarkmiklir einstaklingar séu lítils metnir í Georgíu. „Ég veit ekki hvernig hann getur búið hér eftir það sem gerðist,“ segir hún. Kvaratskhelia hefur legið á sjúkrahúsi frá því árásin var gerð og verður rúmliggjandi næstu vikur. Kvaratskhelia hefur á alþjóðavettavangi sagt frá grófum mannréttindabrotum í forsetakjöri knattspyrnusambandsins í Georgíu í fyrrasumar. **- ghs**

Umhverfissjóður UMFÍ styrkir:

# Útivistarsvæði rís í Súðavík

**SAMFÉLAGSMÁL** Súðavíkurbær mun eignast nýtt leik- og útivistarsvæði en Umhverfissjóður UMFÍ veitti ungmennafélagi staðarins hálfrar milljónar króna styrk til verkefnisins í fyrrakvöld.

Um fyrstu úthlutun sjóðsins var að ræða en hann var stofnaður til minningar um Pálma Gíslason sem var formaður UMFÍ til margra ára. Þrjú hundruð þúsund krónur voru veittar sundfélaginu Gretti/HSS til að bæta sundlaugina í Bjarnarfirði á Ströndum. Síðasti styrkurinn, tvö hundruð þúsund krónur, fór svo til Ungmennafélagsins Ingólfs/HSK til fegrunar á skógræktarsvæði félagsins. **- ges**

Listahátíð í Reykjavík:

# Jóhanna Vigdís ráðin í starfið

**MENNING** Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík. Jóhanna Vigdís tekur við starfinu af Hrefnu Haraldsdóttur sem því hefur gegnt í rúm sjö ár en tekur nú við starfi listræns stjórnanda hátíðarinnar af Þórunni Sigurðardóttur.

Jóhanna Vigdís starfaði áður sem forstöðumaður hjá Straumi Burðarási en hefur líka unnið hjá Borgarleikhúsinu og Deloitte.

Hún var valin úr hópi tuttugu og þriggja umsækjenda um starfið. **- ht**

Forsætisnefnd skipaði nefnd:

# Gerir úttekt á starfsemi þings

**ALÞINGI Skipuð var nefnd til þess að gera úttekt á aðalþáttum starfsemi Alþingis og bera saman við stöðu í nágrannalöndunum. Þetta ákvað forsætisnefnd Alþingis á fundi sínum í byrjun síðasta mánaðar.**

**Nefndin á að leggja fram hugmyndir um hugsanlegar breytingar á starfsemi Alþingis og skila áliti til forsætisnefndar Alþingis fyrir 1. júní 2009.**

**Forseti Alþingis skipaði Bryndísi Hlöðversdóttur, forseta lagadeildar Háskólans á Bifröst, Ragnhildi Helgadóttur, prófessor við Háskólann í Reykjavík, og Andra Árnason hæstaréttarlögmann í nefndina. Á fyrsta fundi nefndarinnar var Bryndís valin formaður hennar.** **- vsp**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Árekstur við Egilsstaði

Einn var fluttur á sjúkrahús eftir árekstur skammt vestan við Egilsstaði eftir hádegi í gær. Tildrög slyssins voru þau að jeppabifreið var ekið aftan á aðra sem ók eftir hringveginum. Báðar bifreiðarnar eru taldar ónýtar.

**FRÉTTASKÝRING:** Rannsóknir Noru D. Volkow á eiturlyfjafíkn

# Besta endurhæfingin hérlendis

**Nora D. Volkow er forstöðumaður National Institute on Drug Abuse (NIDA), fíkniefnarannsóknarstofnunar sem heyrir undir Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna. Fréttablaðið hefur greint frá því að Volkow fer nú fyrir hópi bandarískra vísindamanna sem kanna möguleika á rannsóknarsamstarfi við SÁÁ, Íslenska erfðagreiningu og Landspítalann.**

„Ísland er með eina bestu fíkniefnaendurhæfingarmeðferð í heimi,“ segir Volkow. Hún telur að á Íslandi séu einstakir möguleikar til rannsókna á lyfjafíkn. „Við unnum að vel heppnuðu verkefni í samvinnu við DeCode sem miðaði að því að finna gen sem gera mann næmari fyrir nikótínfíkn. Niðurstöðurnar voru hrífandi. Við fundum þrjú gegn sem ekki aðeins gera mann næmari fyrir nikótínfíkn heldur jafnframt líklegri til að þróa með sér sjúkdóma sem fylgja nikótínnotkun, svo sem krabbamein eða æðasjúkdóma.“

### Afkastamikill fræðimaður

Rannsóknir Volkow hafa valdið straumhvörfum á sviði fíkniefnarannsókna. Meðal annars hafa þær varpað ljósi á þau áhrif sem fíkniefnanotkun hefur á heilann. Þær sýndu að minna magn er af tilteknum prótínum í heilum fíkla, hvort sem þeir voru háðir ólöglegum efnum, nikótíni eða áfengi, en almennt er. Prótínin eiga þátt í losun dópamíns í heilanum sem veldur ánægju. „Þetta var mikilvægt, ekki aðeins því þetta sýndi hvaða efni höfðu áhrif þarna, heldur einnig að í fyrsta skipti var ótvírætt að lyfjafíkn er læknisfræðilegur sjúkdómur,“ segir hún.

Rannsóknir Volkow sýndu að fíkniefni hafa víðtækari áhrif á heilann en áður var talið. „Ég sýndi, og það kom vísindasamfélaginu á óvart, að fíkniefni raska með djúpstæðum hætti fremri heilaberkinum, svæði sem hefur að gera með dómgreind, vitsmuni og óhlutbundna hugsun. Það færði áhersluna frá því að lyfjafíkn væri sjúkdómur sem hefði einkum með randkerfið að gera, sem er frumstæður hluti heilans, yfir á nýrri hluta heilans sem tengjast vitsmunum.“

Ein af fyrstu uppgötvunum Volkow var að sýna fram á skaðleika kókaíns, en hún sýndi að notkun þess gæti valdið blæðingu í heilanum.



**NORA D. VOLKOW**

Nora D. Volkow fæddist og ólst upp í Mexíkó. Hún lauk framhaldsprófi í geðlækningum frá háskólanum í New York. Síðan hefur hún starfað við rannsóknir í Bandaríkjunum. Hún varð forstöðumaður NIDA 2003.

Volkow hefur hlotið fjölda viðurkenninga. Bandaríska vikuritið Time valdi hana nýlega eina af hundrað áhrifamestu manneskjum heims.

Volkow er barnabarnabarn rússneska stjórnmálamannsins Leons Trotskí. Hún málar í frístundum.

„Það var óvænt uppgötvun því á þeim tíma, á níunda áratugnum, var talið að kókaín væri öruggt lyf,“ segir hún.

### Fíkniefni stórt vandamál

Volkow segir að lyfjafíkn sé „ótrúlega alvarlegt“ vandamál. Hún segir árlegan kostnað í Bandaríkjunum sem rekja megi til lyfjafíknar hlaupa á fimm hundruð milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði um fjörutíu þúsund milljarða króna. Þar sé innifalinn heilbrigðiskostnaður, kostnaður vegna glæpa sem fylgi lyfjafíkn og kostnaður vegna lakari námsgetu fíkla. Hún segir erfitt að meta hvort umfang vandans fari vaxandi. Kannanir bendi til þess að færri unglingar noti fíkniefni en áður, en afleiðingar fíkniefnanotkunar á samfélagið fari ekki minnkandi. Til dæmis látist nú fleiri af því að taka of stóran lyfjaskammt en áður.

### Betri lyf fram undan

Volkow telur að í náinni framtíð verði komin betri lyf til að berjast gegn eiturlyfjafíkn. Hún segir að verið sé að þróa efnileg lyf gegn kannabis-, kókaín- og amfetamínfíkn og unnið sé að bólusetningum gegn lyfjafíkn.

### Athyglisbrestur og svefnleysi

Volkow hefur undanfarin ár rannsakað ofvirkni með athyglisbresti (ADHD). ADHD er meðal algengustu geðraskana og er algengasta geðröskunin meðal barna. Misnotkun lyfja er margfalt algengari meðal þeirra sem þjást af ADHD en almenn gerist. Rannsóknir Volkow hafa sýnt að óvenjulítið dópamín er í heila þeirra sem þjást af ADHD. Þeir eru því líklegri en aðrir til að nota lyf til að auka magnið.

Volkow vinnur nú að rannsóknum á svefnleysi. „Svefnleysi eykur líkur á ýmsum kvillum: háum blóðþrýstingi, hjarta- og æðasjúkdómum, bólgusjúkdómum, smitsjúkdómum og offitu,“ segir hún. Hún segir svefnleysi valda jafnmörgum bílslysum og akstur undir áhrifum áfengis í Bandaríkjunum.



FRÉTTAVIÐTAL

**GUNNLAUGUR HELGASON**
gunnlaugurh@frettabladid.is

**-2 krónur á Akureyri í dag!**

Afsláttur er veittur af almennu verði Orkunnar sem er 175,6 kr. á 95 okt. bensíni og 192,1 kr. á dísel.
*M.v. verð 3. júlí 2008.*




**Sparaðu** hjá **Orkunni** í dag!

ORKAN BENSÍN
SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

DYNAMO REYKJAVÍK


Vinnuvélasýning
Föstudaginn 4. júlí frá kl. 15 - 19
Tilboðsdagar með stórlækkuðu verði
á ákveðnum gerðum
af Hydrema, Venieri og Yuchai véla
Hydrema M 1400 C
Hydrema 912 D
Hydrema 900 MPV
Hydrema 900 MPV
Ein sem getur allt!
Hydrema 900 MPV
Vélin er útbúin með fjarstýrðum / innistýrðum 20 metra krana á hraðtengi og 4 vökvaúttökum á kranaenda.
Þrítengibeysli. Aflúttak á skapti.
Dráttarbeysli. Geymsluskúffa sem þungastykki í stað krana
Skotbóma á hraðtengi með opnanlegri skóflu og lyftargaflar á statívi.
Veltibremsa á lið.
100% Vendigírstjórnun á allri vélinni.
Við bjóðum:
• Hagkvæma lánafyrirgreiðslu
• Langan lánatíma
• Íslensk eða erlend lán
• Hátt lánshlutfall
Vélar fyrir:
• Byggingariðnaðinn
• Jarðvinnuverktaka
• Bændur
• Bæjarfélög
• Orkufyrirtæki
HYDREMA
Til afgreiðslu strax
Hydrema, Venieri og Yuchai vinnuvélar
VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

## „ORÐRÉTT“

### Á Adamsklæðunum

**„Fólk fækkar jafnvel fötum við þessa iðju sína.“**

SÉRA KRISTJÁN VALUR INGÓLFSSON UM ÓPRÚTTIÐ FÓLK SEM TEKUR SPAUGMYNDIR AF SÉR Í KIRKJUM.
Morgunblaðið, 3. júlí.

### Enginn kvóti

**„Það er ekkert leyndarmál að ég hef farið til veiða án kvóta og ég ætla að halda því áfram.“**

ÁSMUNDUR JÓHANNSSON, SJÓMAÐUR Í SANDGERÐI, SEM VEITT HEFUR HÁLFT ANNAÐ TONN UTAN KVÓTA.
Fréttablaðið, 3. júlí.

tilveran
nær og fjær

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA** BERGVIN ODDSON RITHÖFUNDUR OG SPAUGARI

## Unglingavandamál og spaugilegt



„Ég var að gefa út nýja bók sem fjallar um sautján ára töffara sem heitir Hemmi og veit ekki alveg hvað hann á að gera við líf sitt,“ segir Bergvin Oddson athafnamaður, sem hefur nú fetað sín fyrstu spor á rithöfundarferlinum. „Þetta er svona klassísk unglingaskáldsaga sem tekur á klassískum unglingavandamálum eins og ást, hatri, vináttu og öllum pakkanum. Vinur aðalpersónunnar á við smá vandamál að stríða sem þeir þurfa að taka á í sameiningu. Hann heitir Tommi og er sem sagt hommi. Svo er fjallað um samskipti Hemma við hitt kynið og ástina hans, Krissu, en tilhugalíf þeirra fer algjörlega úrskeiðis.

Svo er ég að reka blinda kaffihúsið í húsi Blindrafélagsins í Hamrahlíðinni ásamt félögum mínum hjá Ungblind. Þessi hugmynd okkar hefur vakið mikla lukku en það er algjört myrkur inni á kaffihúsinu eins og nafnið gefur til kynna.

Svo fer ég til Vestmannaeyja á Goslokahátíð um helgina þar sem ég verð með uppistand.“ Bergvin er mikill sprelligosi og vann meðal annars keppnina Fyndnasti maður MH árið 2004. „Ég byrjaði í uppistandinu 2003 og hef nokkurn veginn keyrt á sama prógramminu síðan þá. En ég ætla að semja nýtt prógramm í ágúst. Það á að heita „Ég elska konur“ þar sem samskipti kynjanna og spaugilegt eðli kvenna verða í brennidepli.“

## ELDSNEYTI:
### LÉTTARI BIFREIÐ BETRI

■ Grípa má til ýmissa ráða til þess að draga úr eldsneytiskostnaði. Fyrst má nefna að minnka þyngd ökutækisins með því að taka allan óþarfa sem ekið er með um bæinn úr skottinu.
★iklir fjármunir geta sparast með því að aka um á góðum dekkjum. Það er gott ráð að nýta ferðina þannig að fleiri deili bílnum.
☼lmenningssamgöngur eru ódýr valkostur og svo getur líka verið mjög góð hugmynd að vinna bara minna og halda sig frekar

## SJÓNARHÓLL
### HÆTTUMAT LÖGREGLU



**STEINUNN GYÐU- OG GUÐJÓNSDÓTTIR**
Framkvæmdastýra Unifem

### Áhyggjuefni vegna vændis

„Þetta er sögð vera auðveld starfsemi sem skilar fólki miklum peningum en tengist greinilega mannréttindabrotum,“ segir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra Unifem, um nýtt hættumat Ríkislögreglustjóra þar sem fram kemur meðal annars að skipulögð glæpagengi, bæði innlend og erlend, séu að ná styrkri fótfestu hér.

„Mér finnst þetta sýna nokkuð afdráttarlaust að það er mansal á Íslandi og ég held að það þrífist í tengslum við nektardansstaði,“ segir Steinunn. „Við sjáum líka tengslin milli mansals og vændis vel, þar sem vændi þrífst er mansal.“

„Þetta er áhyggjuefni fyrir Íslendinga eins og aðrar þjóðir þannig að best væri að taka á þessu sem fyrst,“ segir Steinunn.

# Fær næringuna úr sokki hangandi neðan í veiðistöng

**Benedikt Hjartarson ætlar að synda yfir Ermarsundið. Hann verður 10-16 tíma á leiðinni. Benedikt fær næringu með veiðistöng og innbyrðir um sautján þúsund kaloríur á leiðinni. Daginn eftir mun landsliðið í sjósundi synda boðsund yfir.**

Benedikt á sundrétt dagana 10. til 18. júlí og syndir þá einn yfir en verður með aðstoðarmenn um borð í fylgdarbáti. Skipstjórinn ræður hvenær lagt verður í hann og fer það eftir ölduhæð og vindi.

„Við ráðum engu. Ef kallið kemur þá verðum við að fara út og höfum ekki tækifæri til annars. Ef þeir segja að það verði ekki farið þá höfum við heldur ekkert með það að gera,“ segir Benedikt. „Ef ég er rosalega heppinn gæti ég klárað þetta á 10-11 tímum en ef ég er mjög óheppinn gæti þetta farið í 16 tíma,“ segir hann.

Benedikt verður með aðstoðarmenn um borð í fylgdarbátnum. Aðstoðarmennirnir gefa honum að drekka og borða og gera það með veiðistöng. „Tæknin við það vakti heilmikla athygli í fyrra og mikið var fjallað um það þegar fyrstu matargjafirnar fóru fram því þær þóttu svo vel heppnaðar. Ingþór Bjarnason pólfari hannaði kerfið. Hann bjó til sérstakan sokk sem maturinn var settur í. Svo miðaðist kerfið við það að ég gripi í sokkinn og þeir strengdu um leið á veiðistönginni þannig að um leið og ég hafði hellt þessu í mig skaust sokkurinn í burtu. Ég renni mér þá yfir á bakið og upp að bátnum, gríp þetta og halla höfðinu vel aftur og helli ofan í mig fullri flösku af vökva á tíu sekúndum. Þetta þarf að taka svona skamman tíma því að ef það tekur langan tíma þá ber mann svo af leið og það tefur svo mikið.“

Á leiðinni fær Benedikt sérblandaða orkudrykki sem hann hefur blandað sjálfur. Hann drekkur á 40 mínútna fresti. Á einni sjósundferð sem stendur í tólf tíma innbyrðir hann 15 þúsund kaloríur með bara annarri tegundinni sem hann drekkur á leiðinni. Til viðbótar drekkur hann aðra orkudrykki. Hann telur sig innbyrða um 17 þúsund kaloríur í allt. „Duglegur íþróttamaður innbyrðir í mesta lagi 3.000 kaloríur á sólarhring,“ segir hann.

Daginn eftir að Benedikt syndir yfir munu átta sundmenn í landsliðinu í sjósundi synda boðsund yfir. Hver sundmaður syndir þá klukkutíma í senn þar til komið er yfir og til baka aftur í bátinn. Sundmennirnir leggja í hann frá Shakespeare-höfða á Englandi og setja stefnuna á Calais í Frakklandi. Loftlínan þar yfir er rúmir þrjátíu kílómetrar. Miðað er við að sundmennirnir komist yfir, labbi á þurrt og syndi svo til baka út í bátinn.

**ghs@frettabladid.is**



**GÆTI KLÁRAÐ Á 10 TÍMUM** „Ef ég er rosalega heppinn gæti ég klárað þetta á 10-11 tímum,“ segir Benedikt Hjartarson, sem ætlar að synda yfir Ermarsund.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




„Höfundur Njálu var ekki hestamaður,“ segir Bjarni Eiríkur Sigurðsson:

## Kjötsúpa og Njála í Sögusetri

„Höfundur Njálu var ekki hestamaður.“ Þetta er ein af kenningum Bjarna Eiríks Sigurðssonar sem flytur erindi um hestamennsku í Njálu í Sögusetrinu Hvolsvelli klukkan sex í kvöld. Rjúkandi kjötsúpa verður í boði fyrir gesti en atburðurinn er haldinn í tilefni af Landsmóti hestamanna.

„Hestar voru auðvitað einu farartækin á landi á þessum tíma og hestamennskan stór hluti af lífi fólks en enga að síður tel ég höfund Njálu ekki hafa verið hestamann. Þetta segi ég af því að enginn hestur er nefndur á nafn í allri bókinni og aðeins fimm hestar nefndir eftir lit.“

Því næst varpar Bjarni fram spurningunni: „Er ekki hægt að rekja brautir eftir 200 hesta?“ Þessari spurningu virðist auðsvarað en þó hafa ýmsir haldið að ekki hafi verið hægt að rekja slóð Flosa Þórðarsonar eftir Njálsbrennu. „Ég mun reyna að svara þessari spurningu eða öllu heldur hvort þeir hafi viljað elta hann yfir höfuð.

Ég spyr líka hvað orðið vonfoli þýðir í Njálu sem er mun táknrænna og djúpstæðara en í daglegu máli.

Svo mun ég fjalla um hestaat Gunnars og Starkaðar, bleikálóttu klárana hans Otkels og fleira í þeim dúr,“ segir Bjarni, sem er landsþekktur hestamaður og almennt talinn einn af tíu bestu Njálumönnum landsins.

- ges




**BJARNI EIRÍKUR SIGURÐSSON** Njálu- og lífsspekúlant fjallar um hestamennsku í bókinni.
MYND/HINRIK ÓLAFS

# Áttatíu ára bið senn að ljúka

„Við höfum beðið eftir þessu húsi í áttatíu ár svo þetta er mjög merkilegur dagur í sögu stofnunarinnar," segir Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra tók skóflustungu að nýju húsi Náttúrufræðistofnunar við Jónasartorg í Urriðaholti fyrr í vikunni.

„Ef áætlanir ganga upp og við getum flutt í húsið á næsta ári verða nákvæmlega fimm áratugir liðnir frá því að húsinu var fundinn staður til bráðabirgða við Hlemm," segir Jón Gunnar.

Jón Gunnar segir að stofnunin hafi aldrei búið við góðar aðstæður til rannsókna. „Það er langþráður áfangi að komast í fullnægjandi húsnæði þar sem aðstæður fyrir vísinda- og gripasöfn okkar eru loks eins og best verður á kosið."

Einnig fagnar Jón Gunnar því að öll starfsemin á höfuðborgarsvæðinu færist undir eitt þak. „Stofnunin hefur verið á hrakhólum í marga áratugi og þurft að leigja geymslur fyrir söfn sín um allan bæ," segir Jón Gunnar.

Jón Gunnar kveðst ánægður með hvernig hönnun hússins hafi tekist. „Fullt samráð var haft við okkur við hönnun hússins. Við höfum tekið okkur góðan tíma í verkefnið enda mikilvægt að geta unað sátt við niðurstöðuna."

- ht



**NÝJA HÚSIÐ** Húsnæði Náttúrufræðistofnunar verður 3.500 fermetrar að flatarmáli og mun hýsa alla starfsemi stofnunarinnar á höfuðborgarsvæðinu.







BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERÐALAGIÐ HEFST Í BÓNUS




PIRI-PIRI KRYDDPOKI FYLGIR MEÐ Í BAKKANUM

## PIRI PIRI KJÚKLINGUR

Holta ferskar kjúklingabringur með Piri-Piri kryddblöndu
**1679 kr./kg.** MERKT VERÐ 2798 KR./KG.




## BEINHREINSUÐ BLEIKJA

NF Íslenskir bleikjubitar beinlausir
**899 kr./kg.**




10 þvottar fyrir 298 kr.
**HVER ÞVOTTUR Á 29.80 kr.**




Holta ferskir blandaðir kjúklingabitar
**359 kr./kg.** MERKT VERÐ 598 KR./KG.




Hollenskt nautafillet 4 STK. 200 grömm
**1998 kr. pakkinn.**




KF villijurtakryddaðar lambalærissneiðar
**1399 kr./kg.** MERKT VERÐ 1999 KR./KG.




SS villikryddaðar lambatvírifjur
**1559 kr./kg.** MERKT VERÐ 2228 KR./KG.




Bónus kornbrauð
**1 kg 129 kr.** 5 KR. SNEIÐIN.

## VINSÆLASTA LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS

KJARNAFÆÐI




KF einiberjakryddað lambalæri **1199 kr./kg.** MERKT VERÐ 1998 KR./KG.




Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERÐALAGIÐ HEFST Í BÓNUS




398

## KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR

Bónus ferskir kryddaðir kjúklingabitar
Í ÁLBAKKA **398 kr./kg.** MERKT VERÐ 569 KR./KG.



2359

## FERSKT LAMBAFILLET

Ferskt KS lambafillet með fiturönd **2359 kr./kg.**
tilbuið fyrir kryddið beint á grillið !



6 STK
2998

Hollenskar nautasteikur 6 STK. 200 grömm
**2998 kr. pakkinn.**



498

Ali ferskur svínabógur
**498 kr./kg.**



40%
AFSLÁTTUR

Ali ferskar svínakótilettur
**1070 kr./kg.** MERKT VERÐ 1783 KR./KG.



30%
AFSLÁTTUR

Ali fersk kjötmikil svínarif á grillið
**769 kr./kg.** MERKT VERÐ 1098 KR./KG.



179

Pringles snakk 170 gr
ORGINAL & SOUR CREME **179 kr.**



**INNFLUTTIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR**

**100% hreint kjöt.**

| | | |
|---|---|---|
| 80 GRÖMM | **898 kr.** | 10 STK. |
| 100 GRÖMM | **1079 kr.** | 10 STK. |
| 120 GRÖMM | **1259 kr.** | 10 STK. |



298

EmmEss toppar HNETU & DAIM
**4 stk. 298 kr. pakkinn.**



198

Bónus frostpinnar 15 stk
GULIR & GRÆNIR **198 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.296 **-0,26%**

**Fjöldi viðskipta:** 300
**Velta:** 2.325 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATL. PETROLEUM** | +1,22% |
| **KAUPÞING** | +0,54% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **CENTURY ALUM.** | -7,65% |
| **TEYMI** | -3,5% |
| **BAKKAVÖR** | -2,31% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 7,05 -0,70% ... Atorka 6,16 -2,07% ... Bakkavör 27,50 -2,31% ... Eimskipafélagið 14,30 0,00% ... Exista 7,15 -0,42% ... Glitnir 15,30 -0,65% ... Icelandair Group 16,70 -0,60% ... Kaupþing 750,00 +0,54% ... Landsbankinn 22,80 -0,44% ... Marel 88,00 -0,90% ... SPRON 3,31 -0,90% ... Straumur-Burðarás 9,74 -0,41% ... Teymi 1,93 -3,50 ... Össur 91,00 -1,41%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Byr á leið inn í Glitni

Það fór eins og fullyrt var í þessum dálki í gær, að Björgvin G. Sigurðsson bankamálaráðherra myndi ekki reynast mjög sannspár um að frekari samruna væri ekki að vænta á bankamarkaði. Lengi hefur legið í loftinu að Glitnir og sparisjóðurinn Byr gætu runnið saman, enda eigendur beggja félaga tengdir ýmsum böndum. Vísir sagði frá því í gær, að samruni sé nú þegar ákveðinn en beðið sé niðurstöðu stofnfjáreigenda Byrs síðar í mánuðinum um að breyta sparisjóðnum í hlutafélag. Þá sagði Vísir einnig frá því að þreifingar væru í gangi milli Icebank og Saga Capital annars vegar og Icebank og VBS fjárfestingarbanka hins vegar um hugsanlega sameiningu, en forsvarsmenn þeirra félaga vildu ekkert staðfesta í þeim efnum.

### Kaupþing og sparisjóðirnir

Fleiri samrunar kunna að vera í farvatninu, segja aðilar á markaði, enda fjölmargar fjármálastofnanir í verulegum kröggum vegna lánakrísunnar. Þannig er talið fullvíst að fleiri sparisjóðir muni renna inn í Kaupþing á næstu mánuðum og er helst horft til sparisjóðanna í Keflavík, Mýrasýslu og Svarfdæla í þeim efnum. Margir sparisjóðir eru nátengdir eignarhaldsfélaginu Exista sem stórir hluthafar, en það er sem kunnugt stærsti eigandi hlutafjár í Kaupþingi. Exista er að stórum hluta í eigu bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssona og hefur svo sannarlega ekki farið varhluta af fárviðrinu á hlutabréfamörkuðum undanfarin misseri.




## Olíuhækkanir sliga atvinnulífið

**Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa versnað verulega vegna aukinna útgjalda í olíu segir í tilkynningu frá Samtökum Atvinnulífsins (SA).**

**SA bendir á að útgjöld vegna innfluttra olíuvara stefna í 6 prósent af landsframleiðslu en hefur verið á bilinu 2-2,5 prósent þar til á allra síðustu árum.**

**„Á síðustu þremur árum hefur hlufallið numið um þremur prósentum en í ár stefnir það í 5,5 prósent og á næsta ári gæti það farið yfir 6 prósent. Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa þannig versnað verulega af þessum sökum og þjóðartekjur falla.“** - bþa

# „Tökum hlutverk okkar alvarlega“

**Bankastjóri Seðlabanka Evrópu vonast til að hærri vextir dragi verðbólgu niður að viðmiðum.**

„Verðbólga er íbúum evrusvæðisins áhyggjuefni. Hlutverk okkar er að tryggja þeim öllum, 320 milljónum manna, stöðugleika,“ sagði Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans, í gær. Hann lagði ríka áherslu á að bankinn yrði að viðhalda trúverðugleika.

Evrópski seðlabankinn hækkaði stýrivexti á evrusvæðinu um 25 punkta í gær og fara þeir við það í 4,25 prósent. Bankinn hafði haldið vöxtunum óbreyttum í 4,0 prósentum í rétt rúmt ár.

Verðbólga mælist nú fjögur prósent á evrusvæðinu og hefur hún ekki aukist jafnhratt í sextán ár. Seðlabankar víða um heim hafa gripið til aðgerða vegna þessa.

Seðlabankar Danmerkur og Svíþjóðar hækkuðu stýrivexti um 25 punkta sömuleiðis í gær. Í rökstuðningi sænsku bankastjórnarinnar kemur fram að aukna verðbólgu megi rekja til hrávöruverðshækkana, hærri verðbólguvæntinga og innlendrar þenslu. Bankinn spáir áframhaldandi vaxtahækkunum á komandi ári, og að vextir bankans standi í 4,8 prósentum í lok árs. Vextir þar standa í 4,5 prósentum og hafa ekki verið hærri í aldarfjórðung.



**BANKASTJÓRINN** Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans, segir mikilvægt að bankinn viðhaldi stöðugleika og nái verðbólgu niður. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Til sömu bragða greip seðlabanki Indónesíu. Þetta er jafnframt þriðji mánuðurinn í röð sem hann hækkar vexti. Spáð er að aðrir seðlabankar muni í ýmist hækka vexti sína á næstunni eða halda þeir óbreyttum.

Bankastjóri Seðlabanka Evrópu sagði í gær verðbólguþrýsting áhyggjuefni og hafi stjórn bankans verið sammála um aðgerðir til að draga úr verðbólgu nú. Batt hann vonir við að hún gæti farið að, jafnvel undir, tveggja prósenta verðbólgumarkmið bankans. „Við tökum hlutverk okkar alvarlega,“ sagði seðlabankastjórinn. - jab/bþa

# Bankastjórnin alltaf sammála

„Frá því að ég kom í bankann hefur aldrei verið ágreiningur innan bankastjórnarinnar,“ sagði Davíð Oddsson þegar hann færði rök fyrir stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans í gær.

Rætt hefur verið um gagnsæi í ákvörðunum bankans, en sums staðar annars staðar eru til að mynda fundargerðir birtar. Gylfi Magnússon dósent hefur til að mynda nefnt að birta mætti fundargerðir bankastjórnarinnar svo sjá megi rök hvers og eins fyrir niðurstöðunni. Fyrirmynd að slíku er til að mynda fundargerð Skuggabankastjórnar Markaðarins sem birtist í sömu viku og tilkynnt er um stýrivexti. Þar má lesa um sjónarmið hvers og eins.

Þegar Davíð var spurður nánar út í samstöðu bankastjórnarinnar, staðfesti hann að þar væri átt við stýrivaxtaákvarðanir. Hann sagði að menn gætu komið með ólíkar hugmyndir að borðinu, en ágreiningur væri ekki um niðurstöðuna.

Davíð sagði jafnframt að bankastjórnin væri ekki bundin af eigin spám bankans um stýrivexti, en hún styddist við þær. - ikh


Óttar Bergmann

sérfræðingur í lyflækningum og meltingarsjúkdómum opnar hinn 9. júlí n.k. stofu í Læknasetrinu, Þönglabakka 6, 109 Reykjavík.

Tímapantanir í síma 535 7700.


# Óttast frekari vaxtahækkun þrátt fyrir samdrátt

**Seðlabankinn hélt stýrivöxtum óbreyttum í 15,5 prósentum í gær og býst ekki við lækkun fyrr en um mitt næsta ár. Hann segir að það gæti orðið óhjákvæmilegt að hækka vextina meira, þrátt fyrir samdrátt. Eðlilegt að menn vilji sleppa billega, segir Seðlabankastjóri um þá sem vildu vaxtalækkun.**

„Það er ekki hægt að forðast stundarvandræði í augnablikinu með því að kasta öðrum markmiðum á glæ,“ sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri við ákvörðun stýrivaxta í gær.

Þá tilkynnti bankinn að vextir yrðu óbreyttir um sinn, 15,5 prósent. Samkvæmt grunnspá bankans eru horfur á að verðbólga verði töluverð fram á mitt næsta ár. Síðan hjaðni hún hratt. Davíð sagði að minnkandi umsvif í þjóðarbúskapnum auðvelduðu Seðlabankanum að koma böndum á verðbólgu. „En samdráttur mun á hinn bóginn verða íþyngjandi fyrir marga, ekki síst þá sem skuldsettastir eru.“ Bankinn hvikaði hins vegar ekki frá markmiði sínu. „Brýnasta verkefnið er enn sem fyrr að ná tökum á verðbólgu og koma í veg fyrir að aukning hennar að undanförnu valdi víxláhrifum launa, verðlags og gengis.“

Hann bætti því við að kaupmáttur myndi minnka, en samdráttarskeið stæði skemur, yrði tekið á málum af festu.

Í Peningamálum Seðlabankans segir að veruleg hætta sé á að gengisþróun verði óhagstæðari en gert sé ráð fyrir í grunnspá. Einnig kunni laun að hækka meira en ráð sé fyrir gert. „Verði sú raunin getur verðbólgan orðið meiri framan af og langdregnari en í grunnspánni og óhjákvæmilegt að hækka stýrivexti enn frekar, þrátt fyrir samdrátt í þjóðarbúskapnum.“

Mikið hefur verið rætt um það undanfarið að jafnvel ætti að lækka vextina. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar og fyrrverandi yfirmaður Þjóðhagsstofnunar, lagði meðal annars til að þeir yrðu lækkaðir um hálft prósentustig.

Davíð sagði að það væri mannlegt að leita hinna fljótu og ódýru lausna. „Það er eðlilegt að menn vilji sleppa eins billega og þeir geta og ég er ekki að gera lítið úr því,“ sagði Davíð. Það væri erfitt fyrir atvinnulífið að fjármagna sig við núverandi vaxtastöðu. Hins vegar hefði stór hluti atvinnulífsins skuldsett sig allt of mikið. „Og ekki gætt þess þegar vel áraði að styrkja sitt eigið fé og setja peninga til hliðar, heldur þvert á móti gengið á sitt eigið fé.“



**FRÁ STÝRIVAXTAFUNDI SEÐLABANKANS** Arnór Sighvatsson aðalhagfræðingur með Davíð Oddsson bankastjóra í baksýn. Bankinn segir að brýnasta markmiðið sé að ná tökum á verðbólgunni. Því markmiði megi ekki kasta á glæ til að forðast stundarvandræði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þá sagði Davíð að viðskiptabankarnir ættu að leita leiða til að minnka þörf fyrir erlent lánsfé og „laga umfang sitt að gerbreyttum aðstæðum“. Í því sambandi sagði Davíð að þeir gætu selt eignir og þeir væru byrjaðir á því. ingimar@markadurinn.is

# Össur einn í plús

Hagnaður allra Úrvalsvísitölufélaganna nema stoðtækjafyrirtækisins Össurar mun dragast saman á öðrum ársfjórðungi. Þetta kemur fram í afkomuspá greiningardeildar Kaupþings sem birt var í gær.

Reiknað er með að Landsbankinn taki mest í hús á fjórðungnum, eða 11,6 milljarða króna. Glitnir fylgir fast á eftir með 8,6 milljarða í hagnað. Meðalsamdráttur bankanna nemur fjórtán prósentum. Deildin spáir ekki fyrir um afkomu Kaupþings.

Að öðru leyti spáir greiningardeildin því að afkoman dragist verulega saman á milli ára hjá öðrum fyrirtækjum.

Rekstrarfélögin Alfesca og Marel fylgja á eftir bönkunum þrátt fyrir að hagnaður þeirra dragist saman á milli ára. Félög tengd þeim Bakkabræðrum tapa mestu, gangi spáin eftir. Mesta tapið verður í bókum Existu, eða 13 milljarðar króna, á meðan Bakkavör tapar fjórum milljörðum. Exista er jafnframt stærsti hluthafi Kaupþings. Landsbankinn og Össur skila fyrstu uppgjörunum í hús 29. júlí næstkomandi og fylgja hin félögin í kjölfarið. - jab

### AFKOMUSPÁ KAUPÞINGS

| Fyrirtæki | Hagnaður/-tap* | Breyting |
|---|---|---|
| Landsbanki Íslands | 11.629 | -5,1% |
| Glitnir | 8.599 | -22,9% |
| Marel | 761 | -16,2% |
| Alfesca | 737 | -82,9% |
| Færeyjabanki | 548 | -17,2% |
| Össur | 452 | +286,7% |
| Straumur | 368 | -96,7% |
| Icelandair | 93 | -145,4% |
| Teymi | -545 | -147,0% |
| Atorka | -2.000 | -169,4% |
| Eimskip | -2.370 | -96,9% |
| Bakkavör | -4.000 | -265,6% |
| Exista | -13.000 | -148,0% |

* Í milljónum króna. Allar upphæðir umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi gærdagsins.




PIPAR • SÍA • 81362

## Kópavogsbúar og nærsveitungar,

# verður framtíðin öðruvísi á Kársnesi?

## Kynningarfundur 08.07.2008 kl. 20

Skipulags- og umhverfissvið Kópavogs kynnir hugmyndir um blandaða byggð á Kársnesi **þriðjudaginn 8. júlí** næstkomandi. Kynningin fer fram í nýrri skemmu að **Vesturvör 32 b** og hefst **kl. 20**.

Að lokinni kynningu verður ekið um svæðið undir leiðsögn þeirra sem unnið hafa að verkefninu og gefst þá einstakt tækifæri til að skyggnast enn frekar inn í hugsanlega framtíð svæðisins. Að lokinni kynnisferðinni verður boðið upp á kaffi og spjall.






*Hugmyndin um blandaða byggð á Kársnesi verður enn fremur kynnt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**. Þar gefst einnig tækifæri til að koma ábendingum og fyrirspurnum á framfæri við Skipulags- og umhverfissvið (sjá forsíðu vefsíðunnar – Ábendingar um skipulag).*

Í kjölfar kynningarinnar hefst hið eiginlega deiliskipulagsferli. Deiliskipulagið verður byggt á hugmyndinni um blandaða byggð á Kársnesi. Stefnt er að því að tillagan liggi fyrir í lok sumars og verði þá kynnt ítarlega.

**Vakin er athygli á að húsnæðið sem kynningin fer fram í er enn í smíðum og því nauðsynlegt að þeir sem sækja kynninguna búi sig vel.**

**Skipulags- og umhverfissvið**

# SUMAR

## Sjóðandi heit tilboð á



## 500GB

**SPECIAL EDITION 720p**

INOi margmiðlunarspilarinn er með 720p upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Hlaðinn öllum helstu tengjum

**19.900**




## 22"LCD

**ACER WIDESCREEN**

Acer V223W er nýjasti skjárinn frá Acer með hærri skerpu, dýpri liti og enn glæsilegri hönnun ásamt öllum helstu nýjungum í skjátækni og á ótrúlegu verði!

- 22" Acer V223W WideScreen skjár
- 2500:1 Dynamic Contrast skerpa
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1680x1050 WideScreen upplausn
- VGA og DVI HDCP tengi
- Ótrúleg dýpt og háskerpu litir
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**27.900**



## GIGABYTE

**SPIRE 2 TÖLVUTILBOÐ**

Hljóðlát og góð heimilistölva frá GIGABYTE með 19" skjá á frábæru verði.

- Athlon 4400 Dual Core 2.3GHz
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 160GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 19" WideScreen skjár 700:1 og 5ms
- 512MB Radeon X1200 skjástýring
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 7.1 Digital DTS-HD hljóðkort
- 2.0 Creative I245 hátalarakerfi
- Vandað lyklaborð og Logitech mús
- Windows VISTA Home Basic

**79.900**

VE36 **3.295** Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI




## SB87

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Mögnuð fartölva frá Packard Bell með sjónvarpskorti og MCE fjarstýringu ásamt 2.1 hljóðkerfi og 300Mbps þráðlausu neti

- Intel Core 2 Duo T9300 2.5GHz 6MB
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 500GB DUAL SATA harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA Diamond View skjár
- 512MB GeForce 8600GT HDMI
- Sjónvarpskort, MCE fjarstýring
- Windows VISTA Home Premium

**159.900**

VE36 **6.350** Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI



## ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum hvort sem er stórum eða smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning og viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

**2.990**

HVER HAFIN KLUKKUSTUND




## STONE 1GB MP3

Einn minnsti spilari í heimi, aðeins 18.5g með hleðslurafhlöðu sem endist í allt að 10klst og heyrnatólum

**2.990**




## STONE+ 2GB MP3

2GB MP3 spilari með útvarpi, klukku, skeiðklukku, hljóðnema, 10 tíma hleðslurafhlöðu, heyrnatólum og fleira

**7.990**




## GIGABYTE

**Black Edition turn 3**

- Athlon 5000 Dual Core BE
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 32MB diskur
- 512MB Radeon HD3200 skjást.
- 7.1 HD Dolby Digital DTS
- Spire BlackFin V 420W turn

**49.900**




## LEIKJA HEYRNARTÓL

Glæsileg Creative Fatal1ty leikjaheyrnartól með einstökum hljómgæðum og sveigjanlegum MIC. Þetta er málið fyrir alla harða leikjaunnendur

**4.990**




## 8GB ZEN SPILARI

Ótrúlega nettur Creavite spilari á stærð við kreditkort, spilar bæði kvikmyndir, mp3 tónlist og með innbyggt FM útvarp.

**19.900**


TILBOÐ
tölvum og tölvubúnaði
500GB
HARÐDISKUR
Hraður og hljóðlátur
Seagate harðdiskur
með 32MB buffer
32MB
BUFFER
SATA2 NCQ
7.990
22"LCD
WIDESCREEN
Acer 2216WBD skjár,
700:1,5ms,1680x1050
Hvergi á betra verði!
acer
24.900
FARTÖLVA
• Intel Celeron M550 2.0GHz
• 1GB DDR2 667MHz minni
• 120GB 5400RPM diskur
• 15.4" WideScreen skjár
• 0.3MP vefmyndavél
• Vista Home Premium
acer
5315
59.900
LANDSINS MESTA ÚRVAL
EEE PC
NÚ LÍKA FÁANLEGAR MEÐ 9" SKJÁ OG WINDOWS XP
VERÐ FRÁ
29.900
HVERGI BETRA VERÐ!
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi innifoldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrst er að fæðast.

# Til hinna óbornu

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Það er myrkur og heitt og þrengir að þér á alla vegu. Þér eflist kraftur til að fara úr skjólinu, lífi móður þinnar og áfram. Þú átt engan annan kost. Strengurinn er laus, herðir hvergi að þér. Heilbrigt jóð ertu, stillt og bíður kallsins sem þér er innprentað með skráðum boðum í eðli þínu. Þú bíður opnunar og með samstilltu átaki þínu og móðurinnar þrengir þú þér gegnum opið sem víkkar og víkkar og framundan er ljósið og lífið. Þú sleppur heilt gegnum fyrstu og stærstu hættuna í lífinu: þú fæðist.

Við þér tekur snögg ljósan, grípur þig öruggum höndum og leggur þig á heitan móðurbarm. Hljóðin æra þig, skjálftinn við hitabreytinguna sem fósturfitan megnar ekki að hlífa þér við. Nýr heimur tekur við. Ljósan hefur hjálpað móður þinni við fæðinguna eins og kynsystur hennar hafa gert svo langt aftur sem sagan greinir og enn lengra aftur í dimma forsögu tegundar okkar. Hvar værir þú statt, ófædda barn, ef ljósunnar nyti ekki við?

*Þú ert að fæðast í samfélag fitunnar, fósturfituna skafa þær af þér en þá fer fljótt að hlaðast á þig fita hinna lifandi.*

Hún hefur eftir langskólanám bætt við sig tveimur árum til að læra það sem tók formæður hennar og fyrirrennara mörg ár að læra. Nú er hún blessunin á síðustu vikunum á uppsagnarfresti sökum þess að hún væri á ögn betra kaupi sem hjúkrunarfræðingurinn sem er á vaktinni þessa nóttina á deildinni ef hún væri ekki í þessu starfi heldur hennar. Eru það ekki bara flón sem bæta við sig sérnámi upp á tvö ár til þess eins að vera á lægra kaupi en hinir hjúkrunarfræðingarnir á deildinni? Það er regla samfélagsins sem þú átt eftir að læra. Aukin þekking og kunnátta á að gefa þeim sem afla hennar meira úr býtum. Þú ert að fæðast í samfélag fitunnar, fósturfituna skafa þær af þér en þá fer fljótt að hlaðast á þig fita hinna lifandi. Þeir tala oft um fitu í rekstrinum sem þú munt ekki skilja fyrr en löngu seinna. Og þá fitu vilja menn losna við þótt það takist sjaldnast enda deilumál hvar þá fitu er að finna.

Ljósan vinnur við það sínar löngu vaktir að koma börnum í heiminn. Starf hennar er blessun og böl, því alltaf farast einhver nýfædd börn í höndum hennar. Hún hefur líf þitt og annarra nýbura í höndum sér bókstaflega. Læknirinn er á bakvakt, starfsstúlkur og aðrir á deildinni fá lítið að gert ef ljósuna vantar. Móðirin treystir á hana. Eftir vel heppnaða fæðingu blessar öll fjölskyldan hana. Faðirinn trekktur og spenntur, mæður og feður og aðrir sem að þeim standa. Nafn hennar er geymt.

En þú ert að fæðast í samfélag sem enn þarf á mörgum nýjum höndum að halda. Það er viðgangur í þjóðlífinu, þið fæðist mörg börnin. Enn er það talin gæfa í þjóðareðlinu að búa við barnalán, ólíkt og í mörgum löndum næst okkur þar sem fæðingum fækkar og þjóðirnar eldast og verða að sækja endurnýjun sína og viðgang til fjarlægari landa. Því er hagur ljósmóðurinnar hagur ykkar, hinna óbornu. Og á haustnóttum ætla þær að ganga út.

Koma svo.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

BYLGJAN BER AF




Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 26. apríl til 25. maí 2008. Hlutdeild - hlustun í mínútum á dag.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Upprifjun

Náttúruverndarsamtök Íslands hafa í greiðaskyni við Samfylkinguna grafið upp ummæli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á Alþingi, 3. október 2006. Formaður Samfylkingarinnar hafði þá þetta að segja: „Með þessari stefnumótun um hið fagra Ísland hefur Samfylkingin tekið þá skýru stefnu að sú stóriðjustefna sem ríkisstjórnin hefur fylgt á umliðnum árum og boðar á komandi kjörtímabili eigi ekkert erindi við framtíðina. Hún á ekkert erindi við framtíðina, nú er tímabært að stokka upp spilin, gefa upp á nýtt og gefa náttúrunni betri spil á hendi en hún hefur haft hingað til. Samfylkingin mun fylgja þessu máli fast eftir, þetta verður veganesti hennar inn í nýja ríkisstjórn."



### Kvartar ekki

Lesendabréf eru heppilegur vettvangur til að viðra skoðanir sínar og fyrirætlanir. Páll Magnússon útvarpsstjóri bregður hins vegar út af vananum í aðsendri grein í Morgunblaðinu í gær og lýsir yfir hvað hann ætlar **ekki** að gera, það er barma sér eða nota orð á borð við svik eða brigð, þótt ríkið setji ekki jafnmikið fé í rekstur RÚV og áætlanir gerðu ráð fyrir. Getur verið að Páll sé ekki að mæla undir rós?



### Sjoppulegt

Stefáni Pálssyni, sagnfræðingi og bloggara, þykir ekki mikið til sendiráðs Bandaríkjanna koma. Kona hans fékk sent boðskort í þjóðhátíðarveislu sendiráðsins í dag en með fylgdi miði þar sem sérstökum styrktaraðilum veislunnar var þakkað, til dæmis KFC-skyndibita, Hertz og Vífilfelli. „Dálítið sjoppulegt," segir Stefán, og á líklega við gestgjafann frekar en að hann telji ímynd KFC setja niður við þetta. Undir það tekur annar bloggandi sagnfræðingur, Guðmundur Magnússon, sem segir þetta spurningu um borgaralega sjálfsvirðingu. Þar með er dómur sögunnar væntanlega fallinn – og það áður en veislan fór fram.

bergsteinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Margslungið mál

**UMRÆÐAN**

Einar K. Guðfinnsson skrifar um aflaákvörðun



EINAR K. GUÐFINNSSON

Rétt er það að ákvörðun um heildarafla að þessu sinni að hún er ekki að fullu í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar. En er það fréttnæmt? Vissulega ekki. Í fyrra þegar ákveðið var að lækka mjög heildarafla í þorski, var jafnframt tekin ákvörðun um að fara ekki heldur að fullu eftir tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar í öllum tegundum. Alveg eins og núna. Að þessari niðurstöðu hnigu þá og hníga nú margvísleg rök, sem ættu að blasa við þeim sem kynna sér málin.

Nauðsynlegt er að benda á að reglugerðin um hámarksafla nú nær til sautján fisktegunda. Í níu þeirra er hámarksaflinn ákveðinn sá sami fyrir næsta fiskveiðiár og er á yfirstandandi fiskveiðiári. Þá er þess enn að geta að nær undantekningarlaust er hér um að ræða tegundir þar sem Hafrannsóknastofnunin leggur óbreytta ráðgjöf; og það þó ákveðið hafi verið í fyrra að fara lítillega fram úr ráðgjöfinni við ákvörðun um heildarafla fyrir yfirstandandi ár, í a.m.k. einhverjum þeirra. Með öðrum orðum hafði sú ákvörðun, að fara eitthvað fram úr ráðgjöf stofnunarinnar í fyrra, bersýnilega ekki þau neikvæðu áhrif á stöðu fiskistofnanna að það þætti ástæða til að leggja til aflaminnkun af þeim ástæðum.

Enn er þess að geta að við aflaákvörðun nú er aflamark aukið í þremur tegundum. Það er gert í kjölfar þess að Hafró leggur til að kvótinn sé aukinn frá ráðgjöf síðasta árs og þar með meðal annars, aukningu miðað við útgefinn kvóta síðasta árs. Loks er það að nefna að aflaheimildir eru dregnar saman í fimm tilvikum frá síðasta ári, skiljanlega mismikið þó. Endurspeglar það þá staðreynd að Hafró leggur til aflaminnkun í þessum tegundum. Við aflaákvörðun er að að mörgu að hyggja. Stóra málið er vitaskuld að hún tryggi sjálfbærni veiðanna og að þær megi stunda með arðbærum hætti til frambúðar. Aðstæður geta svo verið á þann veg, að skynsamlegt sé að heimila veiðar á tilteknum stofnum, umfram ítrustu tillögur fiskifræðinga.

Þetta getur þannig átt við fiskimiðin okkar. Við þurfum að takmarka stíft sókn í tilteknar tegundir, en til eru aðrir sterkir stofnar sem þola tímabundna meiri veiði. Einnig geta verið uppi sérstakar aðstæður, eins og í grálúðunni. Hún er stofn sem við höfum ekki einir ráðstöfunarrétt yfir og engir samningar gilda um. Við ráðum einfaldlega ekki við aðstæður. Lækkun aflamarks í grálúðu í samræmi við ráð fiskifræðinga myndi ekki tryggja að veitt yrði minna af stofninum í heild sinni.

Aflaákvörðun er því augljóslega margslungið mál sem ekki verður rætt með einfölduðum hætti, eins og örlað hefur á síðustu dægrin. Þess vegna er vandað stofnstærðarmat okkar fremstu vísindastofnunar lagt til grundvallar. Jafnframt er tekið tillit til sjónarmiða fleiri aðila eins og kostur og skynsemi leyfir. Að því búnu eru fjölþættar aðstæður, á borð við þær sem raktar hafa verið í greininni, vegnar og metnar. Allt þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar rætt er um ákvarðanir um heildarafla hverju sinni.

*Höfundur er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.*

**SILKIMJÚKUR KRAPÍS**
Ásgeir Sandholt hefur getið sér gott orð fyrir að búa til litarefnalausan krapís, að mestu gerðan úr ávöxtum, vatni og sykri.
MATUR 2



**ELTA SÓLINA**
KMK-félagið stendur fyrir útilegu við Hítarvatn um helgina þar sem meðal annars verður boðið upp á kennslu í fluguveiði.
HELGIN 3








4ra rétta tilboð
og nýr A la Carte

· **Léttreiktur lax** með granateplum og wasabi sósu ·
· **Kókos- og engifersúpa** með grilluðum tígrisrækjum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
· **Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu ·

6.490 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.990 kr.*

NÝTT!
Glas af eðalvíni

**Côte Rôtie „La Mouline“ 2003** | Rhône, Frakkland
**Opus One 1995** | Napa Valley, Bandaríkin

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **19 eðalvínum** með mat. Verð frá 890-8.900 kr.
*Sjá nánar á perlan.is.*

PERLAN
Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is
Hringbrot



Hjördís Guðný kann ýmislegt fyrir sér í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Indversk áhrif í eldhúsinu

***Hjördís Guðný Guðmundsdóttir grunnskólakennari kann margt fyrir sér í eldhúsinu.***

Hjördís hefur lengi gert garðinn frægan með eldamennsku sinni og það eru fáir réttir sem hún leggur ekki í elda. Hjördís segist elda fjölbreyttan mat og frá öllum heimshornum. Þegar hún er spurð um sinn uppáhaldsrétt þá nefnir hún indverskan pottrétt sem á alltaf við að hennar sögn.

„Ég kynntist þessum rétti þegar ég var stödd í óvissuferð með samstarfsfólki fyrir norðan. Rétturinn var toppurinn á góðum degi. Ég hef eldað hann nokkrum sinnum heima og honum er alltaf svo vel tekið af börnum mínum og manni sem er sérstaklega ánægður með réttinn. Rétturinn er bæði fyrir matgæðinga og matvanda, hann er allra,“ segir Hjördís.

Innihald réttarins er 600 til 800 grömm af gúllasi í bitum og hægt er að nota bæði nauta- og lambagúllas. Annað sem þarf er ein dós af niðursoðnum tómötum og 20 til 40 grömm af kókosmassa en hægt er að nota kókosmjólk en 50 grömm af kókosmassa samsvara 400 millilítrum af kókosmjólk. Svo er það salt, pipar, engifer, kanill og negull, allt eftir smekk.

„Aðferðin er einföld og góð. Ég byrja á því að brúna kjötið í potti og bæti síðan restinni ofan í og læt allt malla þar til kjötið er vel maukað eða mjúkt undir tönn. Með réttinum ber ég fram hrísgrjón og naan-brauð. Rétturinn sómir sér mjög vel einn á borði sem aðalréttur. Verði ykkur að góðu,“ segir Hjördís með bros á vör.

*mikael@frettabladid.is*

nýr matseðill
...og kroppurinn blómstrar



Sushi
SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI
202. Ferskt Nings Sushi 6 bitar.
203. Ferskt Nings Sushi 10 bitar.
204. Ferskt Nings Sushi 30 bita veislubakki.
205. Ferskt Nings Sushi 50 bita veislubakki.
Ath! Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara.

MSG
LO SALT
TRANS FITA

NINGS
www.nings.is
SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899

**Spergilkál** er ekki aðeins hollt heldur líka gott. Það er einstaklega litríkt grænmeti sem passar með flestum mat. Spergilkál er einnig gott sem snarl milli mála.










Ásgeir Sandholt hefur getið sér gott orð fyrir að búa til krapís sem er að mestu leyti gert úr ávöxtum, vatni og sykri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bráðnar í munninum

***Ásgeir Sandholt er sérfræðingur í að framreiða krapís með silkimjúkri áferð sem er víst með að vekja lukku.***

Ásgeir Sandholt konditor hefur um árabil unnið að því að þróa og fullkomna uppskriftir að alls kyns krapís (e. sorbet), sem fallið hefur í kramið hjá viðskiptavinum Bakarís Sandholt sem Ásgeir á og rekur. „Ekkert jafnast á við svalandi krapís. Það getur verið mjög bragðgott og úrvalið er oft alveg ótrúlegt," segir hann og bendir á að ferskt ávaxtakrapís sé oft hugsað sem viðbót við kökur og aðra eftirrétti, en það sé alveg eins hægt að snæða eitt og sér.

„Oft eru notuð efni í krapísgerð eins og glúkósi, sem hindrar myndun stórra ískristalla við frystingu; hann gefur silkimjúka og fallega áferð og ísinn bráðnar jafnar og betur í munni," segir Ásgeir, sem hefur getið sér gott orð fyrir að vera sá eini hérlendis sem býr til litarefnalausan krapís, að mestu gerðan úr ávöxtum, vatni og sykri. „Vegna þess hversu vinsælt það er hef ég gengið svo langt að búa til grænmetiskrapís sem hefur verið vel tekið," segir Ásgeir.

*mikael@frettabladid.is*



**Jarðarberjakrapís**
660 g jarðarberjamauk (fruit puree) - fæst frosið – (600 g jarðarber + 60 g sykur)
50 g af glúkósa
20 g af acaciu-hunangi
105 g sykur
165 ml vatn
1 tsk. sultuhleypir eða 2 blöð af matarlími

**Kókoskrapís**
440 g kókosmauk (fruit puree) - fæst frosið
50 g glúkósi
20 g acaciu-hunang
150 g sykur
335 ml vatn
1 tsk. sultuhleypir eða 2 blöð af matarlími

**Ananaskrapís**
550 g ananasmauk (fruit puree) – fæst frosið – (500 g ananas + 50 g sykur)
50 g glúkósi
20 g acaciu-hunang
105 g sykur
270 ml vatn
1 tsk. sultuhleypir eða 2 blöð matarlím
Athugið að það þarf að sjóða ananas áður en maukið er búið til.

**Lögun á krapís og frysting**
Hitið vatn í um 40°C. Bætið sykri blönduðum sultuhleypi og hunangi saman við og hitið að suðu. Kælið og blandið saman við ávaxtamauk. Ef matarlím er notað í stað sultuhleypis er það lagt í bleyti í kalt vatn í 5 til 10 mínútur og síðan leyst upp í ávaxtasírópinu eftir suðu. Blandið öllu vel saman með töfrasprota. Hægt er að frysta ávaxtaís á tvo vegu, í ísvél eða í frysti. Ísvél hrærir í ísnum á meðan hann er að frjósa og þarf þá að setja kjarnann í frysti með dags fyrirvara. Ef ísinn er frystur á hefðbundinn hátt þarf að hræra rösklega í honum með písk á hálftíma fresti, 4 til 5 sinnum eða oftar. Að því loknu er hægt að setja ísinn í matvinnsluvél til að jafna ískristalla og frysta síðan aftur. Því kaldari sem frystirinn er þeim mun fínni verður áferð íssins. Mikilvægt er að hafa í huga að gleyma sér ekki við að ná fullkominni áferð því með úrvals hráefni verður ísinn góður burtséð frá áferðinni.








**Bátsferð** er tilvalin helgarskemmtun fyrir fjölskylduna. Hví ekki að skella sér um helgina í bátsferð til Viðeyjar og ganga aðeins um eyjuna?

# Útilega og flugukennsla

***KMK-félagið stendur fyrir útilegu við Hítarvatn um helgina þar sem meðal annars verður boðið upp á kennslu í fluguveiði.***

KMK stendur fyrir konur með konum, en það er öflugt félag sam- og tvíkynhneigðra kvenna. Á föstudaginn verður lagt af stað í veglega útilegu félagsins við Hítarvatn skammt frá Borgarnesi, þar sem margt er í boði.

Samkvæmt Vallý Helgadóttur, formanni félagsins, verður boðið upp á kennslu í fluguveiði og hægt verður að kaupa sér veiðikort fyrir þær sem vilja veiða. „Þetta er fyrst og fremst fjölskylduhátíð því margar konur ætla að taka börnin sín með. Við fáum einnig leiðsögn og fræðslu um svæðið sjálft,“ útskýrir Vallý.

KMK hefur lengi farið í útilegur saman fyrstu helgina í júlí. „Í gegnum árin höfum við einfaldlega elt sólina en í ár varð Hítarvatn fyrir valinu,“ segir Vallý. Gist verður bæði í skála og í tjöldum. „Við höfum allan skálann út af fyrir okkur föstudagsnóttina og svo hálfan skálann laugardagsnóttina.“ KMK stendur fyrir alls kyns uppákomum allt árið. „Við viljum hafa dagskrána sem fjölbreyttasta því við vitum að hópurinn okkar er jafn fjölbreyttur og hann er stór,“ segir Vallý

KMK er ekki með formlega félagsskrá, né þarf að skrá sig til að vera meðlimur. Að sögn Vallýjar nægir að mæta á þær uppákomur sem félagið býður upp á. „Við erum þó með póstlista sem konur geta skráð sig á ef þær vilja fá upplýsingar um hvað er á döfinni hverju sinni.“ Þær konur sem hafa áhuga á Hítarvatnsferðinni geta skráð sig á kmk@kmk.is strax í dag eða kíkt á www.kmk.is og kynnt sér starfsemi félagsins betur.

*klara@frettabladid.is*



Vallý Helgadóttir formaður KMK segir stemninguna fyrir útilegu helgarinnar mjög góða.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Föstudagur: Íslandsmót í Harmonikku leik
Allir velkomnir
Laugardagur: Rúnar Þór leikur fyrir gesti
Veitingahúsið er opið frá 11:30-15:00 & 18:00-22:00
Reykjanesbæ • Hafnargötu 10 • Sími: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is


Komdu og gerðu góð kaup!
Útsalan er hafin í Respekt
Mikið úrval af Skunkfunk Desigual Lee og Wrangler
Respekt
firði · hafnarfirði · sími 533·3931 · www.respekt.is

Auglýsingasími
512 5050
Mest lesið



# FÖSTUDAGUR

4. JÚLÍ 2008
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS



## NONNI OG MANNI
Fóru saman á Bon Jovi tónleika

## INGA WONDER
Slær í gegn

# Magnús Scheving
## bæjarstjóri í Latabæ
– VILL HREYFA VIÐ HEIMINUM

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður*



„Ég kem heim frá Ibiza í dag eftir verðskuldað sumarfrí og er orðinn jafnbrúnn og Gillzenegger. Svo er eins gott að vera í stuði á laugardaginn því hann verður þéttur. Ég byrja á því að vakna og gera mig sætan. Fer svo í hljóðprufu á Nasa, syng svo í tveimur brúðkaupum yfir daginn ásamt Moniku hörpuleikara, rýk svo í brúðkaupsveislu hjá vini mínum og þeyti skífum fyrir hann, og fer svo beint þaðan á Nasa þar sem ég mun þeyta skífum og troða upp á styrktarballi Gay Pride langt fram undir morgun. Haffi Haff verður sérstakur gestur kvöldsins og hver króna af miðasölunni rennur beint til Hinsegin daga. Á sunnudaginn sef ég út og fatta að ég er kominn aftur heim til Íslands."

# Nýtt andlit í Kastljósinu

„Ég byrjaði síðastliðinn mánudag og þetta hefur bara gengið mjög vel," segir Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir leikkona, sem gegnir nú sumarafleysingastarfi í Kastljónu. „Starfið er mjög fjölbreytt og maður er alltaf með augu og eyru opin fyrir spennandi efni," segir Ísgerður sem var í þann mund að taka viðtal á Landsmóti hestamanna þegar blaðamaður náði tali af henni.

Spurð hvort hún fái eitthvert sumarfrí segist hún ætla utan í lok sumars. „Tveir af vinum mínum sem ég kynntist í Arts Education-leiklistarskólanum í London eru að fara að gifta sig á Ítalíu í lok ágúst, svo ég fer líklegast þangað í brúðkaupið ásamt fleiri gömlum skólafélögum," segir Ísgerður að lokum.

*- ag*



Ísgerður er í sumarafleysingum í Kastljósinu og ætlar í brúðkaup á Ítalíu í lok ágúst.

## fréttir



Það er glatt á hjalla hjá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Ingibjörgu Stefaníu Pálmadóttur því í kvöld eru þau búin að bjóða í svakalegt garðpartí heim til sín á Sóleyjargötuna. Síðustu ár hafa þau haldið sams konar teiti og hafa þau verið fræg fyrir flottheit og frábæran mat. Reikna má með að allt helsta peningafólk bæjarins verði samankomið í teitinu ásamt fjölskyldu og nánustu vinum. Því miður missir Lilja Pálmadóttir, systir Ingibjargar, af partíinu því hún verður á Landsmóti hestamanna á Hellu með sína sex gæðinga.


FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
Alma Guðmundsdóttir
*alma@365.is*
**Forsíðumynd** Ari Magg
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Sigríður Dagný
Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is* *sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000


*Einar Örn Einarsson og Garðar Thor Cortes létu drauminn rætast og fóru á Bon Jovi-tónleika í Lundúnum*

# Fíla Bon Jovi í botn

Einar Örn Einarsson leikari og Garðar Thor Cortes söngvari hafa verið vinir síðan þeir léku í þáttunum um Nonna og Manna. Á meðan tökur á fyrrnefndum þáttum fóru fram hlustuðu þeir mikið á söngvarann Bon Jovi og fíluðu hann í botn. Þegar kappinn var með tónleika í Lundúnum í síðustu viku ákvað Einar Örn að fljúga út á elleftu stundu, meðal annars til að geta séð gamla átrúnaðargoðið sitt á sviði. Saman rifjuðu þeir Garðar Thor upp gamla takta.



Nonni og Manni.

„Þetta var svolítið óvænt en ég ákvað að heimsækja Garðar og rugla aðeins í honum," segir Einar Örn hlæjandi og segir að þetta hafi verið mikil upplifun. „Við hlustuðum mikið á Bon Jovi meðan á tökum stóð á Nonna og Manna og vorum gjörsamlega óþolandi í bílnum þegar við vorum sóttir úr tökum því við vildum alltaf hafa Bon Jovi í botni. Við vorum alveg að gera út af við aðra í bílnum," segir Einar Örn. Þegar hann er spurður að því hvort tónlistarsmekkurinn hafi ekkert þróast játar hann að aðdáunin á Bon Jovi hafi aðeins vaxið við að sjá kappann á sviðinu í Lundúnum.

Það var þó ekki bara Bon Jovi sem dró Einar Örn til Lundúna því daginn áður fór hann í útgáfuteiti hjá Garðari Thor í tilefni af nýja disknum hans. Þar var múgur og margmenni og mikið af þekktu fólki úr bransanum.

Þegar Einar Örn er spurður að því hvort frægðin hafi stigið Garðari Thor til höfuðs þverneitar hann því. „Hann er ennþá alveg negldur við jörðina," segir Einar Örn og brosir. Hann segir að það sem eftir hafi lifað ferðar hafi þeir tekið því rólega, farið í leikhús á Músagildru Agöthu Christie og notið þess að vera til. „Okkur finnst óskaplega gott að hanga og gera ekki neitt," segir Einar Örn, sem er á ferð og flugi þessa dagana. Hann vinnur sem flugþjónn hjá Icelandair í sumar en í haust verður hann að leika með Leikfélagi Akureyrar en hann útskrifaðist úr Rose Bruford College í Lundúnum árið 2004.



Einar Örn og Garðar Thor. Þessa mynd tóku þeir af sér á Bon Jovi-tónleikunum í Lundúnum.

*martamaria@365.is*






FAGNA ÚTGÁFU NÝRRAR RAFSKINNU

# Þrír klukkutímar af efni

Annað tölublað af sjónritinu Rafskinnu hefur loksins litið dagsins ljós og var útgáfu þess fagnað í Sirkusportinu í gær. Þema blaðsins að þessu sinni er hús. „Það er mikið í blaðinu sem tengist húsum á einn eða annan hátt," segir Sigurður Magnús Finnsson, einn af útgefendum Rafskinnu. „Til dæmis er Biggi veira úr Gus Gus með smá fræðsluþátt um sögu hústónlistar. Svo förum við í húsbílaferð með múm og þau sýna okkur allt það æfingahúsnæði sem þau hafa notað í gegnum tíðina. Það er líka myndband með þeim og nokkrum öðrum. Nýja þrívíddarmyndbandið hennar Bjarkar er þarna og fylgja þrívíddargleraugu með tímaritinu."

Fleiri skemmtilegir fylgihlutir fylgja með sjónritinu, sem kemur út á DVD-diski. Þeirra á meðal eru minnisspil, sem að sjálfsögðu eru tengd þema ritsins, húsum. „Það eru myndir af húsum á Laugaveginum sem á að rífa á næstunni – svo fólk geti lagt þau á minnið áður en þau hverfa," segir Sigurður.



Pétur Már Gunnarsson, Þórunn Hafstað, Sigurður Magnús Finnsson og Ragnheiður Gestsdóttir eru fjórir af fimm aðstandendum sjónritsins Rafskinnu, sem er nú komið út í annað sinn.

Nýja tölublaðið af Rafskinnu inniheldur um þrjá klukkutíma af efni, en að sögn Sigurðar er lengsti hlutinn myndin Oxsmá Plánetan í leikstjórn Óskars Jónassonar. Myndina gerði Óskar fyrir um 25 árum en hún hefur aldrei komið út áður.




allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 20 ár
1988-2008

KORTER.IS - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

# GÆÐI ALLA LEIÐ

PROMAX er háhreinsað protein fyrir alla sem vilja byggja upp og ná hámarksárangri

**AF HVERJU PROTEIN ?**

Nægilegt protein í fæðuvali þínu er nauðsynlegt til að viðhalda og auka vöðvavöxt sérstaklega fyrir fólk sem er í reglulegum átökum eða vill minnka fituhlutfall líkamans.
PROMAX inniheldur Biomax sem er háhreinsuð blanda mysuproteina. Biomax tryggir hámarks amminosýruflæði sem stuðlar að endurhleðslu vöðva eftir erfið átök. Ekkert eggja, mjólkur eða sojaprotein er í blöndunni þar sem það getur valdið magaþemdu hjá mörgum einstaklingum.
PROMAX inniheldur vöðvastuðningsblöndu "Nitrogain" sem er blanda NAC, Taurine, Chromium Polynicotinate og Glutamin peptides.

Vegna góðrar virkni sinnar er PROMAX orðinn leiðandi valkostur hjá þekktu íþróttafólki og fólki sem ástundar hvers konar íþróttir og hreyfingu. PROMAX er mest selda proteinblandan í Bretlandi og nú meðal viðskiptavina HREYSTI.

PROMAX blandast og bragðast vel, fæst í 6 bragðtegundum auk PROMAX natural sem ekki er bragðbætt og án viðbættra aukaefna.

Allar framleiðsluvörur MAXIMUSCLE eru framleiddar eftir ströngum gæðastöðlum og eru með ISO17025 vottun.




MAXIMUSCLE
Seriously Fit Food

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Kíktu á nýja og betri netverslun www.hreysti.is

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18



## borgin mín
# KAUPMANNAHÖFN
LÁRA GUÐNADÓTTIR nemi

**MORGUNMATURINN:**
Uppáhaldið er ad koma við í Lagkagehuset á Christianshavn (eftir að hafa komið börnunum í skólann) og kaupa mér speltbrauð og rabarbarahorn sem bragðast best á svölunum mínum.

**SKYNDIBITINN:**
Ég er ekkert rosa dugleg í skyndibitanum, en ef hægt er að kalla sushi skyndibita þá klikkar Sticks and sushi á Istegade aldrei.

**RÓMÓ ÚT AD BORDA:**
Það er lítill franskur staður á Lars Bjørs stræde sem heitir L'Education Nationale. Hann er í algjöru uppáhaldi. Hann er kannski ekkert neitt voða rómó í útliti, en það er eitthvað sem liggur í loftinu þar.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:**
Klárlega Goggle á Elmegade, þegar innkaupin snúast um sjálfa mig. Ef ég er að hugsa um börnin þá er það Elmebørn sem er á Elmegade. Annars er mjög mikið af skemmtilegum verslunum á Istedgade þar sem er hægt að finna eitthvað við allra hæfi.

**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:**
Það hlýtur ad vera Islands Brygge, sem hefur blómstrað síðustu árin. Þá má sérstaklega nefna Københavns havnebad og umhverfið þar í kring sem er algjör snilld.

**BEST VIÐ BORGINA:**
Það sem mér finnst best vid Kaupmannahöfn er hvað það er stutt í græn svæði. Maður kemst alls staðar í einhverja garða eða leiksvæði þar sem hægt er að eyða heilu og hálfu dögunum í ró og næði í öllum hamagangnum.

**LÍKAMSRÆKTIN:**
Hjóla, labba, hjóla meira.








Inga Wonder syngur lag á nýjustu plötu Merzedes Club

# Í spandexgalla á sviðinu

Inga Þóra Ingadóttir gengur undir nafninu Inga Wonder þessa dagana. Hún mun troða upp með Merzedes Club í sumar en hún syngur lagið Desire á væntanlegri plötu hljómsveitarinnar. Til þess að falla inn í hópinn mun Inga klæðast sérhönnuðum galla úr smiðju Hörpu Einarsdóttur.

„Valli sport spurði mig hvort ég vildi verða bakraddasöngkona Merzedes Club. Svo vildi Barði Jóhannsson endilega að ég myndi syngja eitt lag á plötunni. Ég ákvað því bara að slá til,“ segir Inga. Hún er ekki ókunn sviðsljósinu því hún söng í kór í mörg ár og dansaði með Love Guru. Það er kannski ekki á færi allra að klæðast fatnaði í anda Merzedes Club en Inga fer létt með það enda er hún íþróttafræðingur og einkaþjálfari. Þegar hún er spurð hvort hún fái einhvern tímann sviðsskrekk segir hún svo ekki vera. „Ég er búin að vera í fimleikum og að dansa á sviði síðan ég var lítil þannig að þetta er ekkert mál. Mér finnst gaman að koma fram og fá viðbrögð hjá fólki. Það gefur mér kraft,“ segir hún og bætir við að ekki skemmi það stemninguna hvað hún fíli danstónlist vel. Þegar hún er spurð að því hvernig hún haldi sér í formi þá segist hún æfa á hverjum degi enda sé hún Boot Camp þjálfari.

„Við þjálfararnir æfum saman í tvo tíma á dag,“ segir Inga Wonder klár í slaginn.

*martamaria@365.is*

LOSTÆTI VIKUNNAR

# Bananamuffins í árbít

*Á góðum degi er ekki úr vegi að draga fram Jóa Fel sem býr innra með okkur öllum og baka alvöru bananamuffins til að hafa með morgunmatnum.*

450 g spelt
1 msk. lyftiduft
2 egg
200 g hrásykur
1/2 dl olía
4 og 1/2 dl mjólk
3-4 vel þroskaðir bananar
hitið ofninn í 200 gráður

Blandið saman spelti og lyftidufti í skál. Þeytið saman egg, hrásykur, olíu og mjólk í annarri skál. Blandið innihaldi skálanna saman og bætið bananamaukinu út í. Hellið deiginu í muffinsform og bakið í 15-20 mínútur, eða þar til kökurnar hafa lyft sér.





3G pungur 19.900 kr. staðgreitt eða 1.990 kr./mán. í 12 mánuði og reikningur greiddur með kreditkorti. Ef keyptur er 3G pungur fylgir 3G internet með í 12 mánuði. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán.

# fatastíllinn

*Marta Dröfn Björnsdóttir sminka*

**1.** „Bestu kaupin mín. Kjóll sem ég er í keypti hér í Kaupmannahöfn þegar ég var að vinna fyrir í Mac í Illum.“ **2.** „Hringurinn Hrúturinn er frá verslunninni Glamúr en ég keypti hann fyrir tveimur árum og hef notað hann mikið.“ **3.** „Sundbolur frá La Sensa er nauðsynlegur í sumar.“ **4.** „Ég elska fötin hennar Dúsu í Skaparanum en pilsið er þaðan.“ **5.** „Bolurinn er sömuleiðis frá Dúsu í Skaparanum, mig langar eiginlega í allt þaðan.“ **6.** „Þessi spöng er eftir Jódísi en ég var með hana í fyrstu vikunni í vinnunni um daginn og var mikið spurt út í hana.“ **7.** „Kjólinn er frá All Saints og er í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég elska einföld föt með skemmtilegum smáatriðum eins og þennan kjól.“ **8.** „Spöngin er frá Telmu en ég hef mikið dálæti á alls kyns hárskrauti.“

# Elskar fallega skó, hatta og hárskraut

Marta Dröfn Björnsdóttir sminka fluttist nýverið til kóngsins Kaupmannahafnar en hún starfar þar hjá Mac Cosmetics. Marta lærði úti í Los Angeles en hefur verið búsett á Íslandi síðastliðin ár. Hún hefur unnið í bíómyndum og leikhúsum auk þess sem hún hefur sminkað fyrir helstu tímarit landsins.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum eigin stíl?** „Mér finnst erfitt að lýsa mínum eigin stíl, ætli það sé þó ekki hægt að segja að hann sé klassískur með töffaralegu ívafi. Ég elska aukahluti eins og hatta og fallegt hárskraut og blanda því með einföldum fötum.“

**Hvaðan sækir þú innblástur þegar kemur að fatastílnum?** Áttu þér einhverja fyrirmynd? „Sarah Jessica Parker í Sex and the City. Mér finnst líka fimmti og sjötti áratugurinn og Viktoríutíminn mjög skemmtilegur og sæki oft innblástur í þessi tímabil.“

**Hvar verslar þú helst?** „Mér finnst mjög gaman að versla í erlendis og hér á Íslandi fer ég reglulega í Hjálpræðisherinn og skoða þar. All Saints er í miklu uppáhaldi hjá mér sem og „vintage“-verslanir.“

**Átt þú þér þinn uppáhaldshönnuð?** „Alexander McQueen, Vivienne Westwood, Skaparinn og Steinunn.

**Uppáhaldsfatamerki:** „All Saints.“

**Bestu kaupin:** „Kjóll sem ég keypi í Illum í Kaupmannhöfn frá merki sem heitir m by m.“

**Verstu kaupin:** „Öll óþægileg föt.“

**Fyrir hverju ertu veikust?** „Ég elska fallega skó og fæ aldrei nóg af þeim.“

**Uppáhaldsbúðin:** „All Saints, Kron, Kron Kron, Spútnik og Rokk og rósir.“

**Nauðsynlegt í fataskápinn?** „Núna finnst mér nauðsynlegt að eiga góða gollu sem gott er að grípa í ásamt pari af litríkum fallegum skóm og sætum síðkjól í hippastíl til að hressa upp á daginn.“

**Hvað langar þig mest í fataskápinn þessa stundina?** „Mig langar í fallegan sumarkjól og Malono Blaniks-skór væru draumurinn.

**Hvað finnst þér um íslensku tískuna?** „Mér finnst íslenska tískan mjög flott og við virðumst vera langt á undan miðað við margar þjóðir. Við eigum fullt af flottum hönnuðum sem eru að gera spennandi hluti eins og Steinunn og Skaparinn.“

*bergthora@frettabladid.is*






















**ANNA LÍSA OG SKORRI** FINNA SPENNANDI ÆVINTÝRI ALLSSTAÐAR ÞAR SEM ÞAU KOMA. ÞEIRRA HELSTA ÁHUGAMÁL ER AÐ RANNSAKA HEIMINN Á FERÐALAGI MEÐ FJÖLSKYLDUM SÍNUM OG VINUM.
**UNDIRBÚNINGUR:**
**ÍSAK & LOGI** MERINO ULLAR
TOPPUR OG BUXUR SETT: KR. 7.990
AUSTURHRAUN 3 GBR. & LAUGAVEGUR 11 RVK.
**WWW.CINTAMANI.IS**
CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG

*Það er vart að finna íslenskt barn sem ekki þekkir Íþróttaálfinn. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því leikritið Áfram Latibær var sýnt árið 1996 og nú er Latibær á góðri leið með að ná heimsyfirráðum með sjónvarpsþátt í 118 löndum og leiksýningu úti um allan heim. Alma Guðmundsdóttir hitti Magnús Scheving á „bæjarstjóraskrifstofu“ Latabæjar og fékk að skyggnast inn í heim Íþróttaálfsins og mannsins á bak við fyrirtækið.*

# Latibær hreyfir við heiminum



Magnús Scheving fór af stað með Latabæ árið 1995 í þeim tilgangi að hvetja börn og fjölskyldur þeirra til að lifa heilbrigðu líferni á skemmtilegan hátt. Eftir áralangan samfleytan árangur á Íslandi jókst sala á ávöxtum og grænmeti meðal annars um 22 prósent í kjölfar Latabæjarorkuátaksins. Fyrir um fjórum árum hófst hin eiginlega útrás Latabæjar og nú er hann heimsþekkt vörumerki sem er óðum að styrkjast í sessi sem eina alþjóðlega vörumerkið sem er tileinkað heilbrigði barna og fjölskyldna. Til marks um þetta má nefna könnun sem gerð var meðal áhorfenda á Latabæjarleiksýningu í Bretlandi í apríl á þessu ári. Meðal svarenda voru 43 prósent sem staðhæfðu að börn þeirra hefðu meiri áhuga á og neyttu meira af hollum mat en áður og um 36 prósent sögðu börnin sín hreyfa sig meira eftir viðkynningu við Latabæ. Magnús leggur mikið upp úr því að grunnhugmyndin haldi sér og að Latibær hreyfi við fólki.

„Heilbrigði er frekar erfitt viðfangsefni því það getur verið flókið að skilgreina fyrir börnum hvað heilsa er. Það sem er heilsusamlegt fyrir fjögurra ára stúlku er allt annað en það sem er heilsusamlegt fyrir fertugan mann, svo ég kýs að segja að heilbrigði snúist um jafnvægi og að börn fái svigrúm til að taka eigin ákvarðanir þegar kemur að lífsstíl. Það er til allskyns skemmtilegt barnaefni en ofbeldi kemur oft við sögu og það er lítið um raunverulegar fyrirmyndir. Það er í raun ekkert annað barnaefni á markaðnum sem er svona heilsumiðað eins og Latibær og mér fannst mikil áskorun að koma réttu skilaboðunum áleiðis til barna í sjónvarpsþætti á áhugaverðan hátt, án þess að vera að predika,“ útskýrir Magnús. „Staðreyndin er sú að barnaefni hefur bara vissan stimpil og börn eru yfirleitt sett í annað sæti þegar kemur að gæðum. Barnaefni er því alltaf að verða ódýrara og lélegra, en við ákváðum í upphafi að leggja mikið upp úr gæðunum þó svo að það yrði dýrara,“ bætir hann við.

**Besti tími dagsins:** Æfingatíminn.
**Bíllinn minn er …** Jógadýnan mín, ég slappa af við akstur.
**Diskurinn í spilaranum:** Sigur Rós.
**Mesti lúxusinn:** Að keyra heim úr vinnunni á nóttunni – þá er engin umferð.
**Uppáhaldsmaturinn:** Grilluð stórlúða.
**Uppáhaldsárstíðin:** Þegar sumarið lendir á helgi.
**Besta fríið:** Frí hvað? Skil ekki spurninguna.
**Uppáhaldsdrykkurinn:** Vatn.
**Mesta klisjan:** Þú getur allt sem þú ætlar þér nema þegar þú hættir við á miðri leið.
**Mér líður best þegar:** Þegar ég sé að Latibær getur haft jákvæð áhrif á börn.
**Uppáhaldshúsgagnið:** Bekkpressan.

## Heimsyfirráð

Það getur verið erfitt að gera sér í grein fyrir þeim árangri sem Latibær hefur náð á heimsvísu. Nú hafa 53 sjónvarpsþættir verið sýndir úti um allan heim, á ótal tungumálum. Nýverið gerði Latibær samning við BBC í Bretlandi um samframleiðslu á 26 nýjum þáttum sem nefnast „LazyTown Extra“. Í fyrstu atrennu verða 26 þættir framleiddir að hluta til í upptökuveri Latabæjar í Garðabæ, en hinn hlutinn verður tekinn upp af BBC. Um þessar mundir eru viðræður á lokastigi við aðrar sjónvarpsstöðvar um sams konar samstarf. Í hinum nýju þáttum mun Siggi sæti fara og hitta börn í hverju landi fyrir sig.

Á aðeins örfáum mánuðum hefur um ein milljón manns séð Latabæjarleiksýningu í Bretlandi og sjö löndum Suður-Ameríku. Á næsta ári er áætlað að opna sýningar í að minnsta kosti fimm löndum til viðbótar í Suður- og Mið-Ameríku auk fimm Evrópulanda. Latibær nýtur svo mikilla vinsælda í Suður-Ameríku að þegar Magnúsi var boðið að fara þangað og hitta heilbrigðisráðherra Chile gat hann ekki gengið í gegnum tollinn á flugvellinum án þess að skrifa eiginhandaráritanir fyrir tollverðina og krakkar höfðu hópast fyrir framan flugstöðina til að sjá Íþróttaálfinn koma klukkan átta að kvöldi til.

„Konan sem þreif hótelherbergið hjá mér bankaði einn daginn og spurði kurteisislega hvort hún mætti koma með barnið sitt sem var á nærliggjandi leikskóla og hitta mig. Ég sagði að það væri sjálfsagt og þegar ég kom niður í anddyrið stuttu síðar voru um áttatíu börn á aldrinum þriggja til sex ára sem vildu sýna mér leikrit um hreyfingu. Fólkið á hótelinu skildi ekki hvað var eiginlega um að vera, en ég settist niður í góðar fjörutíu mínútur á meðan börnin sýndu mér allskyns hreyfingar, armbeygjur og hopp sem þau höfðu æft. Að vera Íslendingur og koma til Chile og sjá að maður hefur haft áhrif er alveg magnað,“ segir Magnús, sem hefur ekki einungis haft áhrif á börn og fjölskyldur þeirra heldur hafa stjórnvöld ráðfært sig við hann um vaxandi offituvandamál, heilbrigðisráðherrar víðs vegar um heiminn sóst eftir að hitta hann og nú síðast var Magnús heiðursgestur á ráðstefnu með leiðtogum stærstu matvælafyrirtækja heims og helstu áhrifaaðila innan heilbrigðisgeirans, þar sem hann talaði sem leiðandi sérfræðingur í málefnum heilbrigðis barna. Magnús hefur einnig þegið boð The Sun, sem er víðlesnasta dagblað Bretlands, um að skrifa dálkaröð í blaðið.

„Ég mun skrifa í blaðið sem Íþróttaálfurinn og byrja á því í júlí. Vegna anna á ég erfitt með skrifa dálka reglulega í blaðið svo þetta verður gert með því móti að á þriggja vikna fresti verð ég sérfræðingur þeirra í einhverju tilteknu máli sem tengist heilsu og er í umræðunni í Bretlandi hverju sinni,“ útskýrir Magnús sem vinnur einnig að því að skrifa bók um þessar mundir.

„Ég er að skrifa bók með Miriam Stoppard um barnauppeldi, en Miriam skrifaði til dæmis Kvennafræðarann og bækur fyrir foreldra sem hafa selst í milljónum eintaka. Við erum núna að skrifa saman bók sem ber vinnuheitið How to Raise Healthy Kids og er gríðarlega spennandi verkefni. Við munum líklega ljúka við skrifin á þessu ári svo bókin ætti að vera tilbúin til útgáfu á alþjóðlegum markaði á næsta ári,“ segir Magnús.

Reglulega berast bréf til Latabæjar frá börnum og fullorðnum hvaðanæva úr heiminum sem þakka fyrir þau jákvæðu áhrif sem þættirnir eða leiksýningin hefur haft á þau, en það berast líka bréf frá foreldrum sem biðja um hjálp og góð ráð til að ástunda heilbrigðara líferni. Í kjölfarið var tekin sú ákvörðun að gera Latabæjarklúbb til að styðja við bakið á börnum og foreldrum þeirra.

„Fyrir verð einnar pitsu á mánuði verður hægt að gerast meðlimur í klúbbnum í tvö ár með barnið sitt. Þau fá þá reglulega sendan pakka heim til sín með ýmsum varningi, svo sem tónlist, plakötum, bókum, límmiðum og DVD-disk þar sem Íþróttaálfurinn talar til krakkanna. Þessu mun fylgja dagskrá frá a til ö og krakkarnir fá verðlaun eftir hvert ár sem þau ljúka. Eftir tvö ár í klúbbnum fá þau sendan galla og svokallað „ofurhetjuæfingaprógramm“, þar sem þau þurfa að þjálfa foreldra sína, ömmur eða afa í einn mánuð áður en þau útskrifast og fá bikar,“ útskýrir Magnús og áætlar að stórt hlutfall harðra Latabæjaraðdáenda, sem nú skipta mörgum milljónum á heimsvísu, muni ganga í klúbbinn.

Það er ekkert leyndarmál …
…að Leyndarmálið er ein vinsælasta bók í heimi.
Hvers vegna?
Vegna þess að Leyndarmálið er bók um raunveruleg viðfangsefni sem býður upp á raunverulegar lausnir!
Leyndarmálið er bók fyrir þá sem vilja fá meira út úr lífinu.
Notaðu sumarið og tileinkaðu þér Leyndarmálið



www.Salka.is
Salka
Salka/GBÓ

„Nú eru til dæmis fjöldi leikara af ýmsu þjóðerni að leika Íþróttaálfinn á sviði, auk þess sem Latabæjarbrúður eru orðnar hluti af framleiðslu BBC. Það er kannski bara eins gott enda kemur einhvern tímann að síðasta söludegi á manni," segir Magnús og hlær.

### Boð og bönn

Mikið hefur verið rætt um markaðssetningu á vörum fyrir börn og skiptar skoðanir eru á því hvort banna eigi auglýsingar sem höfða sérstaklega til barna, en Magnús hefur sína sérstöku nálgun á þetta álitamál. „Ég held að spurningin sé ekki hvort eigi að banna auglýsingar með lögum, ég held að ábyrgðin verði á endanum að liggja hjá fyrirtækjunum sem framleiða varning eða veita þjónustu fyrir börn. Ég er algerlega sammála því að það er skaðlegt heilsu barna að auglýsa stíft óhollan varning. Þess vegna var sú ákvörðun tekin að slíkum varningi myndi Latibær aldrei tengjast. Meginspurningin er hvað sé vænlegast til árangurs og ég held að ef allir þeir sem koma að uppeldi barna með einum eða öðrum hætti, svo sem foreldrar, kennarar, framleiðendur afþreyingar og stjórnendur sjónvarpsstöðva, tækju höndum saman mætti snúa óheillaþróun við. Þetta hefur margoft gerst í sögunni, nærtækasta dæmið er vakning almennings um skaðsemi reykinga sem nú er algerlega viðurkennd af samfélaginu og reykingar hvergi liðnar innan um börn. Þessi sama þróun er nú þegar hafin þegar það kemur að heilbrigðum lífsháttum, en þar verða allir hagsmunaaðilar að koma saman, ekki bara löggjafinn." Latibær er stöðugt að leita leiða til að leggja lóð á vogarskálina.

„Okkur langar meðal annars til að bjóða fram ódýran og þægilegan valkost í veitingahúsum sem mótvægi við alla óhollustuna sem er í boði með því að opna Latabæjarveitingastað. Með aukinni heilsufarsvitund hefur verið reynt að tengja hina ýmsu karaktera sem börn þekkja við hollan mat, en börn þurfa að finna að tengingin sé raunveruleg til að hún veiti þeim innblástur. Það hefur Latibær fram yfir hvert annað barnaefni og því langar okkur mikið að opna veitingastað sem yrði eins konar McDonald's 21. aldarinnar," útskýrir Magnús, en með vaxandi vinsældum Latabæjar hafa mörg matvælafyrirtæki viljað tengja vörur sínar við fyrirtækið. „Við höfum vandað mjög valið á samstarfsaðilum og sagt nei við ótal vörumerkjum sem okkur finnst ekki rétt að tengja okkur við. Á meðan við höfum sagt nei við skyndibitastaði og súkkulaðiframleiðendur sem gætu greitt okkur strax hefur fjárhagsstreymi verið hægara á köflum, en í staðinn hefur Latibær verið að vaxa jafnt og þétt og sett nafn sitt á vöru sem við treystum. Niðurstaða þessa er að Latabæjarvörumerkið er orðið mun verðmætara og samstarfsaðilar þurfa að leggja meira á sig en ella til að upfylla okkar staðla. Nú er Kellogg's til dæmis að hanna sérstakt Latabæjarmorgunkorn til þess að það uppfylli okkar skilyrði, í stað þess að lógóið okkar sé sett á eitthvert annað morgunkorn á markaðnum," segir Magnús.

### Engin takmörk

Framtíðarmöguleikar Latabæjar virðast vera óteljandi. Magnús segist aðeins vera kominn hálfa leið með það sem hann lagði af stað með í upphafi og það er ekki að finna að orka hans og eldmóður fari dvínandi.

„Þetta er búið að vera gríðarleg vinna, en rosalega skemmtileg. Það er svo mikil keyrsla á hlutunum að manni gefst sjaldan tækifæri til að stoppa í brekkunni og njóta útsýnisins því maður er einhvern veginn alltaf á leiðinni upp eða að renna sér niður. Ég verð stundum hálfdofinn yfir þeim árangri sem hefur náðst á meðan það er svona mikið að gera, en svo staldrar maður öðru hverju við og áttar sig á að það er verið að bera okkur saman við stórfyrirtæki á borð við Disney og Pixar. Þau fyrirtæki eru með um það bil 15.000 starfsmenn á meðan kjarninn af starfsfólki Latabæjar er um fimmtíu manns, þó svo að fleiri komi að verkefnunum úti í heimi. Margir af starfsmönnum okkar hafa unnið vinnu sína af ástríðunni einni saman og ég ætti ekki næga peninga til að greiða þeim fyrir allt sem þeir hafa lagt á sig innan fyrirtækisins," segir Magnús og útilokar ekki þann möguleika að fyrirtækið verði selt til stærri aðila á komandi árum. „Oft eru minni aðilar keyptir út og maður verður að vera viðbúinn þeim möguleika. Ég er stoltur af því að sjá merkið vaxa og að framleiðsla á efni Latabæjar geti farið fram erlendis án þess að ég komi beint að henni. Nú eru til dæmis fjöldi leikara af ýmsu þjóðerni að leika Íþróttaálfinn á sviði, auk þess sem Latabæjarbrúður eru orðnar hluti af framleiðslu BBC. Það er kannski bara eins gott enda kemur einhvern tímann að síðasta söludegi á manni," segir Magnús og hlær.

„Latibær er í raun ungt fyrirtæki og á margt eftir ógert. Við fórum nýlega yfir það innanborðs í fyrirtækinu hvað Latibær vill raunverulega standa fyrir og niðurstaðan var sú að við viljum hreyfa við fólki, bæði á líkama og sál. Arkimedes sagði: „Gefðu mér nógu langa stöng og stað til að standa á og ég skal hreyfa heiminn. Vonandi er Latibær nógu löng stöng til hreyfa heiminn," segir Magnús að lokum.



# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*



**RAUÐIR HÆLASKÓR**
Í partíum í sumar er málið að mæta í nógu glannalegum skóm. Þessir eru frá Skóbúð Þráins skóara á Grettisgötu.



**BLÓMASKYRTA**
Nú er tíminn til að skarta blómóttum og sumarlegum fötum. Þessi skyrta er úr versluninni Noa Noa. Hún er flott ein og sér en líka innan undir vesti eða með belti.

# Svarthvít skvísuföt

Það er alltaf ákveðinn klassi yfir svörtum og hvítum fötum. Snillingurinn Karl Lagerfeld hefur gert þessa litapallettu ódauðlega með frumlegum útfærslum í þágu Chanel. Auðvitað er hægt að leika þetta eftir á undursamlegan hátt. Það kunna flestir að klæða sig í svart en þegar kemur að hvítu lenda sumir í vandræðum. Prófaðu að kaupa þér hvítar buxur á útsölu og notaðu þær undir kjóla eða mussur í staðinn fyrir leggings. Ef þú ert komin í svört og hvít föt er um að gera að halda áfram með litaþemað og vera í svörtum og hvítum skóm við. Bandaríski skóhönnuðurinn Stuart Weitzman hefur verið að hugsa svipaða hluti og Lagerfeld þegar hann setti sumarlínuna saman en hún skartar nokkrum útfærslum af svörtum og hvítum skóm. Ballerínuskórnir frá honum eru yndislega fagrir og smellpassa við hvítu Miss Sixty-buxurnar ef út í það er farið. Þegar útsölur bæjarins eru þræddar er mikilvægt að gefa sér góðan tíma og máta. Fara í eitthvað sem kona heldur að fari henni ekki og þar fram eftir götunum. Þá fyrst verður líf í tuskunum.

*martamaria@365.is*






**1.** Perlufesti úr 38 þrepum. 2. Þessir skór eru frá Stuart Weitzman og fást í Skóbúð Þráins skóara. 3. Skósíður sebrakjóll úr Karen Millen. 4. Ballerínuskór frá Stuart Weitzman fást í Skóbúð Þráins skóara á Grettisgötu. 5. Bolur úr Karen Millen. 6. Hvítar gallabuxur eru algert möst í fataskápinn. Þær eru frá Miss Sixty og fást í samnefndri verslun í Kringlunni. 7. Svolítið chanel-legur. Þessi kjóll er úr Karen Millen. 8. Til í tuskið! Þetta samkvæmisveski spellpassar í sumarteitin í ár. Það er frá Stuart Weitzman og fæst í Skóbúð Þráins skóara. 9. Klikkaðar sokkabuxur. Þessar koma úr smiðju Chanel. 10. Karl Lagerfeld er snillingur í að blanda saman svörtu og hvítu án þess að það verði klúðurslegt. 11. Chanel vetur 2008.



# Írskir dagar á Akranesi

## 4.-6. júlí 2008



Írskir dagar verða haldnir hátíðlegir á Akranesi dagana 4. - 6. júlí n.k.. Þessi magnaða hátíð er ein stærsta fjölskylduhátíð sem haldin er á Íslandi og laðar til sín þúsundir gesta í heimsókn á Skagann á hverju ári. Íbúar bæjarins leggja mikinn metnað í hátíðina og skreyta bæinn hátt og lágt með fánum, blöðrum og veifum í írsku fánalitunum - að sjálfsögðu! Brottfluttir Skagamenn flykkjast á fornar slóðir til að taka þátt í gleðinni - en auðvitað eru allir boðnir velkomnir á Írska daga! Ekki missa af þessari frábæru helgi á Akranesi! **Verið velkomin á Írska daga 2008!**

brot úr dagskrá brot úr dagskrá brot úr dagskrá brot úr dagskrá brot úr dagskrá brot úr dagskrá brot ú

### Fimmtudagur 3. júlí

**Gamli vitinn á Breið - Ljósmyndasýning Friðþjófs Helgasonar**
Á sýningunni, sem haldin er inni í gamla vitanum á Breiðinni eru myndir sem Friðþjófur hefur tekið á Breiðinni á undanförnum árum.

**15:00 - 17:00 Húsasmiðjan býður Skagamönnum í grill og gleði**
Kíktu á svæðið og fáðu þér eina með öllu!

**20:00 Írsk kráarstemning á Safnasvæðinu**
Ekta írsk kráarstemning og írskir réttir á boðstólum. Sýndur verður ekta "Riverdance" en annars verður míkrafónninn opinn hverjum þeim sem vill stíga á svið og láta ljós sitt skína.

**21:00 Írskir tónleikar í Skrúðgarðinum!**
Blues- og rocktónlist eftir írska og írskættaða tónlistarmenn og hljómsveitir.

### Föstudagur 4. júlí

**Bylgjan í beinni allan daginn frá Skrúðgarðinum!**

**Jet Ski leiga á Langasandi alla helgina**
Hefurðu prófað þotuskíði? Ef ekki - er þá ekki kominn tími til?

**Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Skrúðgarðinum - Ljósmyndasýning Ljósmyndasafns Akraness.** Á sýningunni eru ljósmyndir frá Írskum dögum 2007.

**Írsk stemning á Safnasvæðinu**
Fjölbreytt dagskrá í Safnaskálanum frá kl. 14:00.

**10:00 Opnunarhátíð Írskra daga á Akratorgi**
Tæplega 350 börn frá öllum leikskólum bæjarins koma saman á Akratorgi, syngja saman og skemmta sér til að skapa réttu stemninguna.

**14:00-18:00 Tívolí á Jaðarsbökkum**
Frábært tívolí fyrir börn á öllum aldri! 20 metra fallturn, hringekjur klessubilar og hopp-kastalar.

**14:00-18:00 Írskir dagar í miðbænum!**
Fjölbreytt dagskrá, dans og tónlist.

**14:00-18:00 Markaðsstemning í Íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum**

**Götugrillin vinsælu um allan bæ um kvöldið**

**20:30 "Ceilidh" ball í Þorpinu við Þjóðbraut (gamla tónlistarskólanum).**
Hljómsveitin "The Reel Thing" heldur uppi ekta írsku stuði. Dagskráin er opin öllum og aðgangur er ókeypis.

**22:00 - 24:00 Kvöldvaka á Kirkjubraut í boði Norðuráls! - Hljómsveitirnar Í svörtum fötum og Ný dönsk.** Ballstemning í miðbænum fram eftir kvöldi! Norðurál býður Skagamönnum, gestum og gangandi til kvöldvökunnar og óskar öllum góðrar skemmtunar á Írskum dögum!

**Tískusýning frá Ozone um kl. 23:00**

### Laugardagur 5. júlí

**Írsk stemning á Safnasvæðinu**
Fjölbreytt dagskrá í Safnaskálanum frá kl. 14:00.

**08:00 - 16:00 Opna Guinnes golfmótið á Garðavelli**
Ræst verður út frá kl. 08:00 - 16:00. Glæsilegir vinningar í boði.

**Akraneshlaupið**
Ræst verður frá Akratorgi. Kl. 10:30 - 21 km hlaup, kl. 11:00 - 10 km hjólreiðar og kl. 11:30 - 10 hlaup, 3.5 km skemmtiskokk, 2 og 3.5 km ganga. Skráning á Jaðarsbökkum og á Akratorgi áður en hlaup hefjast.

**10:00-12:00 Sandkastalakeppni á Langasandi**
Glæsilegir vinningar í boði - láttu sköpunarþörfina fá útrás! Taktu fram skóflu og fötu og mættu á Langasand!

**11:00-13:00 Dorgveiðikeppni á "Stóru bryggjunni" (Aðalhafnargarði) í boði verslunarinnar Módel á Akranesi.** Glæsilegir vinningar í boði!

**11:00-18:00 Tívolístemning á Jaðarsbökkum allan daginn**
Frábært tívolí fyrir börn á öllum aldri! 20 metra fallturn, hringekjur klessubilar og hopp-kastalar.

**10:00 -18:00 Markaðsstemning í Íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum**

**12:00 "Bylgjan í beinni" frá Jaðarsbökkum**
Hemmi Gunn og Svansí í hörkustuði ásamt fjölda góðra gesta.

**13:00 Bikarmót í bekkpressu í Akraneshöllinni**

**13:00 - 16:00 Mótorcross á Langasandi**
Glæsileg sýning, spól og læti frá félögum í Vélhjólaíþróttafélagi Akraness.

**14:00-16:00 "Hittnasta amman" í körfu á Jaðarsbakkasvæðinu!**
Áfram amma! Skráning á staðnum. Glæsilegir vinningar! Í fyrra mættu um 60 ömmur á vítapunktinn - hvaða amma rústar þessu í ár?

**14:00-17:00 Amerískir eðalkaggar á Akranesi!**
Glæsilegir amerískir eðalkaggar frá bílaklúbbnum Krúser heimsækja Skagann og verða til sýnis við Akraneshöll.

**15:00 Rauðhærðasti Íslendingurinn á Jaðarsbökkum!**
Hin árvissa keppni um Rauðhærðasta Íslendinginn fer fram á Jaðarsbökkum - hver verður rauðhærðastur í ár! Glæsilegur ferðavinningur í boði

**15:00-17:00 Íþróttahúsið að Jaðarsbökkum**
Danssýning - "Riverdance" - 4 stúlkur frá Skotlandi sýna þennan magnaða dans. Dansflokkurinn "Le Rose" sýnir Tribal magadans. Sönghópurinn "Oran Mór" syngur írsk þjóðlög. Þjóðlagasveitin BiBeó, sem kemur frá Hebredeseyjum við Skotland, flytur nokkur lög, sem öll eru sungin á keltnesku. Hljómsveitin kemur til Íslands eingöngu til að taka þátt í Írskum dögum. Minnum á tónleika með sveitinni í Skrúðgarðinum um kvöldið.

**Götuleikhúsið setur skemmtilegan svip á bæjarlífið á meðan á hátíðinni stendur.**

**20:00 - 23:00 Unglingaball í "Þorpinu"**
Ballið er fyrir 13 - 16 ára (unglingar fæddir ´92 - ´94). DJ Þórður Daníel frá FM 95.7.

**20:30-23:30 Café Mörk - Oran Mór**
Keltnesk söngveisla þar sem sönghópurinn Oran Mór flytur írskættaðar söngperlur.

**21:00 Tónleikar í Skrúðgarðinum.**
Þjóðlagasveitin BiBeó, sem kemur frá Hebredeseyjum við Skotland. Ekki missa af þessu! Ekta þjóðlagatónlist í anda Írskra daga.

**Lopapeysan 2008**
Stærsta og magnaðasta ball ársins á Íslandi! Raggi Bjarna, Jet Black Joe og Sálin hans Jóns míns. Miðaverð í forsölu í verslun Eymundsson kr. 3000 en kr. 4000 á staðnum um kvöldið.

### Sunnudagur 7. júlí

**14:00 - 17:00 Fjölskyldudagur í Skógræktinni - Lokahátíð Írskra daga 2008!**
Skemmtilegur dagur fyrir alla fjölskylduna. Grill og Svali fyrir alla! Hoppkastalar og önnur frábær leiktæki. **Danssýning - Danshópur frá FIMA - Fimleikafélagi Akraness.**

**15:00 Barnaskemmtun Söngvaborgar!** Söngavkeppni Akraness - Allir krakkar á aldrinum 7 - 14 ára geta tekið þátt í þessari **fráb æru keppni.**

**16:00 Skemmtidagskrá Söngvaborgar.** Frábær dagskrá með leiknum atriðum og söng af Söngvaborgunum. Fram koma Sigga Beinteins, María Björk, Lóa Ókurteisa, Masi og Subbi sjóræningi.

**Aðgangur að dagskrá Írskra daga er ókeypis nema annað sé tekið fram!**

**Tjaldsvæðið við Kalmansvík á Akranesi er opið á Írskum dögum en aðgangur að svæðinu er takmarkaður við einstaklinga 23 ára og eldri og fjölskyldufólk. Þessum reglum og almennum reglum um umgengni á tjaldsvæðum verður fylgt fast eftir.**

**www.irskirdagar.is**

**Taktu helgina frá og kíktu á Skagann!**
**Góða skemmtun á Írskum dögum!**

# útlit

*smáatriðin skipta öllu máli*



**SOLEIL TAN DE CHANEL**
Coco Chanel fékk innblástur þegar hún eyddi sumrinu 1930 í Biarrits og bjó til fyrsta sólarpúðrið, Poudre Tan. Nýja sólarpúðrið gefur húðinni fallegan ljóma og gullið yfirbragð.



**STUTTBUXUR FRÁ MISS SIXTY**
eru ómissandi í Nauthólsvík.

## Hvers á maður að gjalda?



Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is

Í sól og sumaryl síðustu helgi ákváðum við fjölskyldan að skella okkur í sveitaferð. Með góða skapið að vopni og nóg af heimatilbúnu nesti keyrðum við út úr bænum með fullan tank af bensíni. Einhvern veginn fannst mér svo mikilvægt að taka nesti meðferðis svo ég þyrfti ekki að innbyrða eiturbras úr sóðalegri vegasjoppu. Á leiðinni velti ég því fyrir mér hvers vegna enginn hefði heilsuvætt hringveginn með hreinni matvöru, lífrænu lambakjöti, ferskum fiski, spelti, sojamjólk og girnilegum grænmetisréttum? Og hvernig stæði eiginlega á því að það væri erfitt að fá alvöru gourmet-kaffi fyrir ofan Ártúnsbrekkuna?

Á heimleiðinni neyddumst við til að taka bensín á Vegamótum á Snæfellsnesi þar sem dæla merkt N1 var það eina sem í boði var á þessari ögurstundu. Þegar við reyndum að dæla á bílinn komumst við að því að við þurftum að kaupa sérstök bensínkort til að stinga í sjálfsalann til að fá dælurnar til að virka. Þegar ég spurði afgreiðsludömuna, sem var líklega ekki ennþá búin að eyða fermingarpeningunum sínum, út í kort fyrir 5.000 krónur sagði hún að þau kort væru löngu búin og bauð mér kort fyrir 10.000 kall. Þar sem við vorum á því að reyna að kaupa eins lítið bensín og við kæmumst upp með spurðum við um ódýrara kort. Eftir mikla leit fann hún loksins 3.000 króna kort þannig að ég bað um tvö þannig. Þegar kom að því að dæla á bílinn kom í ljós að á hverju korti var einungis bensín fyrir 2.960 krónur og því vantaði 80 krónur upp á í heildina. Þegar eiginmaðurinn, sem var orðinn ótrúlega fúll á þessu stigi málsins, fór inn í sjoppuna og talaði við fermingarbarnið yppti það bara öxlum og sagðist ekkert geta gert því kortin færu sjaldnast upp í topp.

Ekki var þetta svar til að bæta stemninguna í bílnum því tveimur dögum áður hafði eiginmaðurinn upplifað svipað atvik á N1 á Brú við Hrútafjörð. Þar voru bara 10.000 króna kort í boði og í mótmælaskyni komst hann á þrjóskunni einni saman í Borgarnes. Á meðan hann rifjaði þetta upp varð skapið þyngra og þyngra og við ákváðum að láta N1 ekki ræna okkur framar.

Eini ljósi punkturinn var kannski að við æfðum okkur í hugarreikningi á leið til Reykjavíkur. Af 100 seldum 3000 króna kortum græðir N1 líklega 4000 krónur ef þeir stela 40 krónum af hverju korti, af 1000 kortum 40.000 krónur og 10.000 kort gera þá um 400.000 krónur. Meðan við reiknuðum fram og til baka fórum við að spá hvort þeir rændu mismiklu eftir stærð kortanna eða hvort við værum eina fólkið á Íslandi sem lendir í þessu tvisvar í röð? Gæti verið að þessar ránskrónur borgi tveggja króna afsláttinn – sem þeir auglýsa grimmt – ef maður dælir sjálfur?




STJARNA STJARNANNA

Hollywood stjörnurnar velja **OPI** naglalökk.
Þrátt fyrir að hafa ekki gengið niður rauða dregilinn þá lætur OPI þér líða eins og þú hafir gert það.

O·P·I

Litur í auglýsingu: OPI RED




Sólarvörnin frá Biotherm er frábær ferðafélagi og gætir þess að húðin eldist ekki fyrir aldur fram.

*Prófaðu að dekra almennilega við þig í hjarta borgarinnar*

# Nautn í Nauthólsvík

Þegar krónan er orðin svo ótrúlega ókristileg gagnvart öðrum gjaldmiðlum verðum við að leita annarra leiða til að upplifa sanna sumarsælu án þess að það tröllríði heimilisbókhaldinu. Ef þú ert ekki tímabundin eða að stelast úr vinnunni er um að gera að taka strætó í Nauthólsvík og hafa strandtöskuna meðferðis. Í henni þarf að vera handklæði til að liggja á, sólarvörn svo þú eldist ekki um aldur fram, góð bók, gloss, iPod, bikiní og strandskór. Njóttu þess að hreinsa hugann og gleyma stund og stað. Að strandferð lokinni er ekki úr vegi að halda áfram sumarþemanu með tilheyrandi dekri. Farðu í bað og skrúbbaðu þig með Bobbi Brown-strandsápunni sem er alger snilld. Í henni er ekta strandsandur sem gott er að nudda inn í húðina. Að baði loknu skaltu bera á þig strandolíuna frá Bobbi Brown til að gera þig silkimjúka og dásamlega. Þarf kona eitthvað fleira? *martamaria@365.is*



Doppóttur draumur. Þessi sundbolur fæst í Noa Noa í Kringlunni.



Appelsínugul strandtaska fullkomnar stemninguna.





Strandlínan frá Bobbi Brown er hreinn unaður út af fyrir sig. Húðin drekkur þennan unað í sig og húðin verður silkimjúk eins og á ungbarni á eftir.

Bobbi Brown sápan úr Strandlínunni er frábær. Hún er tvílit, sandlituð með smáum sandkornum í með örlítið dekkri rönd með grófari sandkornum. Ef þú vilt fá strandfílinginn inn á bað til þín þá er þessi algerlega málið.





Ómengaðar án allra aukefna og 100% náttúrulegar.
*– Hentar allri fjölskyldunni.*

heilsa
*-hafðu það gott*


# Andlitsdekur a la Chanel

Það er yndisleg tilfinning að vita að húðin sé tandurhrein og glansandi. Frá Chanel er komin splunkuný húðlína sem fær hvaða húð sem er til að ljóma. Byrjaðu á því að bera Lait Confort frá Chanel á húðina og hreinsaðu öll óhreinindi burt. Þegar það er búið skaltu bera á þig hreinsivatnið, Lotion Confort, úr sömu línu. Þegar húðin er orðin tandurhrein skaltu bera á þig Hydramax + active frá Chanel en það er gelkennt dagkrem sem svínvirkar. Þegar þessu er lokið skaltu leggjast upp í sófa og slappa af! *-MMJ*



Yfirleitt eru konur ekkert sérstaklega smart þegar þær taka toppinn frá andlitinu með ennisbandi. Þetta ennisband sker sig þó úr úr því það er svo dásamlega mjúkt. Það er í stíl við andlitslínuna frá Chanel.



Lait Confort hreinsar húðina svo hún ljómar af hreinleika og Lotion Confort er hreinsivatnið sem allir eru að tala um.

MYNDIR/AUÐUNN




**KONUR OG MENN**
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

# bland

*í gær og á morgun ...*

HELGIN

**FÖSTUDAGUR**
Þeir sem langar að prófa eitthvað öðruvísi ættu að skella sér til Vestmannaeyja þar sem Goslokahátíðin fer fram. Margir segja að þetta sé mun betri skemmtun en að fara á þjóðhátíð.



**MÁNUDAGUR**
Uppistandarinn Snorri Hergill treður upp á Organ. Þar ræðir hann uppvöxt sinn í Noregi, lífið í London, það að rekast á Jude Law, Jörund hundadagakonung og heimsyfirráð lundans. Sýningin hefst kl. 20.30.

## díana mist

**FÖSTUDAGUR 27. JÚNÍ 2008**
Ég trúði varla mínum eigin augum þegar ég uppgötvaði að það væri sól tuttugasta daginn í röð og áður en ég vissi af var ég komin í bikiníbuxur einar fata og lögst á svalagólfið til að ná smá „tani“ áður en ég færi að undirbúa partí til heiðurs sjálfri mér. Meðan ég lá þarna á svalagólfinu fór ég yfir allt áfengið sem ég ætti eftir að kaupa fyrir kvöldið því það er fátt ömurlegra en partí með of litlu áfengi. Þegar ég var búin að liggja á svölunum heyrði ég að nágranni minn, eldri týpan, var kominn út og með tilheyrandi Spánartónlist sem glumdi um allt hverfið. Ég var þó viss um að mitt partí myndi yfirgnæfa hans og prófaði að hækka vel í nýju hátölurunum, sem svínvirkuðu!

Klukkan sex voru vinkonur mínar mættar og farnar að sturta í sig heimatilbúnum margarítum. Seinna um kvöldið, þegar Páll Óskar var kominn á hæsta styrk, ein komin úr kjólnum til að ná betri stöðu í handahlaupi og önnur búin að læsa sig inni á klósetti, bankaði löggan upp á og bað um að íbúðin yrði rýmd nú þegar. Eftir ítrekað blikk og vingjarnlegheit sáum við að þetta var algerlega töpuð barátta og því héldum við á B5. Þar voru Beggi og Pacas í geðveiku stuði ásamt Inga í Lúmex, Munda verkfræðingi í Glitni, Lilju hjá Remax og Hönnu Stínu. Eftir að hafa haldið áfram í fimleikakeppninni á gólfinu á skemmtistaðnum var stefnan tekin á Tunglið þar sem við dönsuðum frá okkur allt vit.

**LAUGARDAGUR 28.JÚNÍ**
Fokk, hvar er ég? Þegar ég opnaði augun var mér litið upp í loftið sem var veggfóðursklætt, síðan renndi ég augun yfir herbergið. Eftir ígrundaða yfirferð komst ég að því að ég var stödd í hjólhýsi. Rétt í þessu heyrði ég að einhver var að prófa hátalarakerfi fyrir utan og röddin endurtók, einn tveir, einn tveir, endalaust. Ef það hefði verið fyrsta helgin í júlí eða verslunarmannahelgin hefði mér kannski ekki brugðið en í allri þynkunni fór ég að velta því fyrir mér á hvaða krummaskuði væri útihátíð. Þegar ég kom til sjálfrar mín létti mér þegar ég fattaði að ég var enn þá í öllum fötunum. Rétt í þessu var hurð hjólhýssins lokið upp og inn kom svo sólbrúnn gæi að hann glansaði að næstum því eins og leðursófi og bauð mér góðan daginn. Af fatnaðnum og strípunum að dæma kom ekkert annað til greina en að ég hefði hnotið um hann á Tunglinu en einhvern veginn gat ég ekki fengið mig til að viðurkenna það og það eina sem hrökk upp úr mér hvort maðurinn ætti nokkuð kók. Hann játti því og kom með tveggja lítra flösku sem var hálfnuð. Þegar ég dró appelsínugulu gardínurnar frá glugganum krossbrá mér. Ég var stödd í Laugardalnum. Ég reyndi að eiga sem fæst orð við sólbrúna gæjann en komst ekki hjá því þegar ég fattaði ég var töskulaus og allslaus, enginn sími og ekki neitt. Ég spurði hann hvað klukkan væri og þá kom í ljós að hún var hálfsjö um kvöldið og útitónleikar Bjarkar og Sigur Rósar í þann mund að hefjast. Ég ákvað að láta þetta ekki stoppa mig, þurrkaði framan úr mér og kvaddi. Þegar ég labbaði í gegnum tónleikasvæðið sá ég nokkur andlit sem ég kannaðist við. Þar var Orri Hauksson ex Síminn að drekka kampavín úr Bangsímonglösum ásamt félögum sínum. Þar var líka Kristín Eva Ólafsdóttir grafískur hönnuður, Henný Sif Bjarnadóttir í 17 ásamt fleirum. Ég var svo fegin þegar ég labbaði óvart í fangið á vinkonu minni að ég heimtaði að hún keyrði mig heim. Hún var ekkert smá hissa að sjá mig og sem betur fer hitti ég engan sem vinnur með mér í bankanum, það hefði verið megabömmer. Þegar ég náði að komast inn í blokkina tók ég eftir því að taskan mín var á hurðarhúninum.

Vinkona mín skipaði mér að fara í sturtu og halda áfram stuðinu, ég mætti ekki láta hjólhýsagistingu skyggja á gleðina. Á Ölstofunni þetta kvöld voru Lára Ómarsdóttir og Hrönn Kristinsdóttir. Næsta stopp var Boston sem var þéttsetinn af öllu náttúrulega fólkinu. Þar var Björk, Jónsi í Sigur Rós og allt það gengi, Aftur systir, Sammi í Jagúar, Krummi í Mínus og Ásgerður Júníusdóttir. Ég var þó ekki í neinu sérstöku stuði og fór snemma heim.








## TOPP 10



Gítar er mitt uppáhaldstæki. Ég gæti verið rólegur á eyðieyju með einn slíkan og skemmt mér konunglega.

## Brynjar Már Valdimarsson, tónlistarmaður og tónlistarstjóri á FM957



Míkrófónn. Þó svo að þetta sé ekki nauðsynlegur hlutur með gítarnum er þetta mikilvægt til þess að hljóðrita.



Barstóll. Ég er auðvitað með barstóla í eldhúsinu hjá mér, en þar tek ég upp demóin mín, síðan er bara svo gott að spila á gítar á barstól.

Pro Tools er ein skemmtilegasta uppfinningin að mínu mati, því það er hægt að taka upp demó og jafnvel fullkláruð lög á þessa græju hvar og hvenær sem er í heiminum.



Míkrófónstatíf. Það er svo erfitt að halda á mæknum meðan að maður er að spila á gítarinn, því fylgir þetta fast á eftir mæknum.




Gítarnögl. Þetta er mikilvægt tól til þess að spila á gítarinn.



Kaffibolli. Að hafa kaffibolla er eitt af lykilatriðunum þegar maður er að skapa eitthvað.



Mac-tölva. Tölvuvæðing nútímans er með ólíkindum og Mac-tölvur eru alveg ómissandi hluti lífsins.




Mixer er auðvitað alltaf í miklu uppáhaldi hjá tónlistarfólki, því þetta gerir manni kleift að stilla allt saman af þegar maður er að spila eða taka upp.



Hátalarar, þeir eru mikilvægir við allar aðstæður.




# ÆSISPENNANDI KAPPAKSTUR Á SILVERSTONE UM HELGINA

**FÖSTUDAG KL. 8:55 OG 12:55**
## BEIN ÚTSENDING FRÁ ÆFINGUM

**LAUGARDAG KL. 8:55**
## BEIN ÚTSENDING FRÁ ÆFINGUM

**LAUGARDAG KL. 11:45 - Í OPINNI DAGSKRÁ**
## TÍMATAKA – BEIN ÚTSENDING

**SUNNUDAG KL. 11:30 - Í OPINNI DAGSKRÁ**
## KAPPAKSTURINN – BEIN ÚTSENDING

**SUNNUDAG KL. 22:00**
## VIÐ ENDAMARKIÐ

Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin.
Farið verður yfir helstu mál keppninnar og þau krufin til mergjar.

SPORT
*besta sætið*

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

SIGRÍÐUR KLINGENBERG *spáir fyrir Fjölni Þorgeirssyni*

# Á eftir að verða margra barna faðir



Fjölnir Þorgeirsson er fæddur 27.06.1971. Þegar fæðingardagurinn er lagður saman verður 33 útkoman. Þegar 3+3 eru lagðir saman kemur út talan sex en það er lífstala Fjölnis. „Að hafa töluna 33 í útkomunni af fæðingardegi er ávísun á að viðkomandi einstaklingur sé kraftmikill og með gott hugmyndaflæði. Fjölnir er talan sex sem gerir hann að skapstórum ljúflingi. Það má finna marga íþróttamenn með þessa tölu, þar er hestamennska ekki frátalin. Fjölnir er á frekar erfiðu ári í ár varðandi ástarmálin sín. Þau minna helst á loftárás þar sem gott væri að hafa neðanjarðarbyrgi. Ástin skiptir Fjölni miklu máli og fast samband fer honum miklu betur en að vera á markaðnum,“ segir Sigríður Klingenberg og bætir því við að hún haldi að einn fugl sé floginn en annar sé á leiðinni til hans. Hún væri ekki mjög hissa þó að ástarorkan væri í kringum hann á hestamannamótinu á Hellu. „Fjölni mun ganga vel á hestamannamótinu ef hann nær að halda ró sinni. Hann er á mjög góðu ári til að horfast í augu við sjálfan sig og til að sigrast á veikleikum sínum. Hann er á tölunni sjö sem gefur honum nýja lífsýn og frið. Þegar líður á árið mun hann ná sáttum við sjálfan sig. Þetta er akkúrat árstalan sem fær fólk til að klífa fjöll, breyta mataræði sínu og fara að lifa heilbrigðara lífi. Næsta ár verður gott hjá Fjölni. Peningamálin munu glæðast og sú orka byrjar að kíkja inn í líf hans þegar hausti tekur að halla og þá sýnist mér hann vera kominn með gamla kærustu upp á arminn. Fjölnir á eftir að verða margra barna auðið, búa í sveit sinni og verður virtur hestabóndi.“



*Klingenberg.is*

# FÖSTU DAGUR

## 5 LEIÐIR TIL AÐ GERA FÖSTUDAG ÓGLEYMANLEGAN



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi

Föstudagar eru í uppáhaldi því þá eru færri fundir en á hefðbundnum vinnudegi í borgarmálunum. Það er því sértakt tækifæri á góðum föstudegi að fara á kaffihús eða í bókabúð og ná utan um verkefnin sín og hugmyndir. Ég fer oftar en ekki í Eymundsson í Austurstræti sem hefur þó þann ókost að hugurinn reikar mjög langt frá Reykjavík þegar ég sit í kringum allar ferðabækurnar og sötra kaffi.




Ég er svo heppin að eiga tvö hjól, eitt sem er í vinnunni og ég nota til að fara á milli funda í miðbænum. Hitt er heima og ef ég næ að fara í hjólatúr í Fossvogsdalnum með sonum mínum eftir vinnu er dagurinn þegar orðinn ógleymanlegur.



Maður er manns gaman og til að gera föstudag ógleymanlegan verður að safna saman liði og bjóða í grillveislu. Skemmtilegast er að geta náð nokkrum vinum saman með öll börnin og geta átt afslappaða stund í lok vikunnar en þó með hasar og fjör barnaskarans í bakgrunni. Helst þarf að byrja grillhátíðina snemma svo allir hafi tíma til að fara úr hversdagsleikanum inn í helgina.



Grillveislan er fullkomnuð með grillkjöti frá Kjöthöllinni í Miðbæ (við Álftamýri). Langbesta nautakjötið og bestu grillborgararnir í bænum.



Þegar skarinn af vinum er farinn heim er lykilatriði að henda sér í lopasokka og stóra peysu og lesa góða bók. Maður verður að eiga tóma stund til að lesa um helgar og mikilvægt að ná að minnsta kosti einum kafla áður en maður fer í draumahöllina þreyttur en glaður eftir vikuna. Ég var að ljúka við þessa bók, the Glass Castle - alveg frábær.








## Verslun

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 990.-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Örugglega besta rakgelið!
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

LYKILL AÐ GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN-FÖS 12:00-20:00
OG LAUGARS. 12:00-18:00
OG Í HLÍÐASMÁRA Á SUNNUD. 12:00-18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA13
SÍMI 588 6969 /587 6969
WWW.TANTRA.IS

# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

Nudd nudd. Uppl. í s. 662 0841.

## Barnið

Herbalife vörur til sölu krem sápur og fleira. Uppl. í síma 857 6779, Salbjörg.

## Ýmislegt

Viltu hvítari tennur? Ótrúlegur árangur með e-bright tannlýsingartæki á aðeins 60 min. Nú á tilboði! www.hvitartennur.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SCHOOL OF ICELANDIC**

**50% Off summer prices Icelandic I-IV**

Level III: 10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30. Start 8/7, 16/9. Level IV 10 w: Sat/Sun 10-11:30. Start 5/7. Level I: 4 w: Md-Frd; 18-19:30 Start 21/7, 18/8, Level II: 7 w: Md/Wd/Frd 20-21:30 Start 11/8. Ármúli 5.s.5881169- http://www.icetrans.is/ice

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

-Lítur vel út- -Gott verð - Hjónarúm með tvöfaldir dýnu ásamt 2 náttb. 153x2, stæ. borðst.b. + 4 stólar, Kommóða m. spegli (7sk.) & stofuskenkur ásamt spegli úr Línunni. Uppl. í s. 562 3770 & 696 1649.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**




**Marley og ég**
Fyndin og huglúf. Hundavinabók ársins. Bókaútgáfan Hólar

**Dýrabær**
**50% afsl.á nagbeinum.**
**Dýrabær Smáralind**
**www.dyrabaer.is**

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Budget accommodation Hafnarfjörður for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451 & 770 5503.

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet**
Heimavík. Sími 892 8655.

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Útilegubúnaður



Til leigu veislutjöld. 50m2, 40-80 mannaDagleiga kr: 24.900 Helgarleiga kr: 34.90072m2, 80-100 manna-Dagleiga kr: 35.900 helgarleiga kr: 45.900Rafvörumarkaðurinn v/ Fellsmúla. S: 5852888

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herb. til langtíma leigu í Reykjavik & Hafnarfirði. Aðgangur að eldhúsi, baðherb., þvottav. og þurrkara, gervihnattasjónv. og interneti. Uppl. í s. 824 4530.

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Til leigu í skemmri tíma glæsileg 3ja herb. íbúð miðsvæðis, allt fylgir. S. 899 6400.

Góð 3-4 herbergja íbúð í 101 til leigu. Upplýsingar í síma 770 6090.

12fm herb. m. húsgögnum í 105R til leigu. Sturtu- og þvottaaðstaða. 33þ á mán. Uppl. í 6995779.

Til leigu 3 herb. 84 fm íbúð á Fjólugötu (101). Leigus. 1. ár. Laus 1. júlí. Trygging 3 mán. Uppl. í s. 865 8440.

Laus 3 herb. íbúð til leigu í Norðlingaholti m. stæði í bílakjallara kr. 135 þ. mán. S. 661 9624.

65 fm 2herb. til leigu. 115 þ. á mán. með öllu innifalið í Seljhverfi. Uppl. í s. 898 6634.

3 herb. risíbúð í Hfj. Laus strax. Uppl. á www.hustilleigu@visir.is

3.herb 100 fm., íbúð til leigu frá 1.ágúst í eitt ár. V.135 þ. tveggja m. leiga tryggingagjald. Uppl. í s. 861 4055.

Íbúð í 101 Rvk. - sjávarútsýni. 170 m2. 4 herb. til leigu. Laus strax. Stutt í alla þjónustu. Uppl. í s. 695 4066.

Til leigu stúdíóíbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Nýleg 3 herb. íbúð í Drekavogi, langtímaleiga. V. 130 þ. á mán. S. 822 0493.

Til leigu ný 3 herb. íbúð í Norðurbakka Hafnarfirði. Laus. Uppl. í s. 893 3300.

Einbýli til leigu á svæði 112. Glæsileg 4. herbergja eign ásamt bílskúr. Leiguverð 240.000.- Áhugasamir vinsamlega sendið póst á netfangið olofharpa@gmail.com

Til leigu 2. herberg. íbúð í 105. með húsg. og fl. Í 1-4 mán. Uppl. í S. 662 1118.

2 Herb. 30 fm einbýlishús í Vesturbæ, til leigu frá 5 júl. S. 662 3184.

## Húsnæði óskast

**Snyrtileg íbúð óskast til leigu sem fyrst.**
**Óska eftir snyrtilegri 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Meðmæli, tryggingavíxill eða fyrirframgreiðsla ef óskað er. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.**
**Uppl. í s. 663-9751.**

Reyklaust og reglusamt par óska eftir íbúð til leigu á höfuðborgarsv. Greiðslugeta allt að 120 þ. Skilvísum greiðslum heitið. Erum með gæludýr. Áhugasamir hafið samb. Elín 844 1382 og Haffi 616 1621.

32 ára helgarpabbi óskar eftir snyrtilegri íbúð á sanngjörnu verði í langtímaleigu. Helst í hlíðum, miðsvæðis eða vesturbæ uppl. í síma 849 3592 eða jenskjeld@gmail.com

Reglusöm hjón á sextugsaldri óska eftir íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu á verðbilinu 80-100 þús. á mán. Uppl. sili@simnet.is.

Stúdíó eða 2 Herb íbúð óskast Reyklaust og reglusamt par. helst breiðh, kóp eða Hfj. sirka 60 til 80þ pr.m skilvísum gr. heitið s: 695-5545 joningi@tolvulistinn.is

Vantar bílskúr til leigu. Í Hfj. Strax. S. 847 2209

## Fasteignir

Til leigu björt og skemmtileg 56 m2 íbúð á 3. hæð í Trönuhjalla, Kópavogi. 11 m2 svalir og helm. af 4 m2 geymslu. Til greina kemur að leigja íbúðina með heimilist. og húsg. Áhugasamir sendi tölvupóst á peturingip@gmail.com með nafni, k.t. og símanúmeri og haft verður samband.

## Sumarbústaðir



**Góð afslöppun á Norðurlandi.**
**Vikan 6.-13. júlí var að losna! Gott sumarhús til leigu á Norðurlandi. Öll þjónusta og afþreying í næsta nágrenni svo sem veiði, frítt í golf á glæsilegum golfvelli og margt fleira.**
**Upplýsingar í síma 660 0288.**

**Viltu láta dekra við þig í notalegu umhverfi þar sem sumarið er á næsta leiti?**



**Pantaðu þér andlitsbað á Dong Fang Salon og fáðu litun og plokkun frítt. Tilboðið gildir til 1. ágúst.**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS
LOFTLEIÐIR

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar og lagerhúsnæði til leigu. 90, 180, 270, 360 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. 6601060 8224200

70-90 fm húsnæði til leigu í 210 GB, sameiginlegar innkeyrsludyr, hentar ekki bílaþjónustu. Uppl. í s. 844 1011.

**Skrifstofurými á Laugavegi**
Heildusölu fyrirtæki óskar eftir meðleigjanda að skrifstofurými á Laugarvegi. Snyrtilegt og nýuppgert með með góðu fundarherbergi og kaffiaðstöðu. Svalir eru á rýminu sem er á 3. hæð. Upplýsingar í síma 895 5458, Þóroddur.

100 fm skirfstofuhúsnæði við Síðumúla til leigu. Gott húsnæði. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 896 8068.

Stór skemma í svæði 104 Rvk. Mikil lofthæð - Innkeyrsludyr 4 - 500 fm leigist á 750 pr. fm. Uppl. í s. 893 6020.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

## Bílskúr

20 fm. bílskúr og á sama stað 35 fm. geymsluherbergi í Breiðholtinu. Uppl. í s. 893 1933.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

**Sjávarkjallarinn**
**Laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Bjóðum einnig verðandi framreiðslu- og matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík? Uppl. veitir Hrefna (694 3854) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum. Umsóknir berist á: atvinna@foodco.is**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
**Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal og einnig aðstoð í eldhús. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

**Hlutastörf Select Hraunbæ**
**Óskum eftir að ráða í hlutastarf hjá Select Hraunbæ aðra hvora helgi frá fimmtudagi til sunnudags. Vinnutími frá 15:30 til 23:30. Afgreiðsla í verslun, þjónusta við viðskiptavini og önnur tengd störf.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 444 3056 eða Guðrún hjá Select Hraunbæ í síma 567 1050 / 840 3112. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Cafe Bleu.**
**Okkur á Cafe Bleu vantar kokk í lið með okkur. Unnið er á vöktum.**
**Uppl. í s. 899 1965**

**Herrar og dömur.**
**Okkur á Cafe Bleu vantar góðan þjón til starfa með okkur í vetur. Unnið er á vöktum**
**Uppl. í s. 899 1965**

Smiðir-verkamenn-flekauppsláttur Óskum eftir smiðum og/eða verkamönnum vönum flekauppslætti. Upplýsingar í símum 8565555 eða 6637434

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í sal, einnig uppvask. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum. Kína Húsið - Lækjargötu 8 - Sími 551 1014.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Óska eftir mönnum í smíðavinnu. Looking for carpenters. S. 849 8785.

Vantar nokkra 11-18 ára unglinga til að grúska í tónlistarmyndböndum á netinu. Ágæt laun. Nánari upplýsingar: www.woodyallen.com/auglysing

Sjálfboðaliða vantar til starfa í Afríku sex mánuðir, þjálfun og vinna í Danmörku sex mánuðir, verkefni í Afríku tveir mánuðir kynningarstörf í Evrópu www.juelsminde.com diprogram@juelsminde.com

Óskum eftir snyrtifræðing til starfa. Nánari upplýsingar í síma 892 5368.

Fjögra manna fjölskylda leitar eftir heimilisaðstoð. Um er að ræða fullt starf á tímabilinu 15. ágúst til 15. september en hálft starf frá 15. sept. Nánari upplýsingar veittar í síma 8927965.

Ertu Hraustur, góður bílstjóri ? Viltu prófa sendibílaakstur , á minnaprófsbíl í sumar og e.t.v. lengur ? Uppl. Gunnar í s. 695 2589.

Verkamenn óskast í almenna jarðvinnu. Uppl. í síma 866 2556.

Byggingarfélagið Timburmenn vantar smiði í vinnu. Reynsla af byggingu timburhúsa æskileg. Uppl. veitir Birgir í síma 696 1120.

Afgreiðslu/sölumaður. Óskum að ráða, hressan og duglegan mann til starfa í Verkfæraverslun. Upplýsingar í síma 897 5080.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingar um helgar. Leitað er að samviskusömum og stundvísum einstaklingum. Áhugasamir sendi umsókn á netfangið bogi.benediktsson@olgerdin.is fyrir 6. júlí nk.

Vantar starfsfólk til úthringistarfa fyrir KB ráðgjöf. Góðar og öruggar greiðslur í boði fyrir rétta aðila. Áhugasamir vinsamlega hringi í Magnús í síma 694 9614 milli kl. 10.00 - 20.00.

Starfsfólk óskast í aukavinnu á veitingahús í Hafnarfirði. Uppl. í s. 822 5229 & 699 3434.

Óskum eftir að ráða bílstjóra með rútupróf. Bæði er um fast starf og sumarstarf að ræða. Guðmundur Tyrfingsson ehf. s. 568-1410 / gt@gtbus.is

AU-PAIR ÓSKAST TIL TENERIFE.5 manna fjsk. vantar au-pair til að gæta 3ja drengja og hjálpa til heima við.Umsóknir sendist á jonadis@hotmail.com

**Kranamaður óskast**
Óskum eftir að ráða mann til að vinna á bíl krana. Meirapróf skilyrði. Uppl. í S. 892 1950 Erlingur Snær.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

**HENDUR.IS**
Auglýstu frítt eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Maður vanur bílaviðgerðum, trailer, gröfum og rafvirkjun óskar eftir vinnu. S. 692 6322. Búsettur í Njarðvík en allt kemur til greina.

Vegna aukinna starfsmann getum við bætt við okkur verkefnum, stórum sem litlum. Getum hafið störf strax. Uppl. í s. 849 7699 & 445 0204.

**Bara í dag!!!!**
25% afsláttur af allri málningarvinnu. Fá verkefni komast að. Uppl. í s. 861 7240.

Hörkudugleg kona óskar eftir vinnu 3-5 klst á dag t.d. við kynnar eða heimilisþrif, er vön öllu mögulega. S. 697 7470.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Tapaði bíllykli á Skoda föstud. þann 29. jún. í miðbænum. Finnanndi vinsamlegast hringið í S. 695 3631.

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Seljavegi 2 (Héðinshúsinu) Rvk. flytur frá og með 1. júní að Borgartúni 6. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

Zapraszamy do baru Polonia na dyskoteke w piatek i zabawe przy zespole muzycznym w sobote. Dozobaczenia w Polonii. ul. Flatahraun 21 Hafnarfjörður. tel. 555 2329.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**908 6666**
**Við viljum vera sumardísirnar þínar í nótt. Opið allan sólarhringinn.**

Samkynhn. KK spjalla saman á frábærri spjallrás. Sími 535-9988. Gott að hringja stundvíslega á heila og hálfa tímanum.

Frábær upptaka: ung kona í góðum gír að horfa á „eina bláa“. Þú heyrir þessa „innilegu“ upptöku hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8437

Karlmenn: þið kynnist konum á Rauða Torginu Stefnumót! Auglýsið frítt og vitjið skilaboða frítt í s. 535-9923. Nánar á www.raudatorgid.is.

## TIL SÖLU

**Náttúrulækningabúðin**
**www.ullogsilki.is**

# Bikarinn

Kemur í staðinn fyrir dömubindi/tíðartappa.
Frábær lausn og góð fjárfesting. Dugar í 10 ár.

Frábær til íþróttaiðkunar jafnt og fyrir daglegt amstur.



Sölustaðir: Hagkaup, Náttúrulækningabúðin og Kaup.is

**Hlíðasmára 14 • 201 Kópavogur**
**Opið mán - fös 11-18 og lau 11 - 17**
**Sendum frítt um land allt**

## ATVINNA ÓSKAST

**VANTAR ÞIG**
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

## ATVINNA

# Vanir rafvirkjar óskast

Næg verkefni framundan á höfuðborgarsvæðinu, aðallega viðhald og breytingar á rafmagns- og smáspennulögnum.
Einnig lagnir í nýbyggingar. Krefjandi vinna.

**Ljósvakinn ehf**
**Vesturvör 30b - Sími 564 5890**
**lvaki@simnet.is**

## FASTEIGNIR

Draumahús **530 1800**

**Föst lág söluþóknun**

**ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM ?**
Draumahús bjóða seljendum fasteigna fasta lága söluþóknun.
Skoðaðu kjörin okkar, hringmyndir og stórar ljósmyndir á:
**www.draumahus.is** eða hringdu í
síma 530 1800 og fáðu frekari upplýsingar.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is

## TILKYNNINGAR

Skipulags stofnun

# Mat á umhverfisáhrifum

**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Allt að 750 kW virkjun í Nípá, Þingeyjarsveit**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**
Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **5. ágúst 2008.**

**Skipulagsstofnun**

## ATVINNA

SAM-verktakar

# Vantar starfsmann

með meirapróf til að aka vörubíl og vinna á gröfu.

Upplýsingar hjá Samma í síma 861 4943.

# Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Það er hægt að koma í veg fyrir flest slys

**UMRÆÐAN**

Sigurður Helgason skrifar um umferðaröryggi



SIGURÐUR HELGASON

Fyrstu helgi í júlí og raunar júlímánuðurinn hefur haft í för með sér mikinn fjölda alvarlegra umferðarslysa á undanförnum áratug. Ástæðan liggur í augum uppi. Mjög margir leggja land undir fót og oft ferðast fólk um ókunnar slóðir sem krefst mikillar athygli og einbeitingar.

Ekki er óalgengt að nýliðar í akstri, ungt fólk með nýtt ökuskírteini fari út á þjóðvegina um þessa helgi. Margir fá fyrstu sumarlaunin um mánaðamótin og hugsa sér gott til glóðarinnar að gera eitthvað skemmtilegt. Og við því er ekkert að segja sé varlega farið. En sú er því miður ekki alltaf raunin. Takmörkuð reynsla leiðir oft til þess að meiri áhætta er tekin en fólk ræður við. Sú áhætta reynist afdrifarík í allt of mörgum tilvikum. En spurningin sem rétt er að spyrja sig er: Hvað geta ökumenn gert til að lágmarka líkur á að þeir lendi í slysi? Og með hvaða hætti er hægt að draga úr hættu á alvarlegum áverkum?

Til að minnka líkur á að menn lendi í slysi skiptir mestu að vera með fulla athygli við aksturinn. Óvarlegt er að fara af stað séu menn þreyttir og illa upplagðir. Að virða hámarkshraðareglur er eitt af grundvallaratriðunum til að auka umferðaröryggi. Ef allir virtu hámarkshraðareglur myndi alvarlegum slysum hér á landi fækka umtalsvert. Og með hóflegum hraða vinnst annað. Bíllinn eyðir mun minna eldsneyti heldur en ella, sem hefur í för með sér umtalsverðan sparnað á tímum nánast daglegra hækkana á bensíni og olíu. Og þar að auki leiðir minni eldsneytisnotkun til minni mengunar. Þannig má segja að það hafi marga kosti.

Í skýrslu rannsóknanefndar umferðarslysa sem birt var nýlega kemur fram að stór hluti þeirra ökumanna og farþega í bílum sem látist hafa í umferðarslysum á undanförnum árum hafi ekki haft bílbelti spennt. Að mati nefndarinnar eru miklar líkur á að bjarga hefði mátt lífi 42 manna á síðasta áratug hefðu þeir verið með bílbeltin spennt. Bílbeltanotkun kemur ekki í veg fyrir að menn lendi í slysum, en dregur stórlega úr líkum á alvarlegum áverkum.

Akstur undir áhrifum vímuefna er mjög algeng orsök alvarlegra umferðarslysa. Allir sem haft geta áhrif til að koma í veg fyrir að fólk aki af stað eftir neyslu áfengis eða annarra vímuefna eiga að reyna að koma í veg fyrir það, en ella hringja til Neyðarlínunnar. Símanúmerið þar er 1-1-2. Starfsmenn hennar koma síðan skilaboðum til viðkomandi lögregluyfirvalda. Sá sem ekur ölvaður og veldur slysi er algjörlega réttlaus gagnvart tryggingabótum og þannig getur ölvunarakstur sett fjárhag hans í uppnám til langrar framtíðar.

Júlí er sá mánuður þar sem flest slys eiga sér stað. Það er undir ökumönnum komið hvort þeirri þróun verði snúið við. Og viti menn: Það er hægt.

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Nei, étt'ann sjálfur Jón Kaldal

**Jónína Óskarsdóttir, bókavörður og húsmóðir skrifar:**

Athugasemd vegna leiðara Fréttablaðsins 29. júní. Enn einu góðærinu er víst lokið og enn ein niðursveiflan tekin við þrátt fyrir stöðugleikaloforð stjórnvalda og verði þeim að góðu sem finna muninn. Ástæða þessarar greinar er að enn einu sinni á að skella sökinni á „mig“. Nú af ritstjóra Fréttablaðsins Jóni Kaldal í leiðara á dögunum. Þar vildi hann finna sökudólg vegna efnahagsástandsins og fann hann í speglinum sínum og sagði að ég gæti gert það líka. Ekki það að þetta sé nokkuð frumlegt eða óvenjulegt að heyra. Þetta er gömul og ný lumma sem slummað hefur verið framan í almenning og þar með er skýringin fundin á óstjórn og hruni þjóðarbúsins og ... allir sáttir? Nei takk!

Ég og annað láglaunafólk, með 150.000 á mánuði og margir með minna, frábiðjum okkur meinta setu við veisluborð Jóns Kaldal og hans sessunauta. Hann er aftur á móti velkominn að okkar borði þar sem málið snýst alltaf um að ná og ná ekki endum saman jafnt í meintu góðæri sem hallæri. Við mitt borð situr fólk í ýmsum störfum þjóðfélagsins, ungir og gamlir. Meint góðæri birtist okkur láglaunafólki sem erum húseigendur aðallega í því að eignirnar okkar hækkuðu í verði þannig að við gátum étið/veðsett þær meira til að ná endum saman í heimilishaldinu. Sú staðreynd sem stór hópur þessa samfélags býr við er að við höfum og höfðum ekki ráð á neinum munaði. Utanlandsferðum fjölgaði reyndar með lággjaldaflugi. Voru áður jafnvel aðeins tvær á 22 árum, varalitur er munaðarvara, nýir skór setja fjármálin í uppnám og tannlæknakostnaður kollvarpar heimilisbókhaldinu. Listahátíð, hvað er nú það? Leikhúsin? Jú, gaman að lesa gagnrýnina í blöðunum. Fínt að fá ókeypis Fréttablað. Bílastæðavandinn löngu úr sögunni.

Ekki má samt gleyma ágústmánuði því þá er vonarveisla. Hvar verða vaxtabæturnar í ár? Þær eru afréttari fjölskyldunnar og barnabætur hjá þeim sem þær fá. Hvar getum við láglaunafólk sparað? Svarið er alltaf í okkar eina og mikla lúxus sem er MATUR. Og, hvað á að spara þar? Kannski bakarísbrauðið og nammi og gos á kvöldin? Fleira er oft ekki í stöðunni. Jú, minnka eða hætta að gefa jólagjafir. Ekki er hægt að minnka við sig húsnæði og fara í ódýrara því íbúðir seljast ekki. Verðtryggðu lánin hækka nú ört og það gengur ekki til baka ef að líkum lætur. Við munum borga brúsann um ókomin ár.

Verðtrygging launa hlýtur að vera krafa okkar nú til að ráða við þær hækkanir? Við verðum líka að fara að nýta hæft og til þess menntað fólk í fjármálastjórn landsins. Ástand sem þetta er þó verulega kunnuglegt okkur sem komin erum um og yfir miðjan aldur. En, Jón Kaldal! Nú segi ég ekki „sama og þegið“. „Ég“ sat ekki við veisluborðið og finnst því ósanngjarnt að eigna mér timburmennina ykkar.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“




**SPÆNSKA LEIKKONAN VICTORIA ABRIL ER 49 ÁRA Í DAG**



*„Ég er lítil og venjuleg stelpa og mína sögu hefur enginn áhuga á að segja, sem er ágætt því ég myndi ekki nenna að leika sjálfa mig.“*

***Victoria er fræg fyrir leik sinn í myndinni iÁtame! eftir Pedro Almodóvar en Íslendingar þekkja hana eflaust betur fyrir hlutverk sitt í 101 Reykjavík. Hún hefur verið tilnefnd átta sinnum til Goya-verðlaunanna og hlotið þau einu sinni.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 4. JÚLÍ 1865**

## *Lísa í Undralandi kemur út*



Þennan dag árið 1865 kom fyrsta bókin um Lísu í Undralandi út í Englandi. Höfundur bókarinnar, Charles Lutwidge Dodgson, skrifaði bækurnar undir dulnefninu Lewis Carroll. Bókin er sú fyrsta í bókaröð sem segir frá Lísu, sem hefur frjórra ímyndunarafl en flestir. Sagan um Lísu er uppfull af þrautum, rökvillum, mótsögnum og öðrum heimspekilegum vangaveltum höfundarins. Frásagnarformið var byltingarkennt á sínum tíma og hefur haft mikil áhrif á bókmenntasöguna.

Dodgson fékk hugmyndina að Lísu þegar hann var í bátsferð ásamt vini og þremur ungum frænkum sínum, Lorinu, Alice og Edith. Til að skemmta stúlkunum sagði hann þeim sögu um unga stúlku að nafni Alice sem leiddist ógurlega og hélt af stað í leit að ævintýrum. Stúlkurnar voru yfir sig hrifnar og Alice bað frænda sinn um að skrifa söguna niður. Tveimur árum síðar gaf hann frænku sinni handritið að Alice´s Adventures Under Ground. Dodgson skrifaði annað og ýtarlegra eintak af sögunni sem hann sendi til útgefanda. John Tenniel sem myndskreytti bókina var ósáttur við gæði útgáfunnar. Upplagið var því eyðilagt og nýtt og betrumbætt gefið út ári síðar. Bókin seldist upp á skömmum tíma. Meðal þeirra fyrstu sem keyptu bókina voru Oscar Wilde og Viktoría drottning. Bókin hefur verið þýdd yfir á 125 tungumál en aðeins 23 eintök eru til í dag af upprunalegu útgáfunni.

### MERKISATBURÐIR

**1685** Halldór Finnbogason er brenndur á báli á Þingvöllum fyrir að snúa Faðirvorinu upp á andskotann. Þetta er síðasta galdrabrennan hér á landi.

**1810** Frakkar hernema Amsterdam.

**1827** Þrælahald er afnumið í New York-ríki.

**1971** Safnahúsið í Borgarnesi er formlega tekið í notkun.

**1973** Margrét Danadrottning og Hinrik prins koma í opinbera heimsókn til Íslands og dvelja hér í fjóra daga.

**1977** Hreinn Halldórsson setur Íslandsmet í kúluvarpi þegar hann kastar 21,9 metra. Hann er þar með einn þriggja manna sem kasta yfir 21 metra þetta árið.

### AFMÆLI



**Hulda Hákon** myndlistarkona er 52 ára í dag.



**Gina Lollobrigida** leikkona er 81 árs í dag.



**Neil Simon** leikskáld er 81 árs í dag.



**Geraldo Rivera** fréttamaður er 65 ára í dag.



**SONJA** Noregsdrottning er 71 árs.



**EIRÍKUR HAUKSSON** er 49 ára.

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Jónínu Símonardóttur**

áður til heimilis að Eyrarvegi 7a, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Dvalarheimilinu Hlíð. Guð blessi ykkur öll.

| | |
|---|---|
| Jónas Þór Ellertsson | Margrét Jónsdóttir |
| Símon Ellertsson | María Snorradóttir |
| Hulda Ellertsdóttir | Jóhannes Baldvinsson |
| Inga Ellertsdóttir | Gunnsteinn Sigurðsson |
| Ágúst Ellertsson | Sigríður Ásdís Sigurðardóttir |
| Þóra Ellertsdóttir | Sæmundur Pálsson |



## 60 ára afmæli

### Kristín Kjartansdóttir

frá Ólafsvík, verður 60 ára sunnudaginn 6. júlí. Af því tilefni verða þau hjónin Stína og Grímur með opið hús laugardaginn 5. júlí næstkomandi frá kl. 16-20 á heimili sínu 17. júní torgi nr. 7 4. hæð/414 í Sjálandshverfinu í Garðabæ. Þau hlakka til að sjá ættingja og vini sem eru hjartanlega velkomnir.


# Legsteinar

í miklu úrvali



REIN

Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is




**SPENNT FYRIR HELGINNI** Guðmunda Wium, skipuleggjandi Ólafsvíkurvökunnar, með eiginmanni sínum, listamanninum Sigurði Höskuldssyni, sem er tilnefndur bæjarlistarmaður í ár, en hann sér einnig um öll tónlistaratriði hátíðarinnar. MYND/HARALDUR, SKESSUHORN

**ÓLAFSVÍKURVAKA ENDURVAKIN:** FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í ÓLAFSVÍK

# Brottfluttir og börn í fyrirrúmi

Núna um helgina verður Ólafsvíkurvaka endurvakin eftir fjórtán ára hlé. Áherslan á nýrri Ólafsvíkurvöku er fjölskyldan, en að sögn Guðmundu Wium, skipuleggjanda vökunnar, munu hátíðarhöldin vera fyrir börn, brottflutta Ólafsvíkinga og aðra velunnara.

Árin 1993 og 1994 var haldin Ólafsvíkurvaka en síðara árið varð sameining á sveitarfélögunum og úr varð Snæfellsbær. „Við vildum þá breyta hátíðarhöldunum þannig að þau næðu yfir okkur öll frekar en einn stað innan sveitarfélagsins,“ segir Guðmunda. Færeyskir dagar tóku við af Ólafsvíkurvöku og voru haldnir við miklar vinsældir í níu ár, en lögðust af í fyrra. Í framhaldi af því var haldinn fundur í bænum þar sem áhugamenn um áframhaldandi hátíðarhöld ræddu saman um framhaldið. „Við vorum sammála um að halda gleðihöldunum áfram en að búa til hátíð eingöngu fyrir fjölskyldufólk,“ segir Guðmunda. „Við gerðum könnun á Snæfellsbæjarvefnum um hvað hátíðin ætti að heita og gamla nafnið varð fyrir valinu.“

Skemmtidagskrá helgarinnar er fjölbreytt. „Lína Langsokkur verður kynnir á hátíðinni, nokkrir unglingar munu sýna trommudans, sýnt verður brot úr leikritinu Allt í plati sem sett var upp hér í vetur og einnig úr leikritinu Þengill lærir á lífið sem grunnskólinn setti upp. Eldri borgarar verða með línudans, Huldubörn munu syngja nokkur lög og nýtilnefndur bæjarlistarmaður, Sigurður Höskuldsson, mun sýna verk sín, svo eitthvað sé nefnt.“ Hoppukastalar verða fyrir börnin en að sögn Guðmundu er lögð áhersla á að hafa skemmtunina ekki aðkeypta. „Það verður ekkert peningaplokk á hátíðinni hjá okkur.“

Á vökunni verður einnig markaður og sýning á munum eftir listamenn bæjarfélagsins. „Bæði í kvöld og annað kvöld verður bryggjuball, svo verður brekkusöngur og við endum svo vökuna á messu á sunnudaginn þar sem Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór munu spila, en það er eina aðkeypta skemmtunin sem við verðum með,“ útskýrir Guðmunda.

Að sögn hennar er stemningin fyrir helginni mjög góð og samvinna að undirbúningnum hefur gengið vel. „Það er ekki bara Ólafsvík sem kemur að hátíðinni, Sandarar og þeir frá Rifi vinna að þessu með okkur, enda eru þetta hátíðarhöld Snæfellsbæjar,“ segir Guðmunda.

klara@frettabladid.is

**BLAÐBERI MÁNAÐARINS:** SINDRI FREYR PÁLSSON

## *Ánægður og þakklátur*

**Nafn:** Sindri Freyr Pálsson.
**Aldur:** 16 ára.
**Hver er maðurinn?**
Ég er að klára grunnskóla.
**Áhugamál:** Bílar og skellinöðrur.
**Hvað hefur þú starfað lengi sem blaðberi?**
Í þrjú til fjögur ár.
**Ertu í þessu fyrir hreyfinguna eða launin?**
Fyrir hreyfinguna.
**Ertu einn að bera út eða ertu með aðstoðarmann?**
Ég geri þetta mest einn.
**Hver voru þín viðbrögð þegar þér var tilkynnt að þú hefðir hlotið nafnbótina Blaðberi mánaðarins?**
Ég var bara ánægður og þakklátur.
**Hefur þú áður hlotið verðlaun fyrir að bera út Fréttablaðið?**
Nei.

Pósthúsið óskar Sindra Frey til hamingju með titilinn Blaðberi mánaðarins og þakkar fyrir ánægjulegt samstarf.



# Office1 Superstore




Einungis í verslunum okkar

**Starfsfólk Office1 biður neytendur og Dr.Gunna afsökunar á því að hafa sofnað á verðvaktinni og viljum að sjálfsögðu bæta viðskiptavinum okkar þetta upp og höfum því ákveðið að veita 25%afslátt af öllum vörum í verslunum okkar næstu daga.**

Skeifunni17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði Office1 Superstore




# Við stöndum upp úr í nýjustu könnun Capacent

**Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið**

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á höfuðborgarsvæðinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.




Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgina, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar–apríl 2008.

Fíton/SÍA


# STUÐ MILLI STRÍÐA Sólardýrkun

**HELGA ÞÓREY JÓNSDÓTTIR** VILL EKKI LÍTA ÚT EINS OG VESKI



Þegar ég bjó erlendis þurfti ég að venjast þeirri tilhugsun að þótt sól skini í heiði, þá mætti ég vera inni. Enginn æpti á mig og krafðist þess að ég færi út að gera eitthvað í góða veðrinu.

Mér finnst sólin reyndar ágæt og þykir sérstaklega gott að njóta hennar í sundi. Ég hef hins vegar komist að því að ég kann ekki að fara í sólbað.

Fyrst fer ég með handklæði eða eitthvað þvíumlíkt út á svalir og byrja að sóla mig. Þá fer mér að leiðast. Ég næ í bók, kveiki á útvarpinu, tala í símann en ekkert virkar. Gallinn er nefnilega eftirfarandi: mér finnst ekki nógu skynsamlegt að fara í sólbað. Fyrir utan að vera tímasóun þá er það krabbameinsvaldandi iðja sem getur látið mann líta út eins og gamalt veski. Og ég vil ekki líta út eins og veski.

Út af þessu, og frekar ljósum hörundslit, er ég oftast frekar hvít. Þetta virðist hafa áhrif á samskiptahæfni fólks. „Nei, vá hvað þú ert hvít!“ er æpt á mig reglulega. Sumir heimta að fá að bera sig saman við handlegginn á mér í þeim tilgangi að gleðjast yfir eigin brúnku. Fólk hefur bent mér á, með mjúkum og traustvekjandi málrómi, að mér væri líklega hollast að kíkja í einn og einn ljósatíma. Bekkjarkennarinn minn í gaggó var sannfærður um að ég væri með einhvern sjúkdóm og ótrúlegasta fólk hefur fundið sig knúið til að gefa mér sólarpúður. Af því að ég er svo hvít.

Fyrst að það er leyfilegt að segja mér hve hvít ég er, má ég þá segja fólki að það sé með of margar hrukkur? Ég gæti borið mig saman við broshrukkur vina og kunningja og galað: „Nei, vá ég er miklu unglegri en þú!“ Eins gæti ég bent fólki á sniðuga lýtalækna sem gæti losað þá við línurnar í kringum augun. Svo myndi benda þeim á að kaupa retinol-krem í apótekinu eða telja mér trú um að þau séu með gulu. Af því að þau eru svo agalega brún.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman















Kringlunni • 551 3200

next

**!** **Kl. 18**

*Freyja Önundardóttir opnar sýningu sína, Tilbrigði við vatn, í Vélasalnum í Vestmannaeyjum í dag kl. 18. Freyja sýnir málverk unnin á síðastliðnum árum; huglægar náttúrulífsmyndir af vatni, andartaki, hreyfingu og gróskunni í gróðrinum. Sýningin er hluti af dagskrá Goslokahátíðar í tilefni þess að 35 ár eru frá goslokum í Vestmannaeyjum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Syngjandi fluga gleður eyrað*

Þau undur og stórmerki hafa gerst í óperuhreimum Parísarborgar að ný ópera sem gerð er eftir hryllingsmynd frá níunda áratugnum hefur ratað á sviðið og skelfir þar áhorfendur. Um er að ræða endurtúlkun á kvikmynd Davids Cronenberg The Fly, eða Flugunni, frá 1986, en í henni lék hinn geðþekki Jeff Goldblum vísindamann sem verður fyrir því óhappi að frumeindir hans renna saman við frumeindir flugu í eðlisfræðitilraun. Vísindamaðurinn uppgötvar sér til skelfingar að við þetta umbreytist hann smátt og smátt í risavaxna flugu. Það er að sjálfsögðu hið versta mál enda eru flugur mun skelfilegri og grimmari skepnur en mann grunar sökum smæðar þeirra.

Leikstjóri verksins er sjálfur David Cronenberg, en þetta er í fyrsta skipti sem þessi 65 ára Kanadamaður reynir fyrir sér í heimi óperunnar. Tónlistin er eftir Howard Shore, sem á að baki glæsilegan feril sem kvikmyndatónskáld. Þekktastur er hann líklega fyrir tónlist sína við kvikmyndirnar sem unnar voru upp úr Hringadróttinssögu Tolkiens. Hljómsveitarstjóri óperunnar er svo enginn annar en tenórinn heimsfrægi Placido Domingo. Ljóst er að með þetta þríeyki við stjórnartaumana er líklegra en ekki að óperan um hið ógeðfellda fluguskrímsli komi til með að njóta mikilla vinsælda.

Þó virðast áhorfendur ekki á eitt sáttir um hvort óperan standist væntingar. Þannig hafa sumir kvartað undan því að tónlistin sé heldur tilþrifalítil og að uppfærslan sé þunglamaleg. Þó hljóta slíkir smávægilegir annmarkar að jafnast út og gleymast fljótt í ljósi þess að áhorfendum er jafnframt boðið upp á snilldaratriði á borð við syngjandi sameindaþjöppu og blóðugt lokauppgjör flugunnar og konunnar sem hún þráir að borða.

- vþ



**JEFF GOLDBLUM** Er því miður fjarri góðu gamni í óperuútgáfu Flugunnar.

# Síldarminningar á Grandgarðinum

Sigurjón Jóhannsson leikmyndateiknari og myndlistarmaður er fyrirferðarmikill í Sjóminjasafninu á Grandanum í Reykjavík þessa dagana. Um þessar mundir stendur yfir í Sjóminjasafninu sýning á verkum Sigurjóns sem hann kallar Síldin og sjávarsíðan og fjallar um síldarævintýrið og þessa horfnu daga sem ýmist voru fullir af fögnuði yfir góðu síldarári eða fullir vonleysis vegna vondra síldarára; þá skiptust á skin og skúrir eins og nú. Síldarleysi skapaði kreppu sem varð því verri sem hún stóð lengur. Sigurjón er borinn og barnfæddur Siglfirðingur og hefur líkt og jafnaldri hans og sveitungur, Arnar Herbertsson, sótt minni í daga síldaráranna.

Á sýningunni eru 34 verk sem öll fást við mannlífið á rómantískan hátt. Síldin er sjónarhorn en lauslegar útlínur Siglufjarðar mynda ramma um myndefnið en með víðari sjóndeildarhring sem gefur alþjóðlegan blæ sem einkenndi höfuðstað síldveiðanna við Norður-Atlantshafið á sínum tíma, segir Sigurjón. „Fögnuðurinn sem fylgdi síldinni má ekki gleymast," segir hann og færir Reykvíkingum nú til skoðunar fjölda verka sem eru sprottin sumri minninganna frá árum síldarinnar.

Auk sýningarinnar má nefna að þrjár af fastasýningum Sjóminjasafnsins eru hannaðar af Sigurjóni sem hefur stundað sýninga- og safnahönnun um árabil. Á fyrstu hæðinni, inn af anddyrinu er Bryggjusalurinn sem er myndverk sem menn ganga inn í og upplifa þar reykvíska hafnarstemningu frá miðri öldinni sem leið. Hinar tvær eru á annarri hæð og fjalla um sjósókn landsmanna í 1000 ár. Annars vegar hlutverk skreiðarinnar og hins vegar hákarlaveiðanna, lifrarbræðslunnar og lýsisútflutningsins sem hafði mikla þýðingu. Eins konar olíuævintýri þeirra tíma. Hvort tveggja er sett fram sem myndverk sem gestir skilji fyrst og fremst tilfinningalegum skilningi. Sýningin Síldin og sjávarsíðan stendur til loka júlí.

pbb@frettabladid.is



**MYNDLIST** Ein vatnslitamynda Sigurjóns í Sjóminjasafninu á Grandagerði 8.

BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI LISTAMANNSSINS






**MYNDLIST** Þremenningar bregða á leik með komandi kynslóð og margefldir.

MYND/KLING OG BANG

# Þrír sýna í Kling og Bang

**Í dag kl. 17 opna þrír félagar úr samtökum listamannanna sem stóðu upphaflega að Kling og Bang sýningu í nýju húsnæði þeirra við Hverfisgötu. Þar eru á ferðinni þeir Ásmundur Ásmundsson, Magnús Sigurðarson og Erling T.V. Klingenberg.**

Þeir koma saman á ný í Kling & Bang gallerí á Hverfisgötu 42, en þá upp á dag eru 10 ár síðan þeir sýndu á Nýlistasafninu. Nú áratug síðar hafa þeir allir sett mark sitt á fjörlegt sýningarhald sinnar kynslóðar í landinu, en þó helst í Reykjavík, þótt þeir hafi sótt skipulega út fyrir landsteinana. Sýningin ber heitið Listamenn á barmi einhvers II og mun fagna þessum tímamótum og þessum merka degi með pompi og prakt og nýjum verkum sem öll bera merki einhvers konar tilvistarglímu.

Magnús, sem dvalist hefur langdvölum í Ameríku, fjarri uppruna sínum, fjallar um litinn sem umhverfið gefur honum og hvert andsvar hans er við þeirri litabreytingu. Listamaðurinn, með málaða „gotneska" andlistgrímu - er eins og þjáður andi í röngum líkama á strönd sem hann tilheyrir ekki.

Erling fæst við Klingenberg-sjálfið eða „The Klingenberg Case", frá ættfræði, andsetinnar sálar og særingafræðum að „andlausri" náttúralískri myndhverfingu hans sjálfs. Hann er líka að fjalla um andann og líkamann: „It's hard to be an Artist in a Rockstar body".

Ásmundur lítur í baksýnisspegilinn og býr til ný verk úr úrgangi gamalla og ókláraðra verka. Hann lýsir því yfir á ofurauðmjúkan hátt á engilsaxneskri tungu: „I'm merely a curator" og fjarlægist þannig egóið sem hefur tilhneigingu til að þvælast fyrir. Gefur sig sýningarstjóranum (æðri mætti?) á vald. Verði þinn vilji en ekki minn.

Þannig snúa þeir þremenningar hver á sinn hátt upp á tilvist myndlistarmannsins.

Opnunin er kl. 17 í dag og verður boðið m.a. upp á flugeldasýningu og veitingar.

Kling & Bang gallerí er opið fimmtudaga til sunnudaga frá klukkan 14-18 og eru allir velkomnir og aðgangur ókeypis. - pbb





**RAGNHEIÐUR KÁRADÓTTIR OG SIGRÍÐUR TULINIUS** Þessar framtakssömu ungu konur starfa við gallerírekstur í sumar.

# Opnun í Íbíza Bunker

Gallerí Íbíza Bunker slær hvergi af í framkvæmdagleðinni. Þar verður opnuð í dag kl. 17 samsýningin „aftur og aftur ... hring eftir hring ...“. Á henni eiga verk listamennirnir Anna Hrund Másdóttir og Bergdís Hörn Guðvarðardóttir. Þær stöllur eru nemar af öðru og þriðja ári myndlistardeildar Listaháskóla Íslands. Anna og Bergdís vinna meðal annars með bjarta og sterka liti, form, endurtekningar, vöxt, með stærðfræðilegar og lífrænar skírskotanir.

Á sýningunni ber að líta innsetningu þar sem þessir þættir taka á leik saman í rýminu. Klukkan 18.00 mun lúðrasveitin Mokkasína spila fyrir gesti.

Gallerí Íbíza Bunker er til húsa í kjallaranum í Þingholtsstræti 31. Allir eru velkomnir á opnunina. - vþ

# Bænastund í kvöld

Í kvöld verður bænastund í nafni umburðarlyndis og kærleika í Hljómskálagarðinum í Reykjavík. Þetta er ekki hefðbundin bænastund heldur er þetta bænastund allra trúarbragða og er til hennar stofnað að frumkvæði Snorra Ásmundssonar myndlistarmanns. Markmiðið er að fá sem flesta einstaklinga og hópa sem aðhyllast mismunandi trúarbrögð til að taka þátt í þessari sameiginlegu bænastund. Bænastundin stendur yfir í klukkutíma og hver og einn notar sína aðferð við bænahaldið. Bænahaldið er öllum opið og er fólk eindregið hvatt til að koma og taka þátt í þessum atburði.



**MYNDLIST** Snorri Ásmundsson myndlistarmaður.

Snorri Ásmundsson myndlistarmaður, sem undanfarin ár hefur ferðast heimshorna á milli með kærleikspíramídann sinn og beðið fyrir ást og kærleik öllum til handa, stendur fyrir þessum heimsviðburði. Snorri hefur undanfarin ár lagt stund á gjörninga sem hafa oftar en ekki beinst að helstu feimnismálum almennings eins og pólitík, kynlífi og trúmálum.

Borgarstjórnarframboð (Vinstri hægri snú 2002), forsetaframboð (2004), tilnefningar til heiðursborgara og sala aflátsbréfa eru dæmi um tiltektir hans. Hann hefur fengist við að skoða viðbrögð umhverfisins, þ.e. viðbrögð fólks við því þegar viðurkenndum gildum er snúið á hvolf og þegar, annars valdalaus, einstaklingur tekur sér vald sem alla jafna er úthlutað eftir fyrir fram gefnum reglum. - pbb

# Ýmis verk eftir Ými

Myndlistarsýning listamannsins Ýmis stendur nú yfir í kjallara Kaffi Hljómalindar að Laugavegi 23. Á sýningunni má sjá myndir sem unnar eru upp úr fyrstu breiðskífu hljómsveitarinnar Slugs. Breiðskífan inniheldur ellefu lög og er hver mynd unnin upp úr einu lagi þannig að myndirnar eru einnig ellefu talsins. Myndirnar á sýningunni eru til sölu og eru verðlagðar eftir nokkuð sniðugu og rökréttu kerfi; fyrsta myndin kostar 1.000 kr. önnur 2.000 kr. og svo framvegis, þannig að síðasta myndin kostar 11.000 kr. Sýningin stendur til 12. júlí. - vþ



**KARLAKÓR ST. BASIL-KIRKJUNNAR Í MOSKVU** Tekur þátt í tónleikaröðinni Sumartónleikar við Mývatn.

# Sumartónar við Mývatn

Sumartónleikar við Mývatn hefja sitt tuttugasta og annað starfsár nú um helgina. Tónleikar verða á laugardagskvöldum í Reykjahlíðarkirkju, en einnig verða tónleikar á fleiri stöðum í sveitinni. Tónleikarnir standa flestir í um eina klukkustund og er aðgangur ókeypis.

Nýafstaðin er Kórastefnan við Mývatn og því skyldi engan undra að kórar eru í aðalhlutverki sumartónleikaraðarinnar í þessari söngelsku sveit. Kórarnir eru sannarlega ekki af verra taginu heldur glæsilegir fulltrúar kvenna og karla; annars vegar íslenskar ungmeyjar og hins vegar rússneskir kuflsöngvarar sem munu gleðja tónleikagesti í Þingeyjarsýslu. Fyrst hljómar einn af kórum Jóns Stefánssonar við Langholtskirkju, Graduale Nobili, sem hefur hlotið mikið lof og fjölmargar viðurkenningar, meðal annars tilnefningu sem Bjartasta vonin 2008 hjá Íslensku tónlistarverðlaununum.

Karlakór St. Basil-dómkirkjunnar í Moskvu heimsækir Ísland í þriðja sinn í ár. Kórinn sló í gegn á Listahátíð 2004, og nú syngur hann í annað sinn á Reykholtshátíð og svo við Mývatn á tvennum tónleikum 26. júlí. Þessi karlakór býður jafnt upp á hæstu og lægstu tóna sem heyra má, auk óviðjafnanlegrar rússneskrar karlakóratónlistar.

Fyrstu tónleikar raðarinnar fara fram í Reykjahlíðarkirkju á morgun kl. 21. Þar mun Graduale Nobili koma fram og gleðja eyru viðstaddra með fögrum söng. - vþ

# Bine Katrine leikur á orgel

Einn af virtustu organistum Dana um þessar mundir, Bine Katrine Bryndorf, prófessor í orgelleik við Konunglega Konservatoríið í Kaupmannahöfn og organisti við Vartovkirkju, kemur fram á tvennum tónleikum í Hallgrímskirkju nú um helgina. Fyrst leikur hún á hádegistónleikum á morgun kl. 12 og síðan á kvöldtónleikum á sunnudag kl. 20.

Á hádegistónleikunum leikur Bine Katrine Bryndorf verkið L'Ascension eftir Olivier Messiaen. Á þessu ári eru 100 ár síðan Messiaen fæddist og þess vegna fær orgeltónlist eins af merkustu trúartónskáldum 20. aldarinnar aukið rými á efnisskrám organista um allan heim. Verkið hefur undirheitið fjórar hugleiðingar fyrir hljómsveit þar sem að Messiaen skrifaði það fyrst sem hljómsveitarverk árið 1933 en umritaði það fyrir orgel ári síðar. Verkið fjallar um uppstigninguna og tónskáldið valdi hverjum kafla verksins ritningartexta. Þetta verður í fyrsta skipti sem verkið er flutt í heild sinni á tónleikum í Hallgrímskirkju.



**BINE KATRINE BRYNDORF** Kemur fram á tónleikum í Hallgrímskirkju um helgina.

Efnisskrá sunnudagstónleikanna er svo tvískipt. Í fyrri hlutanum mynda fjögur verk eftir Johann Sebastian Bach umgjörð um tvo kafla úr L'Ascension eftir Olivier Messiaen. Bach-verkin fjögur sem um ræðir eru hvítasunnusálmurinn Komm, heiliger Geist, Herre Gott, altarisgöngusálmurinn Schmücke dich, o liebe Seele og Tokkata og fúga í F-dúr. Tokkatan er sérlega áhrifamikil og einkennist af glæsilegum fótspilseinleik. Á síðari hluta tónleikanna flytur Bryndorf Commotio eftir danska tónskáldið Carl Nielsen. Hann var vel að sér í verkum Buxtehudes og Bach og endurspeglar Commotio það, því það skiptist í frjálsa kafla og fúgur eins og á dögum barokkmeistaranna. - vþ






Hofsós í Skagafirði er heillandi kauptún sem lætur lítið yfir sér. Þú beygir af hringveginum við Varmahlíð, eða kemur við á leið þinni utan af Tröllaskaga.

www.ferdalag.is

UMFERÐARSTOFA

Ferðamálastofa www.ferdalag.is



ATÓMSTÖÐIN



MERZEDES CLUB

## > Í SPILARANUM

Atómstöðin - Exile Republic
Beck - Modern Guilt
Helgi Björns og reiðmenn vindanna - Ríðum sem fjandinn
Black Kids - Partie Traumatic
Merzedes Club - I Wanna Touch You

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *MGMT hugar að næstu plötu*

Hljómsveitin MGMT hefur þótt með þeim ferskari í poppbransanum síðustu mánuði. Fyrsta plata sveitarinnar, Oracular Spectacular, kom út í mars en það var ekki fyrr en nýlega að lög hennar náðu almennri hylli. Liðsmenn MGMT hafa nú upplýst að þeir vilji ólmir fara að taka upp aðra plötu. Lítill tími gefist þó til að semja nýtt efni. Planið er að hefja upptökur í janúar og gefa hana út sumarið 2009.



**HRESSIR POPPARAR** Hljómsveitin MGMT hefur vakið mikla athygli fyrir fyrstu plötu sína. Meðlimi hennar kitlar nú að taka upp nýtt efni. NORDICPHOTOS/GETTY

„Okkur hefur langað til að komast aftur inn í stúdíó í þónokkurn tíma. Það er komið ár síðan við kláruðum að taka upp fyrri plötuna,“ segir Andrew Van Wyngarden í MGMT. „Það er engin spurning að við viljum fara að vinna að nýju efni. Ég býst við að við hefjum upptökur í janúar og vonandi komum við plötu út næsta sumar.

Félagi hans í MGMT, Ben Goldwasser, tekur undir þetta. „Við vinnum betur þegar við setjumst niður og kýlum á þetta. Núna höfum við bara ekki mikinn tíma til að gera það.“




## > Plata vikunnar

Elvis Costello and the Imposters - Momofuku

★★★★

„Momofuku var unnin í skyndi og minnir um margt á gömlu Costello-plöturnar, sérstaklega This Year's Model. Hrá og ósvikin rokkplata.“ -TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Fallegur er hann hávaðinn*

Hreinn og klár hávaði er undarlega vanmetinn þáttur í allri tónlistarsköpun. Hávaði er vandmeðfarinn en sé hann notaður á réttan máta er hægt að skapa einhver þau alfallegustu tilbrigði sem líffæri eyrans geta numið. Ég vil strax rökstyðja mitt mál með því að benda á að til dæmis Vorblótið eftir Stravinsky og ljúfsárt rokk Elvis Presley þótti ekkert annað en bévítans hávaði og vitleysa fyrst þegar það nam eyru hins sótsvarta almúga.

Ég vil í þessum pistli samt beina sjónum mínum að hreinum og klárum hávaða, tónum sem eru ekkert annað en ískrandi bæli óhlutbundinna hljóðbylgja. Margar af framsæknustu og bestu hljómsveitum sögunnar hafa unnið með hávaða og nýtt sér þjónustu hans. Tilraunastarfsemi sveita á borð við Velvet Underground, Can, Suicide og Sonic Youth gaf af sér guðdómlegan hávaða sem snertir við innsta kjarna hverrar einustu frumu líkamans. Í seinni tíð hafa kumpánar tengdir við skógláp helst fullnumið mátt hávaðans. Listamenn úr öðrum stefnum en rokki hafa reyndar einnig bæst í hópinn og hafa í hartnær tvo áratugi skapað marga yndislega kokkteila með hávaða sem uppistöðu.

En eins og áður segir er hávaði vandmeðfarinn og það er mjög viðkvæm og þunn lína milli fallegs hávaða og leiðinlegs hávaða. Fallegan hávaða má sem dæmi heyra á hinni stórfenglegu plötu Yo La Tengo frá árinu 1997, I Can Hear the Heart Beating as One. Í laginu We're an American Band gnísta sem dæmi háværir gítarsurgstónar tönnum með nánast óbærilega miklum tilþrifum.

Nú vil ég beina sjónum mínum að tveimur hávaðasveitum sem kunna svo sannarlega að vinna með hávaða á áhrifaríkan hátt. Sveitirnar eru Fuck Buttons og No Age. Báðar eru þær dúettar en spila þó heldur ólíka tónlist. Ég ætla mér svo sem ekkert að tíunda það hér hversu frábærar þessar tvær hljómsveitir eru. Vippið ykkur frekar á netið eða í næstu búð og kaupið ykkur nýútkomnar plötur þeirra. Aðdáendur hávaða verða ekki fyrir vonbrigðum.



NO AGE

# Bjargvættur rappsins

**Suðurríkjarapparinn Lil Wayne seldi yfir milljón eintök í fyrstu vikunni af nýju plötunni sinni The Carter III um daginn. Það er í fyrsta sinn í þrjú ár sem plata nær að rjúfa milljón-eintaka markið á einni viku í Bandaríkjunum. Ekki slæmt á tímum samdráttar í plötusölu. Trausti Júlíusson tékkaði á kappanum, sem hefur verið í uppáhaldi hjá gagnrýnendum vestanhafs síðustu ár.**

Það hefur verið frekar dauft yfir hipphoppbransanum vestanhafs síðustu misseri. Plöturnar seljast minna, gömlu stjörnurnar þjást margar af tónlistarlegu andleysi og textalegri hugmyndaþurrð og það bólar ekkert á nýjum snillingum. Eða hvað? Lil Wayne er enginn nýliði. Hann er búinn að vera að rappa í yfir tíu ár. Vegur hans hefur verið að smá aukast og í dag er hann sennilega stærsta hipphoppstjarnan í Bandaríkjunum. Sjötta platan hans The Carter III fór beint á toppinn þegar hún kom út snemma í júní og seldist í yfir milljón eintökum í fyrstu vikunni, nokkuð sem hefur ekki gerst síðan The Massacre með 50 Cent kom út. Menn eru þegar farnir að kalla Lil Wayne bjargvætti rappsins.

### Sló í gegn með mixteipum

Dwayne Michael Carter Jr. fæddist í New Orleans 27. september 1982. Hann ólst upp í Hollygrovehverfinu. Þegar hann var ellefu ára kynntist hann rapparanum Bryan Williams, eiganda Cash Money Records. Bryan varð eins konar lærimeistari Lil Waynes, kenndi honum á bransann og gerði samning við fyrstu hljómsveitina sem Lil Wayne var í, Hot Boys, sem gaf út þrjár plötur á árunum 1998–2003.

Fyrstu þrjár sólóplöturnar hans, The Block Is Hot (1999), Lights Out (2000) og 500 Degreez (2002) seldust ekki mikið. Þegar Cash Money-fyrirtækið neitaði að gefa fjórðu plötuna hans, Da Drought, út þá skellti hann henni út sem mixteipi. Á næstu árum gaf hann út mikið af mixteipum sem mörg þóttu frábær og vöktu athygli á þessum efnilega rappara.



### The Carter-röðin

Árið 2004 kom fjórða sólóplata Waynes og fyrsta platan í The Carter-röðinni og þá varð ljóst að Lil Wayne hafði hitt á eitthvað sem virkaði. Næsta plata, The Carter II, kom 2005 og fór beint í annað sæti Billboard-listans. Lil Wayne hefur samhliða þessum opinberu plötum gefið út helling af mixteipum sem mörg hafa fengið frábæra dóma. Í fyrra rataði Da Drought 3 t.d. í sextánda sætið á árslista Pitchforkmedia og var líka á meðal bestu platna ársins hjá Rolling Stone.

Það sem bæði leikir og lærðir eru sammála um er að Lil Wayne er frábær rappari. Hann hefur hugmyndirnar, ímyndunaraflið og flæðið. Auk þess er The Carter III full af frábærum töktum. Á meðal gesta á henni eru Jay-Z, Betty Wright, Fabolous og Busta Rhymes, en upptökum stjórna menn eins og Kanye West, Drew Carrera, Jim Jonsin og Swizz Beatz.

The Carter III er ein af skemmtilegri rappplötum sem maður hefur heyrt lengi. Hún er fersk og á köflum poppuð og húmorinn svífur yfir öllu. Lagið Dr. Carter er gott dæmi, en þar er Wayne í hlutverki læknis sem reynir að bjarga hipphoppinu. Eitt af mörgum snilldarlögum á plötunni.

**LIL WAYNE** Hefur verið kallaður „heitasti rapparinn 2008“ og „besti rappari sinnar kynslóðar“.




# Fínasta fönk-rokk súpa

Seeing Sounds er þriðja plata N*E*R*D, en þegar fyrsta platan In Searh of... kom út fyrir sjö árum var sveitinni hampað sem framtíð poppsins. N*E*R*D er skipuð Neptunes ofur-pródúsentunum Pharrell Williams og Chad Hugo og æskuvini þeirra frá Virginíu, söngvaranum Shae. Tónlistin er blanda af rokki, fönki og ferskum hip-hop-hljómi í anda Neptunes.



Önnur platan, Fly or Die, var framhald af þeirri fyrstu og nú er þriðja platan komin. Seeing Sounds er skemmtilega fjölbreytt. Lög eins og Everyone Nose og Anti Matter minna helst á gamla Fatboy Slim-slagara, You Know What er poppfönk í anda Jamiroquai, Happy er softrokk og Kill Joy minnir á Red Hot Chili Peppers svo dæmi séu tekin. Hljómurinn er oft mjög ferskur eins og við er að búast frá Neptunes. Takturinn í smáskífulaginu Spaz er til dæmis mjög flottur og í fleiri lögum fær snilld þeirra Pharrell og Hugo að njóta sín. Á heildina litið er þetta skemmtileg plata sem skilur samt frekar lítið eftir sig. **Trausti Júlíusson**

**TÓNLIST**

**Seeing Sounds**

N*E*R*D



★★★

Þó að fáum detti kannski í hug í dag að fönk-rokk súpa N*E*R*D sé framtíð rokksins stendur Seeing Sounds alveg fyrir sínu. Fjölbreytt og skemmtileg.

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

# RISA MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI

Opnar í dag

## TÓNLIST

Íslensk tónlist - erlend tónlist - klassík - jazz

VERÐ FRÁ KR. 99

Takmarkað magn



Þúsundir titla í boði

## TÖLVULEIKIR

Leikir á allar leikjarvélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo



VERÐ FRÁ KR. 999

## DVD MYNDIR



VERÐ FRÁ KR. 999

Nóg af bílastæðum

OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

> GOTT KYNLÍF

Will Smith segir að lykillinn að góðu hjónabandi sé að stunda mikið kynlíf. Leikarinn, sem hefur verið giftur Jada Pinkett Smith í ellefu ár og á með henni tvö börn, segist halda spennunni í hjónabandinu með því að stunda kynlíf reglulega. Auk þess segist hann varla þola að taka sér langt frí frá vinnu sinni og vonar að Jada sé tilbúin að stunda mikið kynlíf í fimm mánaða fyrirhuguðu fríi þeirra hjóna.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Hálft tonn af humri um helgina

Sextánda Humarhátíðin á Höfn fer fram um helgina með tilheyrandi húllumhæi, hoppukóstulum og hljóðfæraleik. Þetta er fyrir löngu orðinn miðpunktur sumarsins hjá Hornfirðingum. Þeir sem troða upp á svæðinu eru meðal annars Gunni og Felix, hljómsveitirnar Dísel og Undur, Bjarni Töframaður og Soffía mús.

„Það verður æðislegt stuð í bænum bæði á föstudags- og laugardagskvöld," segir Valdemar Einarsson, forsvarsmaður hátíðarinnar. „Það verða þrjú böll í gangi í bænum bæði kvöldin og lifandi músik um allan bæ."

Hápunktur Humarhátíðarinnar er stórdansleikur í Íþróttahúsinu á laugardagskvöld. „Það er heimaband, hljómsveitin Parket, sem sér um fjörið," segir Valdemar. „Þetta er hörkuband sem hefur starfað lengi. Ég myndi segja að þeir séu frekar rokkband heldur en hitt."

Mæting hefur verið mismikil eftir árum en það fjölgar að meðaltali um helming í bænum yfir hátíðina. Eins og vera ber á humarhátíð mun bærinn fljóta í þessari lúxusfæðu. „Nei, það er nú enginn frír humar í boði, en allt er selt á sanngjörnu verði. Við erum til dæmis með humarsúpu, grillaðan humar og svokallaða humarloku. Ætli það sé ekki svona hálft tonn af humri sem rennur ofan í gesti á hátíðinni. Það er það sama og eitt og hálft tonn af humri upp úr sjó." - glh



**HUMAR GRILLAÐUR Í GESTI** Gestir á Humarhátíð á Höfn borða hálft tonn af humri um helgina.



**FJÖGURRA ÁRA SAMBAND Á ENDA** Megan Fox finnst hún vera of ung til að festa ráð sitt og sleit nýverið trúlofun sinni við leikarann Brian Austin Green.

## Sleit trúlofuninni

Megan Fox hefur slitið trúlofun sinni við fyrrverandi Beverly Hills-leikarann Brian Austin Green. Megan, sem trúlofaðist Brian í nóvember 2006, finnst hún vera of ung til að festa ráð sitt og ákvað því að slíta sambandi sínu við leikarann.

Megan, sem var valin kynþokkafyllsta kona heims af tímaritinu FHM fyrr á þessu ári, greindi vinum sínum og samstarfsfélögum frá ákvörðun sinni í síðustu viku. Brian og Megan höfðu verið saman í fjögur ár, en Brian var áður trúlofaður meðleikkonu sinni Vanessu Marcil og á með henni sex ára son.

# Hörkupúl að vera hafnarvörður

**Pálmi Gestsson leikari starfar sem hafnarvörður á Bolungarvík. Hann átti von á rólegheitum í starfi en þess í stað stendur hann sveittur við að vigta fiskafla Bolvíkinga.**



**MEÐ STÓRA BRÓÐUR** Pálmi og Óli Svanur stóri bróðir hans voru kátir á við hafnarbakkann í gær. Óli Svanur réði Pálma til starfans en hann er yfirhafnarvörður á Bolungarvík. FRÉTTABLAÐIÐ/DILLÝ

„Ég hélt ég gæti bara haft það huggulegt og fylgst með skipunum sigla að, en annað hefur komið á daginn," segir Pálmi Gestsson, leikari og hafnarvörður. Pálmi réði sig í starf hafnarvarðar á Bolungarvík í sumar og leysir þar af stóra bróður sinn, Ólaf Svan, sem er yfirhafnarvörður. „Þetta er bara hörkupúl og vinna," segir Pálmi sem þarf að vigta aflann úr hverjum einasta báti sem kemur að landi. Meira að segja þess sem dorgar fram af höfninni með veiðistöng. „Við lifum í vigtunar- og bókhaldssamfélagi," segir Pálmi.

Hann segir það hafa verið flókið að læra á allar þær vélar sem hann vinnur með. „Það rauk alveg úr hausnum á mér fyrstu vikuna. Þetta þarf allt að vera rétt. Annars fær maður trillukarlana á hurðina strax, sem er ágætt," segir Pálmi og hlær. Um helgina eykst svo álagið á Pálma til muna þegar sjóstangveiðikeppni verður haldin á Bolungarvík. Þá þarf Pálmi að vigta afla hvers og eins.

Þrátt fyrir puð og púl í starfi hafnarvarðar nýtur Pálmi verunnar á æskustöðvunum til hins ýtrasta. Hann hefur fest kaup á húsinu sem hann fæddist í. Kona hans, Dillý, dvelst þar með honum ásamt átta ára syni þeirra. Pálmi á ógrynni ættingja á Bolungarvík og býr dóttir hans þar sem og sonur hans sem leysir af í lögreglunni. „Það er frábært að vera hérna og ekki síst fyrir strákinn litla. Hann bara fer út á morgnana og kemur heim þegar hann er svangur."

Pálmi hefur breytt sinni lífsrútínu. „Nú er maður kominn í gamla stílinn. Ég fer heim í hádeginu og fæ mér að borða, hlusta fréttirnar og legg mig jafnvel," segir hann og hlær. „Það er bara hlustað á gömlu gufuna að sjálfsögðu. Alla vega þegar ég er að vigta enda held ég að það náist engin önnur stöð."

Pálmi var einmitt í hádegismat þegar blaðamaður náði tali af honum. „Ég er að horfa hérna út. Sé alla Snæfjallaströndina og inn Djúpið," segir hann hugfanginn. Pálmi mun starfa sem hafnarvörður til loka júlí. Þá mun stóra vigtunarsumrinu í lífi Pálma ljúka og þá er nóg komið af vigtunum í bili. „Ég er hættur að stíga á vigtina sjálfur," segir Pálmi kampakátur.

soli@frettabladid.is

# Gömlu mennirnir aftur til Íslands

Einn frægasti og vinsælasti hópur tónlistarmanna í kúbverskri tónlist, Buena Vista Social Club, er nú væntanlegur hingað til lands í annað sinn. Það er Hr. Örlygur sem sér um að flytja tónlistarmennina hingað heim á Klakann. Stórtónleikar verða á Hlíðarenda seinna í mánuðinum.

Buena Vista Social Club var vinsæll og lifandi skemmtistaður í Havana á fimmta áratug síðustu aldar. Staðurinn var vinsæll samkomustaður tónlistarmanna þar til Castro komst til valda og skemmtistaðnum var lokað, í kjölfar þess fluttu margir tónlistarmannanna til Bandaríkjanna en aðrir urðu eftir á Kúbu. Meðal þeirra sem urðu eftir í Havana voru píanóleikarinn Rubén González, gítarleikarinn Compay Segundo og söngvarinn Ibrahim Ferrer. Næstum fimmtíu árum eftir lokun Buena Vista Social Club þegar bandaríski tónlistarmaðurinn Ry Cooder kom til Kúbu til að taka upp plötu komst hann að því að margir þessara tónlistarmanna voru enn á lífi og í fullu fjöri þrátt fyrir háan aldur. Úr þessu samstarfi varð svo metsöluplatan Buena Vista Social Club og heimildarmynd með sama nafni sem þýski leikstjórinn Wim Wenders leikstýrði og tónleikaferðalag.



**BUENA VISTA SOCIAL CLUB TIL ÍSLANDS** Tónlistarmennirnir eru fullir af fjöri þrátt fyrir háan aldur. Þeir leika á tónleikum í Vodafone-höllinni 24. júlí næstkomandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Nú er rúmur áratugur síðan þessi fræga plata var tekin upp og margir sem á henni spiluðu hafa fallið frá en líkt og orðtækið segir, þá kemur maður í manns stað og er hljómsveitin enn á ný á ferð um heiminn að spila tónlist sína. Cachaíto López er sem forðum burðarás hljómsveitarinnar en með henni spilar ellefu manna úrvalssveit kúbverskra hljómlistarmanna. Tónleikarnir munu fara fram í Vodafone-höllinni 24. júlí og verður miðasala og verð auglýst síðar. - sm



**KORMÁKUR** segir ekki hægt að kenna landanum að drekka á einni nóttu.

# Vinna að lausn á miðbæjarvanda

Nú hefur sá orðrómur verið á kreiki að skemmtistaðir í miðbæ Reykjavíkur hyggist taka höndum saman og loka á slaginu þrjú í þeirri von að opna augu yfirvalda fyrir þeim vandamálum sem mundu skapast í miðbænum ef skemmtistaðir lokuðu allir á sama tíma. „Þetta er eitthvað sem félag kráareiganda hefur pælt í en þetta er þó aðeins hugmynd enn sem komið er," segir Kormákur Geirharðsson, eigandi Ölstofunnar og formaður Félags kráareiganda. Að sögn Kormáks hittast fulltrúar kráareiganda, íbúa og yfirvalda á hverjum mánudegi og skiptast á skoðunum um skemmtanahaldið í miðbænum þá helgina. „Ég held að ef skemmtistaðir loki allir á sama tíma verði ástandið í miðbænum verra núna en það var fyrir tíu árum síðan. Ég tel að besta lausnin sé sú að skemmtistaðir loki á mismunandi tímum og samgöngur úr bænum verði bættar og löggæsla verði sýnilegri því það er ekki hægt að kenna Íslendingum að drekka á einni nóttu," segir Kormákur að lokum. - sm

# Upprisa Hancocks

Ofurhetjan Hancock hefur ekki átt sjö dagana sæla síðastliðin ár; hann drekkur viðstöðulaust, hann er hataður af almenningi og enginn tilgangur virðist vera fyrir lífi hans, eða svo heldur hann. Þegar Hancock bjargar kynningarfulltrúa úr lífshættu býður hann honum að sjá um almannatengsl Hancocks og koma honum á rétta braut.

Í leikstjórastólnum situr leikarinn Peter Berg, sem hefur sýnt fram á að hann er efnilegur leikstjóri með myndum á borð við ruðningsmyndina Friday Night Lights og hinni nýlegu The Kingdom. Berg er hér með sína stærstu og dýrustu mynd hingað til, sem er bara af því góða. En ég fer ekki ofan af því að hann hafi verið kærulaus við gerð myndarinnar. Mörgum atriðunum er ágætlega leikstýrt en mörg hasar- og dramaatriðin eru klaufaleg og vandræðaleg. Dramatíkinni er einnig örlítið ofaukið. Söguþráður myndarinnar er góður og gaman er að fylgjast með fyrstu ofurhetjunni sem þarf að taka til eftir sig sóðaskapinn.

Will Smith leikur Hancock, drykkjurútinn sem endurheimtir æruna. Smith stendur yfirleitt fyrir sínu en er kannski ekki í essinu sínu hérna. Í sumum atriðum, þar sem reynt er á dramaleikinn, er stutt í hláturinn og hann er ekki nægilega sannfærandi. Jason Bateman er þó frábær sem kynningarfulltrúi Hancocks. Bateman er vandaður og góður leikari en virðist vera festast örlítið í sama hlutverkinu; nú sleppur hann með skrekkinn. Þróun persónu Charlize Theron er fyndin en fyrirsjáanleg. Nú þegar ofurhetjumyndir tröllríða sumrinu með myndum á borð við Iron Man, The Incredible Hulk og hinni væntanlegu The Dark Knight, sem hafa sýnt hvers ofurhetjumyndir geta verið megnugar, virðist ekki vera pláss fyrir fína mynd á borð við Hancock. Helsta ástæðan fyrir því er hversu góð hún hefði getað orðið með þennan áhugaverða söguþráð og flottan leikarahóp. Útkoman reynist vera fínasta sumarmynd en lítið meira en það.

**Vignir Jón Vignisson - Topp5.is**

**KVIKMYNDIR**

**Hancock**

Leikstjóri: Peter Berg. Aðalhlutverk: Will Smith, Jason Bateman, Charlize Theron.

★★★

Fínasta sumarskemmtun en maður hugsar mest um hversu miklu betri hún hefði getað orðið.





**MJÖG GÓÐ Í HOKKÍ** París Hilton hefur spilað íshokkí frá því hún var sextán ára gömul.

# Spilar hokkí

**Hótelerfinginn Paris Hilton segir að uppáhaldsíþrótt hennar sé íshokkí. „Ég hef spilað íshokkí frá því ég var sextán ára og ég er mjög góð í því," var haft eftir henni. París segir að þegar hún gekk í menntaskóla hafi hún verið í skólaliðinu í íshokkí og segist hún enn taka einstaka leik þegar hún hefur tíma. Jafnframt segist hún ætla að kenna kærasta sínum, Benji Madden, hvernig spila eigi íþróttina. Þessa dagana er Paris annars að fara af stað með að kynna nýja sjónvarpsþáttinn sinn sem ber heitið My New BFF.**



**STYTTIST Í FÆÐINGU** Angelina með elsta son sinn, Maddox.

# Styttist í fæðinguna

Angelina Jolie hefur nú verið lögð inn á spítala, læknir leikkonunnar segir að ekkert ami að henni heldur sé aðeins verið að gæta fyllsta öryggis því nú styttist í fæðingu tvíburanna sem Angelina ber undir belti. Angelina og Brad keyptu nývirð villu í Frakklandi þangað sem þau fluttu með barnaskarann sinn til þess að losna undan ljósmyndurum sem elta fjölskylduna hvert fótmál. Angelina og Brad eiga saman eitt barn og hafa ættleitt þrjú; eftir fæðingu tvíburanna, sem von er á hvað á hverju, verða börnin því orðin sex að tölu. Geri aðrir betur.


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA




Þú missir ekki bara bílprófið ef þú ekur of hratt, heldur gæti bíllinn þinn verið gerður upptækur og þú greitt sekt sem jafngildir mánaðarlaunum margra.

**Hraðakstur borgar sig ekki - Í ALVÖRUNNI!**

UMFERÐARSTOFA




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK D HJÓÐ & MYND | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| HANCOCK LÚXUS D HJÓÐ & MYND | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| KUNG FU PANDA D HJÓÐ & MYND | kl. 3.45 - 5.50 ÍSL. TAL | |
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ZOHAN | kl. 8 - 10.30 | 10 |

5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HAPPENING | kl. 8 -10.10 | 16 |
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| ZOHAN | kl. 5.30 | 10 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 10.20 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 6 - 8.30 - 10.30 | 12 |
| KUNG FU PANDA | kl. 6 - 8 - 10 ENSKT TAL | |
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 6 - 8 - 10* | 12 |
| BIG STAN | kl. 8 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 10 | 16 |

* kraftsýning

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 4, 6, 8(D) og 10(D) | 12 |
| KUNG FU PANDA | kl. 4 (D) og 6 (D) | L |
| WANTED | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| NARNIA: PRINCE CASPIAN | kl. 4 og 7 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 10 | 14 |




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 4D - 6D DIGITAL | L |
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 4 - 6 | VIP |
| KUNG FU PANDA M/ENSKU | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| HANCOCK | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| HANCOCK | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| WANTED | kl. 5:30 - 8 - 10:20 - 10:40 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 - 8 | 7 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:20 | 12 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| WANTED DIGITAL | kl. 8:30D - 10:50D | 16 |
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 4:30D - 6:30D | L |
| NARNIA 2 DIGITAL | kl. 3D - 6D | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE BANK JOB | kl. 9 - 11:10 | 16 |
| SPEEDRACER | kl. 3 | L |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| HANCOCK | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 6 - 8 | L |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |
| WANTED | kl. 10:10 | 16 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 6 | L |
| WANTED | kl. 8 - 10 | 12 |
| NARNIA 2 | kl. 6 | 7 |
| THE BANK JOB | kl. 9 | 16 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA M/ÍSL. TALI | kl. 6 - 8 | L |
| HANCOCK | kl. 8 - 10 | 12 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 10 | 12 |


# Voru hvött áfram eins og handboltalandsliðið

**Íslenska hljómsveitin Bloodgroup tróð upp á síðasta upphitunarkvöldinu á Hróarskelduhátíðinni á miðvikudagskvöld. Góður rómur var gerður að tónleikum hljómsveitarinnar. Kolbrún Björt Sigfúsdóttir ræddi við krakkana í bandinu eftir tónleikana.**



**BLOODGROUP Á HRÓARSKELDU** Söngkonan Lilja Kristín Jónsdóttir fór fyrir íslensku sveitinni á miðvikudagskvöldið. MYND/THOMAS ARNBO

„Þetta var ógeðslega gaman, alveg klikkað!“ segir Lilja Kristín Jónsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Bloodgroup. Lilja var enn að ná sér eftir tónleika hljómsveitarinnar á Hróarskeldu þegar blaðamaður ræddi við hana. „Það er svo skrítið að fara á svið fyrir framan svona mikið af fólki. Við höfum aldrei gert það áður,“ segir Lilja.

Sviðsdýfa Janusar setti smá strik í reikninginn. „Það var bara allt svo brjálað og ég sá tækifæri að það væri hægt. Það er ekki beint vinsælt eftir 2000. Mjög bannað meira að segja. Ég var alveg búinn að gleyma þessu. Ég var geðveikt skammaður. Hljómsveitir hafa verið sendar út af svæðinu, klippt af þeim böndin, fyrir þetta,“ segir Janus. „Við sluppum með aðvörun því við báðumst svo fallega afsökunar,“ segir Lilja.

Við beinum talinu að öðru. Hvernig fannst þeim að heyra kallað Ísland á tónleikunum? „Það var mjög skrítið. Komið svolítið ,landsleikur í handbolta‘ í fólkið. Við höfðum smá áhyggjur af þessu áður en við fórum á svið. Að fólk væri eins og það væri að halda með okkur og hvetja okkur áfram sem „besta bandið á Hróarskeldu“ en svo sá maður fólk sem maður þekkir og þá var það bara gaman,“ segir Lilja.

En hvernig undirbýr maður sig fyrir svona tónleika? „Við erum búin að vera að taka allt í gegn sem við fílum ekki. Annaðhvort að taka lögin í gegn eða einfaldlega henda þeim af listanum. Því er live-prógrammið ekkert eins og á plötunni heldur eru lögin í stöðugri þróun,“ segir Styrmir.

Hljómsveitin ætlar að vera á hátíðinni og sjá tónleika. „Við ætlum að sjá Radiohead, Bonnie „Prince“ Billie, MGMT, Kings of Leon, Goldfrapp, Chemical Brothers, Yeahsayer …“ Lilja segist eiga erfitt með að velja milli Mugison og Band of Horses, sem spila á sama tíma. „Það er spurning hvort maður fer í áfram Ísland-pakkann,“ segir hún. „Eftir svona kvöld þá verður maður eiginlega að gera það,“ vill Styrmir meina. „Það er þannig stemning í fólki. Það tekur hljómsveit og gerir landslið úr henni.“ Bloodgroup þarf að fara að finna sér tjaldsvæði innan fjölmiðla- og hljómsveitasvæðisins. „Við erum náttúrlega með barnið þannig að við förum ekkert á kaf í heróínið,“ segir Lilja og hlær.

kolbruns@frettabladid.is

# Pandan bjargar deginum



Í Kína til forna segir frá hundlötu pöndunni Po, sem vinnur á núðlustað en hugsar um lítið annað en kung fu. Röð tilviljana leiðir til þess að Po er útnefndur sem hinn virðulegi drekastríðsmaður, sem er eina von bæjarins til að yfirbuga hin illa Tai Lung. Helstu stríðsmenn Kína eiga því mikið verk fyrir höndum við að þjálfa Po, sem er erfiðleikum háð þar sem hann kann ekki handtak í bardagalistum.

Kung Fu Panda er nýjasta afsprengi teiknimyndadeildar DreamWorks sem gerði Shrekmyndirnar og nú síðast Bee Movie. Myndir þeirra hafa þó flestar haldið sig í miðjumoðinu, að minnsta kosti langt frá Pixarstaðlinum, sé gerð undantekning með Shrek og Aardmanmyndirnar. Með Kung Fu Panda komast þeir aftur á móti á hærra plan og gera eina bestu mynd sína, og eina hressilegustu mynd sumarsins.

Grunnþráðurinn í myndinni er kannski ekki sérlega frumlegur, það er kunnuglega hugmyndin um lúðann með rétta hjartalagið, sem verður hetjan að lokum. En myndin vinnur listilega með það efni og hefur að geyma merkilega skemmtileg bardagaatriði auk vel heppnaðra brandara. Kung fu-ið er afgreitt á sniðugan hátt og þar sem þetta er teiknimynd eru náttúrulögmálin jafnan beygð að vild, með skemmtilegum árangri. Þetta er einnig flottasta DreamWorksteiknimyndin til þessa og er sérstaklega vel teiknuð og hönnuð.

Jack Black er í essinu sínu sem pandan góða og hans líflegi persónuleiki hentar myndinni vel. Það er góður leikari í hverju hlutverki, þar ber helst að nefna Dustin Hoffman sem kung fu meistarinn, Angelina Jolie, Jackie Chan, Seth Rogen, Lucy Liu, David Cross og að lokum Deadwood-naglinn Ian McShane sem skúrkurinn.

Það má því segja að Kung Fu Panda yfirvinni afmarka sína með glæsibrag. Hún höfðar kannski frekar til yngri áhorfenda, en grínið og hasarinn smitar frá sér til þeirra eldri og úr verður frábær skemmtun, ein sú besta það sem af er sumri.

**KVIKMYNDIR**

**Kung Fu Panda**

Aðalhlutverk: Jack Black, Dustin Hoffman, Angelina Jolie, Jackie Chan, Seth Rogen, Lucy Liu, David Cross, Ian McShane.

★★★★

Einföld og kunnugleg saga sem farið er vel með. Frábært skemmtun sem höfðar til allra aldurshópa.

**Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is**





Útsala
Útsalan hófst í morgun,
40 % afsláttur af öllum
herra og dömufatnaði.
Andersen & Lauth, Laugavegi 86-94, sími 552 6066, www.andersenlauth.com

## > Þriðja tapið hjá stelpunum

Íslenska U-16 ára landsliðið tapaði 2-0 gegn sterku liði Þjóðverja í lokaleik riðlakeppni opna Norðurlandamótsins sem fer fram hér á landi. „Við vissum að þetta yrði erfitt en ég er ánægð með stelpurnar. Þær sýndu að við getum alveg vel staðið í þeim,“ sagði þjálfarinn Kristrún Lilja Daðadóttir. „Við erum að nálgast þessar þjóðir, það er alveg ljóst,“ segir Kristrún en Ísland spilar um sjöunda sætið gegn Svíum á morgun klukkan 11 á ÍR-velli. Ísland lenti í neðsta sæti síns riðils eftir þrjú töp, gegn Dönum og Norðmönnum og Þjóðverjum, sem unnu riðilinn örugglega.



# sport

sport@frettabladid.is

JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON: SKAUT BREIÐABLIKI Í ÁTTA LIÐA ÚRSLIT VISA-BIKARSINS

# „Gjörsamlega yfirspiluðum þá“

„Ég er búinn að bíða lengi eftir þessu marki og það var tilvalið að fá það á þessari stundu,“ sagði hinn sautján ára Jóhann Berg Guðmundsson, leikmaður Breiðabliks. Jóhann skaut Blikum í átta liða úrslit VISA-bikarsins með því að skora eina markið í 1-0 sigri á Val.

„Við gjörsamlega yfirspiluðum þá, mættum strax og ákváðum að taka bara á þessu,“ sagði Jóhann, sem skoraði beint úr aukaspyrnu í seinni hálfleik, kom boltanum laglega undir varnarvegg Vals og framhjá Kjartani Sturlusyni í markinu. Þetta var hans fyrsta mark fyrir meistaraflokk Breiðabliks.

Blikar voru talsvert sterkari í leiknum og héldu boltanum vel. Liðið fékk nokkrar ansi álitlegar sóknir en það virðist vera þannig að Kópavogsliðið þurfi fleiri færi en önnur lið til að ná að setja mark. „Við erum búnir að vera ansi lélegir að klára sóknirnar okkar í sumar en þetta hefur verið tekið fyrir á æfingasvæðinu og mun vonandi lagast. 1-0 er alveg nóg,“ sagði Jóhann.

Valsmenn virkuðu mjög hugmyndasnauðir í sínum aðgerðum og sköpuðu sér fá færi. „Við vissum það að þeir hafa ekki verið að spila vel í sumar og ákváðum því að mæta þeim af krafti. Það tókst.“

Þarna voru tveir Akureyrarbanar að eigast við en Blikar unnu KA í 32 liða úrslitum meðan Valsmenn unnu Þór. Bæði lið hafa ollið vonbrigðum í Landsbankadeildinni og fyrir leikinn var bikarinn eini möguleiki þeirra á titli í sumar. Það sást hins vegar ekki á leik Valsliðsins í gær.

Sjálfstraust Marels Baldvinssonar virðist vera undir frostmarki en þegar hann kemst í færi þessa dagana rennur allt út í sandinn. Hann fékk nokkur dauðafæri í leiknum en vandræðlegt var að sjá hvernig hann fór með þau. Sem betur fer fyrir hann náði þó Jóhann að setja boltann í markið og Marel hefur því getað sofið vært í nótt.

- egm



Valur kaupir Dana frá Fram:

## Fram hafði ekki efni á Eggerts

**FÓTBOLTI Íslandsmeistarar Vals keyptu í gær Danann Henrik Eggerts frá Fram. Hann kom til Fram í fyrra og spilaði þá sjö leiki en hann hefur aðeins spilað í 36 mínútur á mótinu í ár vegna meiðsla. „Hann er heill þessa stundina en læknar okkar eiga eftir að skoða hann,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals. „Þetta er öflugur leikmaður, af því sem ég hef séð til hans. Hann er tekniskur og skapandi,“ sagði þjálfarinn, sem fékk Eggerts nánast beint upp í hendurnar.**

**„Ég fékk símtal frá formanninum mínum, sem spurði hvort ég hefði áhuga á að fá hann til okkar. Ég kvað svo vera,“ sagði Willum en Framarar þurftu að skera niður í sínum rekstri.**

**Lúðvík Þorgeirsson, formaður meistaraflokksráðs Fram, sagði við Fréttablaðið að ákvörðunin hefði verið afar erfið, en nauðsynleg. „Við erum í bullandi aðhaldi í rekstrinum og þurfum að halda okkur réttum megin við núllið. Óneitanlega réðumst við því á dýrasta leikmanninn,“ sagði Lúðvík. Hann sagði jafnframt að með sölunni ætti Fram að geta bætt við sig leikmanni í staðinn fyrir hinn 32 ára gamla Eggerts.** - hþh



VALUR Fer til Slóveníu í Evrópukeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valskonur í Evrópukeppninni:

## Langt ferðalag fram undan

FÓTBOLTI Valskonur spila sinn riðil í Evrópukeppni kvenna í Slóvakíu. Dregið var í gær en auk heimaliðsins Slovan Duslo Sala mætir Valur Cardiff City frá Wales og Maccabi Holon frá Ísrael. Riðillinn verður leikinn 4. til 9. september.

Tvö lið komast áfram. Verði Valur annað þeirra mætir það Evrópumeistaraliði Umeå frá Svíþjóð, Ítalíumeisturum Bardelino og einu öðru félagi sem vinnur sinn riðil í undankeppninni. Er þá leikið í öðrum riðli en upp úr honum komast tvö félög í átta liða úrslit. - hþh







ÖRUGGUR Patrik Redo innsiglar hér 3-1 sigur Keflvíkinga með marki á lokamínútunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORGILS

# Bikarmeistararnir úr leik

**Keflvíkingar gerðu sér lítið fyrir og slógu ríkjandi bikarmeistara í FH úr VISA-bikarnum í gær. Leikurinn var opinn og skemmtilegur en lokatölur voru 3-1.**

FÓTBOLTI Keflavík vann FH, 3-1, í 16 liða úrslitum VISA-bikars karla í gærkvöld. Leikur bikarmeistara tveggja síðustu ára var opinn og skemmtilegur strax frá fyrstu mínútu en gestirnir í FH gerðu sig líklegri til þess að taka forystu framan af leik.

Það voru hins vegar heimamenn sem skoruðu fyrsta markið þegar fyrirliðinn Guðmundur Steinarsson fékk sendingu inn fyrir vörn FH-inga frá Símuni Samuelsen, lék laglega á Daða Lárusson í markinu og afgreiddi boltann snyrtilega í netið.

Keflvíkingar efldust til muna við markið á meðan FH-ingar virkuðu slegnir út af laginu. Símun átti síðan misheppnað skot að marki en boltinn rataði aftur á móti beint í hlaupalínu Guðjóns Árna Antoníussonar sem komst einn á móti Daða og skoraði af öryggi.

FH-ingar reyndu hvað þeir gátu að minnka muninn en þá skorti áræðni og hungur til að klára dæmið og staðan var 2-0 í hálfleik. Sama var uppi á teningnum í upphafi síðari hálfleiks; FH-ingar voru meira með boltann en Keflvíkingar fengu mun betri marktækifæri.

FH-ingar færðu sig eðlilega framar á völlinn eftir því sem líða tók á seinni hálfleik í örvæntingarfullri leit að marki til að opna leikinn aftur. Keflvíkingar voru hins vegar sem fyrr þéttir varnarlega og gáfu fá færi á sér en voru svo stórhættulegir þegar þeir sóttu hratt upp völlinn.

Það dró hins vegar til tíðinda á 88. mínútu þegar FH-ingar áttu þunga sókn að marki Keflavíkur og varamaðurinn Matthías Vilhjálmsson skoraði af stuttu færi.

Það voru hins vegar Keflvíkingar sem áttu síðasta orðið þegar Redo komst einn inn fyrir vörn FH-inga mínútu síðar og skoraði.

Lokatölur urðu því 3-1 og bikarmeistarar FH eru úr leik.

„Þegar við spilum eins og við spiluðum í þessum leik, þegar allir eru að leggja sitt af mörkum og berjast, þá náum við góðum úrslitum, svo einfalt er það. Við verðum bara að gera meira af því,“ sagði Guðmundur Steinarsson kátur í leikslok.

Atli Viðar Björnsson, framherji FH, var vitanlega ekki sáttur í leikslok. „Það er náttúrlega fúlt að við séum dottnir út úr bikarnum. Þetta var ekkert frábær leikur hjá okkur en heldur ekkert alslæmur,“ sagði Atli, sem kvað FH-ingana ætla að koma tilbúna á sunnudaginn þegar liðin mætast að nýju á Sparisjóðsvellinum, þá í deildinni. „Við ætlum að borga fyrir okkur á sunnudaginn, það kemur ekkert annað til greina,“ sagði Atli.

omar@frettabladid.is



ÓSÁTTUR Einar er ósáttur með hversu fá tækifæri hann fékk í undankeppni EM og ÓL. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Einar Hólmgeirsson:

## Gefur ekki kost á sér til Peking

HANDBOLTI Einar Hólmgeirsson hefur tilkynnt Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara að hann gefi ekki kost á sér í liðið á Ólympíuleikana í sumar. Einar ætlar að setja fjölskylduna í fyrsta sæti en hann á von á barni með konu sinni í byrjun ágúst. Einar segist einnig vera ósáttur við hversu fá tækifæri hann fékk með landsliðinu í undankeppni ÓL og HM.

„Ég var bara ósáttur við hvað ég fékk fá tækifæri þennan síðasta mánuð og ég vil miklu frekar vera heima hjá nýfæddu barni en að vera túristi þarna í Peking,“ sagði Einar meðal annars við Vísi í gærkvöld. Hann sagðist þó virða ákvörðun þjálfarans.

„Það er greinilega eitthvað sem þeir fíla ekki við mig, en það verður bara að hafa það. Það getur alveg eins einhver annar setið þarna á bekknum eins og ég, þó að ég telji mig nú geta hjálpað liðinu meira en ég hef fengið tækifæri til að sýna,“ sagði Einar.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði viljað hafa Einar í hópnum sem færi á ÓL. - hþh

Björgólfur Takefusa skoraði í sjöunda leiknum í röð og KR sló Fram út úr bikarnum:

# Gleymdu heitasta manninum í markteignum

FÓTBOLTI Sigurganga KR-inga hélt áfram á KR-vellinum í gær þegar þeir slógu nágranna sína í Fram út úr 16 liða úrslitum VISA-bikars karla með 2-0 sigri. Þetta var fimmti sigurleikur KR-liðsins í röð og einnig sá fimmti í röð sem liðið nær að halda marki sínu hreinu.

Framarar byrjuðu leikinn mun betur og áttu fínar sóknir í upphafi. En alveg eins og í deildarleiknum á dögunum tókst þeim ekki að nýta ágæt tækifæri í byrjun leiksins og þeir gáfu síðan eftir þegar leið á hálfleikinn.

KR-ingurinn Björgólfur Takefusa skoraði í sjöunda leiknum í röð þegar hann kom KR í 1-0 á 31. mínútu. Björgólfur var þá aleinn á markteignum eftir hornspyrnu. „Fyrsta markið var skelfilega klaufalegt því Björgólfur stendur bara aleinn og potar honum inn,“ sagði Reynir Leósson, fyrirliði Fram, eftir leikinn. Björgólfur sjálfur skildi heldur ekkert í varnartilþrifum Framara. „Það var enginn á mér í hornunum í fyrri hálfleik, ekki nema markvörðurinn, og ég hafði því frekar mikinn tíma. Það var kominn maður á mig í seinni,“ sagði Björgólfur.

Sjö mínútum síðar var staðan orðin 2-0 eftir að Viktor Bjarki Arnarsson opnaði markareikning sinn fyrir félagið.

Seinni hálfleikurinn var síðan eign KR-liðsins að mestu og Framarar voru aldrei líklegir til þess að koma aftur inn í leikinn.

„Það fjaraði undan þessu þegar þeir skoruðu og þeir skoruðu aftur eftir horn á okkur. Eins og síðast vorum við með leikinn í höndunum fyrsta hálftímann. Þegar þeir komast á bragðið þá eru þeir sterkir og við þurftum að fara út úr skipulaginu okkar. Það er síðan mjög erfitt að koma til baka á þessum velli,“ sagði Reynir Leósson, fyrirliði Fram.

„Ég get ekki hætt að skora meðan liðið er að spila svona vel,“ sagði Björgólfur, sem er að sjálfsögðu ánægður með gengi liðsins. „Það er frábært að ná að halda búrinu hreinu, það hefur verið stígandi í spilamennskunni en núna verður alltaf erfiðara og erfiðara að halda þessu gangandi. Ég vona að liðið haldi áfram að spila svona vel og vonandi verð ég líka sá leikmaður sem nær að setja boltann í markið,“ segir Björgólfur, sem spilar frammi með Guðjóni Baldvinssyni sem átti enn á ný flottan leik þótt hann hafi ekki náð að skora. „Guðjón hefur átt skilið að skora í öllum leikjunum sem hann er búinn að spila í sumar. Hann náði að skora tvö á móti HK og ég er pottþéttur á því að hann á eftir að skora miklu fleiri mörk í sumar. Það er frábært að spila með svona manni sem hleypur allar níutíu mínúturnar og er líka ógnandi allan tímann,“ sagði Björgólfur um Guðjón. - óój



TAKTAR Ívar Björnsson tekur bakfallsspyrnu í leiknum í gær, umkringdur mönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Ný Select stöð!

Við verðum í hátíðarskapi um helgina og bjóðum alla velkomna á nýja Select stöð á Laugavegi.

## Opið til 23:30 alla daga - bílalúga



kr. 99.-
Select vínarpylsa+ 0,4 l gos úr vél



2 fyrir 1
af ís frá Kjörís

kr. 10.-
afsl. af hverjum eldsneytislítra

made to move

KORTER.IS

Ath. tilboðin gilda 4.-6. júlí




Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International. AG

## > Ben Stiller

„Ég veit ekki hvað ég fæ mörg aðdáendabréf því ég læt aðra sjá um það fyrir mig. Satt að segja finnst mér aðdáendabréf hálfóhugnanleg. Þau láta mér líða eins og enhver sitji um mig." Stiller leikur í kvikmyndinni Night at the Museum sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SARA MCMAHON **ER LÖNGU BÚIN AÐ TÝNA ÞRÆÐINUM Í LÍFSHÁSKA**

# *Dularfullt hvarf ísbjarna af skjánum*

Sjónvarpsþátturinn Lífsháski, eða Lost eins og hann kallast upp á enska tungu, lofaði góðu þegar hann fór fyrst í loftið fyrir um fjórum árum. Líkt og flestir vita fjalla þættirnir um hóp fólks sem verður strandaglópar á undarlegri eyju. Á eyjunni búa einnig „Hinir" og nokkrir svangir ísbirnir og smátt og smátt fóru strandaglóparnir að týna tölunni. Þátturinn var svo spennuþrunginn að atriði í þættinum gætu hafa valdið óhug hjá börnum. Dularfullir atburðir áttu sér stað í hverjum einasta þætti og í lok hvers þáttar sat áhorfandinn eftir með hnútinn í maganum. Svo urðu atburðirnir enn dularfyllri og með tíð og tíma hætti ég að skilja hvað var að gerast í þáttunum yfirhöfuð. Samt er það nú þannig að ef ég sit við sjónvarpið á mánudögum klukkan níu horfi ég alltaf á Lífsháska, án þess þó að skilja upp né niður. Í Bretlandi er fólk sömu skoðunar og þar hefur þátturinn fengið nafnið The Lost Thread sem má þýða yfir í Týnda söguþráðinn á okkar ylhýra og finnst mér það í raun betra nafn á þessa hringavitleysu sem þátturinn er orðinn. Ofan á alla dularfullu atburðina hefur nú bæst tímaflakk og gamlar persónur hafa verið endurlífgaðar. Það sem mig langar að vita er: Hvað varð um ísbirnina? Voru þeir fluttir í sérútbúnum búrum í næsta dýragarð? Fengu þeir malaríu?

Þó að ég geti eytt löngum tíma í að reyna að átta mig á söguþræðinum í Lífsháska get ég eytt enn meiri tíma í að reyna að átta mig á því hvers vegna ég sit límd við skjáinn þegar þátturinn er í loftinu þrátt fyrir að botna ekki í neinu sem á sér stað þar. Kannski er ég enn að bíða eftir svari við hvarfi ísbjarnanna.



## EKKI MISSA AF



▶ **18.10** Ljóta Betty (Ugly Betty) SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10** Life Is Wild SKJÁREINN



▶ **20.35** Football Rivalries STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.45** Skins STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** While You Were Sleeping STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Landsmót hestamanna** (3:7) (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.25 Spæjarar** (18:26)
**17.47 Bangsímon, Tumi og ég**
▶**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) (9:23) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem fær vinnu sem aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Síðasti múrsteinameistarinn** (The Last Brickmaker In America) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2001 um mann sem reynir að sætta sig við eiginkonu- og atvinnumissi og vera um leið fyrirmynd 13 ára stráks. Aðalhlutverk: Sidney Poitier, Piper Laurie, Jay O. Sanders og Wendy Crewson.
**21.25 Leikurinn** (The Game) Bandarísk bíómynd frá 1997 með Michael Douglas og Sean Penn í aðalhlutverkum.
**23.30 Landsmót hestamanna** Stuttur samantektarþáttur frá Landsmóti hestamanna á Gaddstaðaflötum við Hellu.
**23.45 Eilíft sólskin hins flekklausa hugar** (Eternal Sunshine of the Spotless Mind) Bandarísk bíómynd frá 2004. Hjón láta eyða hvort öðru úr minni sínu þegar snurða hleypur á þráðinn í sambandi þeirra en átta sig þá á því að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Aðalhlutverk: Jim Carrey, Kate Winslet, Elijah Wood, Mark Ruffalo og Kirsten Dunst. (e)
**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Les triplettes de Belleville**
**10.00 Inspector Gadget**
**12.00 Night at the Museum**
**14.00 Failure to Launch**
**16.00 Les triplettes de Belleville**
**18.00 Inspector Gadget**
**20.00 Night at the Museum** Ævintýra- og gamanmynd með Ben Stiller í aðalhlutverki. Stiller leikur starfsmann á náttúrugripasafni þar sem hlutirnir lifna við.
**22.00 The Island**
**00.15 Evil Alien Conquerors**
**02.00 Special Forces**
**04.00 The Island**
**06.15 Everyday People**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Camp Lazlo, Tommi og Jenni.
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 'Til Death** (21:22)
**10.35 Notes From the Underbelly**
**11.10 Tim Gunn's Guide to Style** (1:8)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Neighbours**
**12.55 Wings of Love**
**13.40 Wings of Love**
**14.25 Derren Brown: Hugarbrellur**
**14.50 Friends** (7:24)
**15.25 Bestu Strákarnir** (35:50)
**15.55 Galdrastelpurnar** (15:26)
**16.18 Bratz**
**16.43 Smá skrítnir foreldrar**
**17.08 Ben 10**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons** (15:20)
**19.55 America's Got Talent** (10:12)
▶**21.00 While You Were Sleeping** Rómantísk gamanmynd með Söndru Bullock í aðalhlutverki. Lucy bjargar lífi draumaprinsins fyrir algjöra tilviljun. Í kjölfarið fellur kappinn í dá en hans stendur í þeirri meiningu að Lucy sé unnusta hans.
**22.40 House of Wax** Hrollvekja um sex vini sem verða strandaglópar í gömlum yfirgefnum bæ. Stórt og áhrifamikið vaxmyndasafn virðist þá dafna þar vel og vekur það upp grunsemdir hópsins. Áður en langt um líður kynnast þau tveimur bræðrum sem virðast vera mikið í mun að halda safninu sem áhrifamestu en það virðist vera á kostnað ferðamanna sem heimsækja þennan fáfarna og afskekkta stað.
**00.30 Danny Deckchair** Hugljúf mynd sem byggð er á sannsögulegum atburðum um vörubílstjórann Danny sem útbýr sér farartæki úr sólstól og helíumblöðrum.
**02.10 Casanova**
**04.00 La Vie Nouvelle** (A New Life)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**08.55 Formúla 1 2008 - Bretland** Bein útsending frá æfingum.
**12.55 Formúla 1 2008 - Bretland** Bein útsending frá æfingum.
**17.50 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**18.15 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**18.45 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.
**19.25 Formúla 1 2008 - Bretland** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Bretlandi.
**21.00 NBA körfuboltinn Boston - LA Lakers** Útsending frá úrslitakeppni NBA körfuboltans.
**23.00 Main Event (#9) - World Series of Poker 2007** Snjöllustu pókerspilarar heims setjast að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**23.50 Main Event (#10) - World Series of Poker 2007**

## 2 SPORT 2

**18.25 Bestu leikirnir**
**20.05 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
▶**20.35 Football Rivalries** Magnaðir þættir þar sem rígur helstu stórvelda Evrópu er skoðaður innan vallar sem utan. Í þessum þætti verður fjallað um ríg Arsenal og Tottenham ásamt því að kíkt verður til Króatíu og Zagreb skoðuð.
**21.30 10 Bestu - Ríkharður Jónsson** Sjötti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
**22.20 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**23.15 PL Classic Matches** Leeds - Newcastle, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**23.45 PL Classic Matches** Liverpool - Arsenal, 01/02.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.35 Vörutorg**
**16.35 Girlfriends**
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Dynasty**
**19.20 Kimora. Life in the Fab Lane** (e)
**19.45 Hey Paula** (e)
▶**20.10 Life is Wild** (3:13) Bandarísk unglingasería um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku. Gistiheimilið er loksins tilbúið fyrir fyrsta kúnnann en fjölskyldan áttar sig fljótt á því að reksturinn er meira mál en hún hélt í fyrstu. Katie fer í áheyrnarpróf fyrir söngleik og Jesse fær sér vinnu.
**21.00 The Biggest Loser** (3:13) Bandarísk raunveruleikasería. Núna fara liðin í siglingu með skemmtiferðaskipi þar sem freistingar eru á hverju strái. Þrautin þessa vikuna er að sjá um herbergisþjónustu um borð í skipinu og í húfi er heimsókn frá ástvinum.
**21.50 The Eleventh Hour** (10:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og pródúsentar á fréttaskýringaþætti. Yfirmenn stöðvarinnar eru ósáttir með áhorfið og ráða unga og glæsilega konu til að hafa yfirumsjón með framleiðslunni.
**22.40 Secret Diary of a Call Girl** (e)
**23.10 Law & Order: Criminal Intent** (e)
**00.00 The IT Crowd** (e)
**00.30 The Real Housewives of Orange County** (e)
**01.20 Dynasty** (e)
**02.10 Jay Leno** (e)
**03.00 Jay Leno** (e)
**03.50 Girlfriends** (e)
**04.15 Vörutorg**
**05.15 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Föstudagsþátturinn** Farið yfir fréttir liðinnar viku. Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.55**

### America's Got Talent



Spennan er farin að magnast í America's Got Talent. Tíu efstu keppendurnir eru mættir aftur, en í byrjun þáttarins detta tveir keppendur út vegna frammistöðu sinnar í síðustu viku. Hinir átta sem standa eftir leggja sig alla fram við að heilla bandarísku þjóðina til að tryggja sér áframhaldandi sæti í næstu viku og komast nær titlinum hæfileikaríkasta manneskja Bandaríkjanna.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Leikurinn (The Game)**
**Sjónvarpið kl. 21.25**

Leikurinn (The Game) er bandarísk spennumund frá 1997. Hér segir frá Nicholas Van Orton, auðugum bankamanni í San Francisco, sem fær einkennilega afmælisgjöf frá bróður sínum og verður ekki samur maður eftir það. Meðal leikenda eru Michael Douglas, Sean Penn, Deborah Kara Unger og Armin Mueller-Stahl.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sumarást
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Útvarpsleikhúsið: Nesti uppi á fjalli
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Táslur og tjull
**15.03** Útvarpssagan: Múrinn í Kína
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Mánafjöll
**21.10** Brjóstdropar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Viltu syngja minn söng?
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Ally McBeal** (2:23)
**17.45 Skins** (2:9)
**18.30 The Class** (13:19)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Ally McBeal** (2:23)
▶**20.45 Skins** (2:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**21.30 The Class** (13:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár.
**22.00 Bones** (14:15) Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth og þótt þau nái einkar vel saman í starfinu þá hefur spennan milli þeirra verið að magnast allt frá upphafi þáttanna.
**22.45 Moonlight** (6.16)
**23.30 ReGenesis** (4:13) Önnur sería þáttaraðar um framtíð þar sem mannkynið er farið að leika hlutverk skaparans. Fulltrúar NorBAC sem er sérdeild innan lögreglunnar í Toronto halda áfram að rannsaka vafasamar framfarir í líftækni og hafa hemil á óprúttnum vísindamönnum sem eru iðnir við að nýta sér DNA-vísindin í eigin þágu.
**00.20 Twenty Four 3**
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsd. Gestir: Ellý Ármanns, Guðrún Bergmann og Sverrir Stormsker.
**21.00 Hvernig er heilsan?** Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Guðmundur Jónss.
**21.30 Rétturinn** Umsjón: Laganemar HÍ. Bragi Dór Hafþórss. Guðbjörg Eva Baldursd., Eiríkur Jónss. Vilhjálmur Þórhallss. Jóhannes Stefán Ólafss.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.05** Med rygsæk **11.30** Kær på tur **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Last Exile **13.30** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Fredagsbio **15.40** Benjamin Bjørn **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.30** Sommervejret på DR1 **19.40** Trapped **21.20** Rollerball **22.50** Mørkets gerninger

## NRK 1

**9.55** Ut i naturen jukeboks **11.10** Sjukehuset i Aidensfield **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Asta-Marie, det er meg **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.15** Charlie og Lola **16.30** Safari Europa **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.00** Ville og vakre Kina **18.50** 20 spørsmål **19.15** Detektimen: BlackJack **20.45** Program ikke fastsatt **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nachspiel Wimbledon **21.35** Hotell Babylon **22.25** David Gilmour **23.25** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Dansk designer: Knud Holscher **12.50** Hollywoodredaktionen **13.15** Veronica Mars **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** I trädgården med Camilla Plum **15.30** Cowgirl **15.35** Bara blåbär **16.00** Charlie och Lola **16.15** Dra mig baklänges **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.45** Sune **17.15** Värsta vännerna **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Tre kärlekar **18.55** Om kärlek **19.00** Spartan **20.50** Grotesco **21.20** Rapport **21.30** Le Mans **23.15** Sändningar från SVT24




BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst gott að taka með mat af veitingastaðnum Ban Thai, enda er hann bara á næsta horni við heimili mitt. Svo finnst mér Eldsmiðjupitsurnar alltaf æðislegar.“*

Katrín Á. Johnson dansari

# Geir Ólafs helsta stjarna Innipúkans

„Já, það er frábært að fá þetta tækifæri. Grímur Atlason … hann er mikill listamaður og mikill heiður að fá að vera með á svona hátíð,“ segir Geir Ólafsson sem verður ein helsta skrautfjöður Innipúkans – innihátíðar sem haldin verður á Nasa um næstu verslunarmannahelgi.

Dagskráin liggur í meginatriðum fyrir. Þetta er sjötti Innipúkinn og til hans var stofnað upphaflega til að vera eins konar mótvægi við gleðipopp og útihátíðir. Þeir listamenn sem fram koma bera dám af því: Hjálmar, Megas, Dr. Spock, Hjaltalín, Benni Hemm Hemm, Dísa, Múgsefjun og svo Grjóthrun í Hólshreppi sem kemst á dagskrá í gegnum bullandi klíku. En þar er bassaleikarinn téður Grímur bæjarstjóri sem er jafnframt framkvæmdastjóri Innipúkans. Þegar önnur atriði eru skoðuð skýtur Geir Ólafs með sína ágætu big-band tónlist.

Grímur segir hins vegar frábært að fá Geir í hópinn, hann verði einn af hápunktum hátíðarinnar og Geir segir þetta misskiling að hann sé eitthvað illa í sveit settur þarna.

„Við eigum það sameiginlegt að vera öll tónlistarfólk. Og eigum það sameiginlegt að vera ólík innbyrðis. Það er mikill heiður fyrir mig að koma fram með þessu frábæra listafólki. Tækifæri sem ég get ekki látið fram hjá mér fara,“ segir Geir sem mun flytja eldra efni sem og kynna nýtt sem verður að finna á næstu plötu hans sem heitir Meira. Undirleikur verður af segulbandi en á útgáfutónleikum 12. september verður öllu til tjaldað með big-bandi og gestum.

- jbg



**GEIR ÓLAFS** Mikill heiður að koma fram með þessu frábæra listafólki.



LÁRÉTT
**2.** snap, 6. kringum, 8. hversu, 9. varkárni, 11. klaki, 12. gljái, 14. málmhúðun, 16. ætíð, 17. þrí, 18. hrópa, 20. bardagi, 21. svall.

LÓÐRÉTT
**1.** veltingur, 3. skammstöfun, 4. sundra, 5. lærir, 7. talsmaður, 10. mál, 13. veiðarfæri, 15. títla, 16. haf, 19. skammstöfun.

LAUSN

**LÁRÉTT:** 2. betl, 6. um, 8. hve, 9. gát, 11. ís, 12. glans, 14. plett, 16. sí, 17. trí, 18. æpa, 20. at, 21. rall.

**LÓÐRÉTT:** 1. rugg, 3. eh, 4. tvístra, 5. les, 7. málpípa, 10. tal, 13. net, 15. títa, 16. sær, 19. al.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. 20 stöðugildi.
2. 130.000 tonn.
3. Ungfónía.








**JÓN KYNNIR PETREU HUGMYNDIR SÍNAR** Hún er konan sem annaðhvort samþykkir nýstárlegar hugmyndir Jóns eða ekki og fer með þær lengra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

PETREA GUÐMUNDSDÓTTIR: GALÍLEÓ-AUGLÝSINGIN FÆR HÆSTU EINKUNN

# Konan sem temur Gnarrinn

„Þetta er með skemmtilegri fundum. Þegar Gnarrinn kynnir hugmyndirnar. Auðvitað eru ákveðnar hugmyndir sem ekki fara í gegn og okkur hefur tekist að veðja á þær réttu,“ segir Petrea Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri markaðssviðs Símans.

Mikil ánægja er ríkjandi innan Símans með viðbrögð við auglýsingum sem EnnEmm-auglýsingastofan hefur gert fyrir fyrirtækið, bæði „Júdasar-auglýsinguna“ og „Galíleó-auglýsinguna“ en maðurinn á bak við þær er Jón Gnarr. Í nýrri könnun sem gerð var á vegum Capacent, þar sem virkni auglýsinga er mæld, fá þessar auglýsingar frábæra einkunn.

„Við erum mjög ánægð með viðbrögðin sem fóru langt fram úr markmiðum okkar hvað varðar sölu og markaðsleg viðmið. „Galileó“ fær 7,0 í einkunn sem er hæsta einkunn sem fyrirtækjaauglýsing hefur fengið á þessu ári og 3. hæsta einkunn sem auglýsing hefur fengið frá því mælingar hófust árið 2002. Þar er verið að auglýsa 0 krónur á netið á kvöldin og salan á netlyklum var 300% umfram áætlanir,“ segir Petrea og þakkar það auglýsingunni. Hún bendir á að aðspurðir voru ekki aðeins ánægðir með auglýsinguna heldur var vitund um hvað var verið að auglýsa há; 92 prósent þeirra sem voru spurðir, á aldrinum 16-75 ára, vissu hvað var verið að auglýsa. Sem hlýtur, jú, að skipta máli.

Nokkurt hugrekki þarf til að stökkva á auglýsingahugmyndir sem eru nýstárlegar í hinu svokallaða fyrirtækjaumhverfi. Og Petrea er sú sem veltir því fyrir sér hvaða hugmyndir Jóns fara alla leið. Hún er ánægð með samstarfið og Jón einnig. Hann reyndar segist vita hvað klukkan slær í þeim efnum núorðið og bjóði Petreu ekki upp á neina vitleysu.

„Ég er orðinn nokkuð næmur á þetta í dag. Öfugt við þegar við Sigurjón Kjartansson fórum fyrir um 18 árum og töluðum við Sigurð G. Tómasson hjá Rás 2 og vildum gera útvarpsþátt. Hann spurði hvaða nafn við hefðum hugsað okkur á þáttinn og ég sagði blaðskellandi: „Uppi í rassgatinu á þér – alla sunnudaga“. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar,“ segir Jón sem var viss um að „Galíleó-auglýsingin“ myndi heppnast. En að hún yrði svona vel heppnuð er ánægjuleg uppgötvun. Og auglýsingin sé augnayndi af hálfu Saga film. Miklu skipti að fá umfjöllun meðal almennings og í fjölmiðlum. Og þá sé ekkert endilega málið að hneyksla heldur frekar vekja fólk til umhugsunar. „En maður reynir að fara á brúnina, jújú, það er áhugaverðara að horfa á mann sem gengur á línu yfir Niagarafossa en mann sem gengur á götu,“ segir Jón Gnarr sem nú hefur verið hjá EnnEmm í um ár. Og lætur vel af. „Það er notalegra í auglýsingaheimum en grínheimum.“ jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýjasta nýtt frá heilsudrottningunni **Jónínu Benediktsdóttur** er pólskt kollagen sem framleitt er úr sérstakri tegund af fiski sem veiðist í volgu vatni í Póllandi. Um er að ræða kraftaverkatöflur og gel sem yngir, gefur heilbrigt útlit og dregur úr liðverkjum – eykur heilbrigði hárs og nagla. Sjálf hefur Jónína notað þessa ótrúlegu vöru og segir í bréfi til skjólstæðinga sína, en þeim fjölgar stöðugt, að þrátt fyrir að vera oft spurð að því hafi hún ekki farið í andlitslyftingu og þakkar það heilsuvörum sínum.



Úrval erlendra poppara hefur miðast við eldri kantinn á Íslandi í sumar og þeir sem vilja sjá eitthvað yngra og ferskara verða að bregða sér út fyrir landsteinana. Þetta gera margir, til dæmis **Friðrik Ómar** sem ætlar að skella sér á tónleika með sjálfum **George Michael** í Toronto um miðjan júlí. Friðrik hefur lengi verið aðdáandi George Michael en aldrei séð hann á tónleikum fyrr.



**Einar Ágúst** er í góðu stuði þessa dagana og hamingjusamlega laus við ruglið sem hann var í um árið. Hann kemur oft og iðulega fram með **Vigni** í Írafári en hafnaði boði um að slást í hóp gömlu félaga sinna í Skítamóral sem hafa verið að skjóta saman nefjum að undanförnu. Einar Ágúst ætlar að gera nýja sólóplötu sem kemur út á næsta ári. Sú fyrri kom út fyrir síðustu jól og hét því útúrsnúningavæna nafni, Það er ekkert víst að það klikki. Gaman verður að sjá hvaða titil Einar býður upp á næst. Vonandi ekki Einar Ágúst 2!

- jbg/glh








# Allar íslenskar myndir á DVD

Allar íslenskar kvikmyndir verða gefnar út á DVD-diskum á næstu árum, að sögn Friðriks Þórs Friðrikssonar kvikmyndagerðarmanns. „Það er stefnan. Það tekur kannski tvö, þrjú ár,“ segir hann. Friðrik segir að verið sé að ganga frá málinu með Kvikmyndamiðstöð Íslands, enda sé mikilvægt að varðveita myndir og koma þeim á tölvutækt form.

Sjö kvikmyndir Friðriks Þórs koma einmitt út á DVD-diskum um þessar mundir. Þrjár þeirra, Englar alheimsins, Djöflaeyjan og Börn náttúrunnar, hafa verið gefnar út áður en hinar fjórar eru að koma út í fyrsta skipti. Þær eru Á köldum klaka, Skytturnar, Bíódagar og Rokk í Reykjavík.



**FRIÐRIK ÞÓR** Segir stefnu setta á að koma öllum íslenskum bíómyndum á DVD. Fjórar myndir Friðriks koma út á DVD í fyrsta sinn um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það eru alltaf túristar hringjandi heim til mín út af þessum myndum,“ segir Friðrik. Hann segir ýmiss konar fólk hafa hringt eða bankað upp á hjá honum. „Það eru svo margir búnir að sjá þetta og svo hefur þetta ekkert verið til úti heldur, nema á VHS-spólum. Nú er það að breytast og það er mjög ánægjulegt.“

Friðrik þykir vænst um að Bíódagar komi nú út á DVD, „því hún byggir á ævi minni. En annars er þetta bara eins og börnin manns, maður gerir ekki upp á milli. Mér þykir líka vænt um myndir þar sem fólk er farið frá manni, eins og margir af þessum gömlu leikurum, Gísli Halldórs, Sigríður Hagalín, Rúrik Haraldsson og Baldvin Halldórsson. Myndirnar verða svona minnisvarðar um fólk, ég tek það allavega þannig. Mér þykir vænt um myndirnar út af því, og fólkið lifir í þessum myndum.“

- þeb




# OPIÐ ALLA HELGINA!!!!

**FÖSTUDAG 12:00 - 19:30 / LAUGARDAG OG SUNNUDAG 12:00 - 18:00**

**NEXUS / HVERFISGATA 103 / 101 RVK / S. 552 9011 / nexus@nexus.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**MEST LESIÐ:**

- Glitnir og Byr sameinast síðar í mánuðinum
- Hlupu inn á flugvöll til að mótmæla brottflutningi Keníabúa
- Grímseyjarhrottinn á Litla-Hraun
- Meirihluti stjórnenda telur efnahagshorfur slæmar

visir.is
...ég sá það á visir.is




**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

## Sííís!

Ef þú smælar framan í heiminn þá smælar heimurinn framan í þig, söng Megas um árið og syngur víst enn í nýlegri auglýsingu frá Toyota. Þetta er góð speki og sett fram á svo miklu einfaldari hátt hjá meistara Megasi en hjá þeim sem reyndu að selja okkur „The Secret“-þvæluna. Það borgar sig að brosa, svo einfalt er það. Ætli maður að takast á við lífið með fýlusvip uppsker maður ekkert nema leiðindi.

**ÞEGAR** ég var yngri þóttu mér gamlar ljósmyndir af Íslendingum frekar niðurdrepandi. Það voru allir svo skelfilega alvarlegir á þeim, störðu svipbrigðalausir í myndavélina með samanbitnar varir eins og þeir væru nýbúnir að missa alla fjölskylduna úr svartadauða eða eitthvað þaðan af verra. Með tilkomu öflugri myndavéla gat fólk farið að brosa framan í linsuna og enn síðar lærðum við það af Ameríkönum að segja „sííís“. Hvað síðan gerðist er svolítið á reiki en einhverra hluta vegna er mikill fjöldi fólks (einkum kvenfólk) hættur að segja „sííís“ þegar smellt er af og segir þess í stað „mök“ eða „kjöt“ til að fá kynþokkafullan stút á varirnar. Það er varla hægt að fletta í gegnum fjölskyldualbúm eða skoða myndir á Facebook án þess að þessum undarlega myndasvip bregði fyrir. Hvað eiga komandi kynslóðir eftir að halda? Önnur hver manneskja er á svipinn eins og þorskur.

**AUÐVITAÐ** er við hinn illræmda tískuiðnað að sakast. Af myndum tískublaðanna má ráða að það sé ekki lengur í tísku að brosa. Fyrirsæturnar virðast forðast það í lengstu lög að kreista fram svo mikið sem brosvipru út í annað og stara þess í stað út í tómið, með undarlegum þjáningarsvip sem á víst að vera kynþokkafullur. Maður verður hálfþunglyndur af því að skoða tískuþættina enda ekki annað að sjá en að fyrirsæturnar sjálfar séu að sálast úr leiðindum – já, og hungri. Ólíkt stjörfum Íslendingunum á gömlu ljósmyndunum tekst þeim þó að hreyfa eins og þrjá andlitsvöðva með því að skjóta vörunum örlítið fram og búa til þennan eftirsóknarverða þorskamunnsvip sem allir reyna síðan að apa eftir.

**ÞETTA** er óskiljanlegt. Meira að segja drottning kynþokkans, Marilyn Monroe, brosti þegar kjóllinn fauk upp um hana en var ekki að rembast við að setja setja upp tilgerðarlegan hálfstút.

**MEÐ** speki Megasar í huga má hafa af þessu nokkrar áhyggjur. Við vitum að heimurinn smælar framan í þá sem brosa en hvernig fer fyrir þeim sem takast á við lífið með stút?

**GÓÐAN DAG!**
Í dag er föstudagurinn 4. júlí, 187. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.13 | 13.32 | 23.50 |
| Akureyri | 2.13 | 13.17 | 0.18 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


